














# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
13. ágúst 2011
187. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




### Segir syninum til
*Feðgarnir Garðar og Garðar Thór Cortes vinna saman að plötu sem kemur út í haust.*
**tónlist 54**

### Fengu fyrir hjartað í hruninu
*Óvenjumargar konur leituðu til bráðamóttöku vegna hjartans í bankahruninu.*
**heilsa 22**

### Fólk elskar að hata mig
*Hinn umdeildi Tryggvi Guðmundsson nálgast markamet efstu deildar í knattspyrnu óðfluga.*



**fótbolti 18**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Menning | Allt | Allt atvinna






**SUMARIÐ KVATT MEÐ SKRYKKDANSI** Sumarhátíð frístundaheimilis fyrir börn úr Öskjuhlíðarskóla fór fram í gær. Krakkarnir, sem eru á aldrinum sex til sextán ára, sáu sjálf um skemmtiatriðin en auk þeirra tróðu Vinir Sjonna upp. Á næsta skólaári munu krakkarnir hefja nám í Klettaskóla en hann varð formlega til í byrjun vikunnar þegar Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli voru sameinaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kjöt skortir en lítið flutt inn

**Skortur er á lamba-, nauta- og kjúklingakjöti. SVÞ hafa kært til umboðsmanns að ekki sé gefinn út kvóti á innflutt lambakjöt. Um fjórðungi minna var selt af lambakjöti innanlands í júlí árið 2011 en í júlí 2010.**

**NEYTENDUR** Kjöt skortir í verslunum landsins en á sama tíma kvarta innflutningsaðilar yfir auknum tollum á erlendar landbúnaðarvörur og því að leyfi séu ekki gefin út.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir nauta-, lamba- og kjúklingakjöt vanta í verslanir fyrirtækisins. „Þetta ástand, að lokað sé fyrir innflutning í þessu ástandi, er algjörlega út úr kortinu.“

Kristinn Skúlason, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir að í þrjár til fjórar vikur hafi verið viðvarandi skortur á betra lambakjöti. „Það er vissulega mikil eftirspurn. Við erum farin að reyna að úrbeina sjálf og setja í búðina til að anna henni.“ Hann segir innflutt nauta- og kjúklingakjöt anna eftirspurninni hvað það varðar.

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) segja ráðherra hunsa lagaskyldu sína með því að gefa ekki innflutningsleyfi á lambakjöt og hafa kært það til umboðsmanns Alþingis. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ, gagnrýnir Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fyrir fálæti í málinu. Í fyrrasumar hafi ítrekað verið óskað eftir auknum kjúklingakvóta en engin svör borist. Nú sé einfaldlega ekki gefinn út innflutningskvóti á lambakjöt, þó skýrt kveði á um slíkt í alþjóðlegum samningum.

„Við eigum ekkert svar við svo galinni stjórnsýslu annað en að senda þetta til umboðsmanns,“ segir Andrés. Hann sakar stjórnmálamenn um að hunsa málið. „Það segir enginn múkk. Pólitíkin þegir, allt kerfið þegir þó að einn ráðherra virði ekki landslög. Hvaða fordæmi setur það inn í samfélagið?“

Ný tilvik salmónellusýkinga hafa nýlega komið upp í eldishúsum Reykjagarðs, framleiðanda Holtakjúklings, og er því nauðsynlegt að farga 9.000 fuglum og urða í næstu viku.

Tölur frá Bændasamtökum Íslands sýna að sala á lambakjöti í júlí 2010 var 27,7 prósentum minni en í júlí 2011. Útflutningur jókst um tæplega 71 prósent á sama tíma.

Ekki náðist í Jón Bjarnason ráðherra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

- kóp, sv / sjá síðu 4










SPURNING DAGSINS



*Elísabet, þurfa landsmenn ekki að vara sig til að átakið haldist varanlegt næstu árin?*

Jú, því er ég alveg hjartanlega sammála.

Elísabet Sveinsdóttir er ein forsvarskvenna átaksins Á allra vörum. Söfnunin fór af stað í dag og er verið að safna fyrir nýju barnahjartasónartæki með sölu Dior-varaglossa.

Lögreglan í Bretlandi í viðbragðsstöðu vegna hugsanlegra óláta um helgina:

# 700 óeirðaseggir þegar ákærðir í London

**BRETLAND, AP** Lögregla í stærstu borgum Bretlands hafði mikinn viðbúnað á götum úti í gær vegna möguleika á að ólætin sem geisuðu í upphafi vikunnar gætu hafist á ný.

Um 700 manns hafa þegar verið ákærðir fyrir meinta glæpi eftir fjögurra daga upplausnarástand þar sem fimm létust og tugir meiddust í einhverjum alvarlegustu róstum seinni ára í Bretlandi.

Hundruð búða voru rændar, hús voru brennd og heilu hverfin voru marauð á meðan lögregla var að ná tökum á ástandinu. Loks fór að hægjast um þegar fjöldi lögreglumanna á götum London var þrefaldaður á þriðjudag og alls hafa nú 1.700 verið handteknir um land allt og margra er leitað. Meðal annars hafa verið birtar myndir af spellvirkjum og er vonast eftir ábendingum frá almennum borgurum.



**EFTRILÝSTIR** Lögregla hefur gripið til þess ráðs að birta myndir af meintum spellvirkum og vonast til að fá hjálp frá almenningi við að hafa uppi á þeim. NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisráðherrann David Cameron viðurkenndi að lögreglan réði ekki við ástandið í fyrstu. „Við vorum með allt of fáa lögreglumenn á götunum og við beittum ekki réttum aðferðum.“

Vandamálið er þó djúpstæðara en svo að hægt sé að vinna á því í einni svipan og hafa yfirvöld meðal annars leitað til Bandaríkjamannsins Williams Bratton eftir ráðgjöf. Bratton var lögreglustjóri í New York, Los Angeles og Boston og þótti ná miklum árangri í að vinna gegn upplausnarástandi líkt og því sem ríkt hefur í Bretlandi síðustu viku.

Í dag er rétt vika liðin frá því að ólætin hófust. Ástandið hefur verið með rólegra móti frá því á miðvikudag. - þj

Liðkað til í umferðinni:

## Frítt í strætó á menningarnótt

**SAMGÖNGUR** Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa ákveðið að bjóða frítt í strætó á menningarnótt.

Um 80.000 farþegar tóku strætó á menningarnótt í fyrra, sem er með því mesta sem almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu hafa flutt á einum degi frá upphafi. Með því að veita almenningi ókeypis strætisvagnaferðir er stuðlað að fækkun einkabíla, greiðari umferð, minni slysahættu og mengun og auknu öryggi gesta í miðborginni meðan á dagskránni stendur.

Áætlaður kostnaður vegna þessa er um 3,5 milljónir króna eða svipuð upphæð og í fyrra. - jss

Raðmorðingi í Cleveland:

## Dauðadómur fyrir 11 morð

**CLEVELAND, AP Raðmorðingi sem myrti ellefu konur í borginni Cleveland var í gær dæmdur til dauða fyrir glæpi sína. Anthony Sowell var handtekinn árið 2009 grunaður um að hafa beitt konu kynferðisofbeldi. Eftir það fundust jarðneskar leifar kvennanna víðs vegar í húsi hans og grafnar í lóðinni. Þær hurfu á árunum 2007 til 2009 og höfðu verið kyrktar og svívirtar.**



ANTHONY SOWELL

**Sowell, sem er 51 árs gamall, játaði glæpi sína, en baðst afsökunar í von um að sleppa við dauðadóm. Var meðal annars lögð áhersla á að hann hefði átt erfiða æsku og hafði einnig gegnt herþjónustu á sínum tíma.** - þj

# Priyanka dúxaði

**Nepalska stúlkan Priyanka Thapa varð efst í sínum bekk í verk- og raunvísindadeild Keilis. Hún fékk 9,03 í meðaleinkunn. Priyanka er komin í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Hún sótti um dvalarleyfi hér á landi en bíður nú eftir svari.**

**FÓLK** „Ég vissi að ég myndi fá ágætar einkunnir, enda lagði ég hart að mér, en ég bjóst aldrei við þessu,“ segir Priyanka Thapa, 23 ára Nepali, sem dúxaði í verk- og raunvísindadeild háskólabrúar Keilis en útskriftin fór fram í gær.

Námið á háskólabrú tekur eitt ár og klára nemendur sem samsvarar um 80 framhaldsskólaeiningum á þeim tíma. Nemendur sem fara hina hefðbundnu leið í framhaldsskóla ljúka 18-20 einingum á hverri önn ætli þeir að klára á réttum tíma.

Priyanka var með meðaleinkunnina 9,03, og hefur nú þegar fengið inni í lyfjafræði við Háskóla Íslands.

Priyanka hefur töluvert verið í fréttum síðustu mánuði eða frá því að hún sagði sögu sína í Fréttablaðinu um síðustu jól. Þar kom fram að ef hún fengi ekki dvalarleyfi á Íslandi biði hennar þrældómur í heimalandinu.

Móðir hennar, sem er einstæð, á orðið erfitt með að framfleyta sér og fötluðum syni sínum. Hún tók því til þess ráðs að gefa Priyönku fertugum manni sem hefur lofað að sjá fyrir fjölskyldunni. Priyanka hefur aldrei hitt manninn og vill heldur búa hér á landi og afla sér frekari menntunar.

Útlendingastofnun synjaði henni um dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum – taldi ekki nægar sannanir fyrir því að hún yrði neydd í hjónaband eða að hennar biði ómannúðleg eða vanvirðandi meðferð í heimalandi sínu. Ögmundur Jónasson átti fund með forsvarsmönnum stofnunarinnar og var mál Priyönku tekið upp að nýju.

„Nú ætla ég að senda mömmu bréf og segja henni að ég hafi dúxað í skólanum og sé komin inn í lyfjafræðina. Ég vona að hún skilji núna af hverju ég vil vera hérna áfram,“ segir Priyanka.

Hún á ekki til orð til að lýsa þakklæti sínu við alla þá sem hafa stutt hana á þeim tíma sem hún hefur dvalið hér.



**DÚXARNIR Í KEILI** Priyanka Thapa varð dúx við verk- og raunvísindadeild Keilis og Benedikt Rafnsson varð semídúx. MYND/VENNÝ

„Ég er svo þakklát öllu starfsfólkinu og öllum kennurunum hjá Keili, þau gáfu mér þetta tækifæri. Ég get heldur ekki lýst því hvað ég er þakklát fjölskyldu minni hér á landi, sem treysti mér og gaf mér innblástur, sem og öllum vinum mínum,“ segir Priyanka. kristjan@frettabladid.is

### Vinnur ekki innan tímamarka

Útlendingastofnun synjaði Priyönku um dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum í lok mars. Eftir fund með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra var mál hennar tekið upp að nýju og hún beðin um frekari gögn. Hún skilaði inn öllum gögnunum í júlí og bíður nú svars. Fram kom í fréttum Ríkisútvarpsins í gær að Útlendingastofnun getur ekki lengur farið yfir umsóknir um dvalarleyfi innan þeirra tímamarka, 90 daga, sem stofnuninni hafa verið sett. Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, sagði við RÚV að dæmi séu um að afgreiðsla umsókna hafi tekið ár. Stofnunin sé alltaf að ýta vandanum á undan sér. Sé umsókn lögð inn 1. júlí tekur stofnunin hana fyrir í október. Vanti eitthvað er umsækjanda sent bréf og honum gerð grein fyrir því hvað vantar. Berist þau gögn inn mánaðar byrjar annar þriggja mánaða frestur að líða. Til að stofnun geti unnið umsóknir á réttum tíma þyrfti fleira starfsfólk og meira fé.

Bíll endaði á húsvegg:

## Þrír slasaðir eftir árekstur

**LÖGREGLUMÁL Mjög harður árekstur varð í miðbænum á tíunda tímanum í gærkvöldi. Þrír slösuðust og voru ekki allir með meðvitund. Svo virðist sem bílstjórinn hafi misst stjórn á bíl sínum sem hafnaði á húsvegg á mótum Geirsgötu og Mýrargötu.**

**Lögreglumaður hjá lögreglunni á höfuborgarsvæðinu sagðist ekki hafa nánari upplýsingar um tildrög slyssins eða aðstæður á slysstað í samtali við Vísi. Hann sagði viðbúnað þó mikinn, búið væri að kalla til rannsóknardeild umferðarslysa og tæknideildir.**

Afreksmaður í vandræðum:

## Pissaði á 12 ára stúlku í flugvél

**BANDARÍKIN, AP** Átján ára piltur, Robert Vietze, hefur verið rekinn úr unglingalandsliði Bandaríkjanna í skíðaíþróttum fyrir að hafa kastað af sér vatni á 12 ára stúlku sem var með honum í flugvél fyrr í vikunni.

Samkvæmt skjölum lögreglu hafði Vietze drukkið fimm eða sex bjóra og tvær rommblöndur áður en hann steig upp í flugvélina. Hann ber sjálfur að hafa lognast út af í sæti sínu, en faðir tólf ára stúlku sagðist hafa staðið Vietze að verki.

Pilturinn mun sennilega ekki verða kærður fyrir ósiðsamlegt athæfi. - þj

LÖGREGLUMÁL

### Gaskútum stolið

Gaskútum var stolið á tveimur stöðum í borginni í fyrradag. Undanfarin ár hefur gaskútum verið stolið á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Eigendur ættu að gera ráðstafanir, ekki síst þeir sem eru með gaskúta á fellihýsum sínum.

HÓPKAUP.IS Í DAG

GO-KART „RACE“ FYRIR TVO OG FRÍTT Í POOL

3.990 kr.

GILDIR 48 TÍMA

Verð 14.000 kr. | Afsláttur 72% | Afsláttur í kr. 10.010 kr.

100 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

PIPAR\TBWA • SÍA

Race er það allra vinsælasta sem gokart-brautin hefur uppá að bjóða, keppni sem er hæfilega löng en ekki of stutt og allir hafa gaman af. Ef þú hefur gaman af því að láta adrenalínið flæða er þetta eitthvað fyrir þig.

www.gokart.is

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is



Reyndur veiðimaður segir lundavarp með allra besta móti í Grímsey:

# Lundi að leggja undir sig eyjuna

**DÝRALÍF** Lundavarp er með mesta móti í Grímsey að sögn Bjarna Magnússonar, fyrrverandi hreppstjóra, en hann hefur stundað lundaveiði til margra ára. Hann segir enn fremur að mikið sé um kríu þrátt fyrir nokkurt bakslag í varpi hennar í vor.

„Lundinn er að verða búinn að leggja undir sig gjörvalla eyjuna, það er eiginlega bara höfnin eftir,“ segir Bjarni.

Útlit var fyrir mikið kríuvarp í eynni í vor en árin tvö á undan var það með allra mesta móti. Þá gerði bakslag er það snjóaði í þrjá daga síðla í maí og í ofanálag barst öskufall frá gosinu í Grímsvötnum.

Veiðin hefur þó ekki gengið sérlega vel síðustu daga hjá Bjarna þar sem góðviðrið setti strik í reikninginn. „Í góðviðrinu heldur hann sig bara í sjónum svo það er engin leið að ná háfnum um hann,“ segir Bjarni.

Það er ekki víða sem slíku fuglalífi er að fagna en eins og flestir vita eru lundaveiðar bannaðar í ár í Vestmannaeyjum. Eins hefur krían átt erfitt uppdráttar víða á Suður- og Vesturlandi. - jse



**LUNDI Á FLUGI** Sjaldan hefur jafn mikið verið af lunda í Grímsey eins og nú, þeir eru nú komnir um nær alla eyjuna. MYND/FRIÐÞJÓFUR HELGASON



JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

## GENGIÐ 12.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,87 | 115,41 |
| Sterlingspund | 186,88 | 187,78 |
| Evra | 163,39 | 164,31 |
| Dönsk króna | 21,930 | 22,058 |
| Norsk króna | 20,839 | 20,961 |
| Sænsk króna | 17,673 | 17,777 |
| Japanskt jen | 1,4987 | 1,5075 |
| SDR | 183,73 | 184,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,4237

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Möguleg vatnaskil fram undan í forvali repúblikana fyrir forsetakosningar:

# Rick Perry gæti skákað Romney

**IOWA, AP** Rick Perry fylkisstjóri í Texas er talinn líklegur til að gefa loks kost á sér í forvali repúblikana fyrir forsetakosningarnar á næsta ári eftir mánaða vangaveltur. Verði af því, þykir stjórnmálaskýrendum líklegt að hann komist strax í hóp þeirra sigurstranglegustu.

Sem stendur hefur Mitt Romney forystu í flestum viðhorfskönnunum og þar á eftir eru Michele Bachmann og Tim Pawlenty. Hópurinn að þessu sinni þykir ansi þunnskipaður og ólíklegt að nokkur þar muni geta velt Barack Obama úr forsetastólnum.


RICK PERRY

Romney hefur ekki enn náð að sannfæra repúblikana um ágæti sitt þar sem hann, í tíð sinni sem fylkisstjóri Massachusets, stóð meðal annars fyrir umbótum í heilbrigðismálum, sem þykja full líkar þeim sem demókratar komu í gegnum þingið í fyrra, íhaldsmönnum til lítillar gleði.

Perry gæti hins vegar komið sterkur inn, en margt getur gerst á þeim fimm mánuðum sem eru í fyrstu forkosningarnar.

Athyglisvert verður þó að fylgjast með tilraunakosningu sem fer fram í Iowafylki í dag. Þó að hún hafi ekkert að segja opinberlega, gæti verið að einhverjir myndu heltast úr lestinni í ljósi slæmrar útkomu þar. - þj

Neyð í Sómalíu eykst enn:

# Kólerufaraldur gæti blossað upp

**SÓMALÍA, AP** Kólerufaraldur blasir við á neyðarsvæðunum í Sómalíu þar sem óhreint vatn og ófullnægjandi hreinlætisaðstaða er gróðrarstía fyrir sjúkdóminn. Hundruð þúsunda barna glíma nú við næringarskort á svæðinu og eru viðkvæm fyrir áföllum.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir margt gefa til kynna að hætta sé á að kólera láti á sér kræla. Þegar hafa hátt í 200 látist af völdum niðurgangs í höfuðborginni Mógadisjú. - þj



**ELSKENDUR** Kvíðameðferðarstöðin mun byrja með námskeið fyrir fólk í makaleit á næstunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýtt námskeið hjá KMS:

# Námskeið fyrir fólk í makaleit

**SAMFÉLAGSMÁL** Kvíðameðferðarstöðin hefur nú sett á laggirnar námskeið fyrir fólk í makaleit. Á vefsíðu samtakanna segir að á námskeiðinu sé farið í hvar og hvernig kynnast megi öðrum, samræðulist, líkamstjáningu og samskipti kynjanna. Þá sé einnig farið yfir daður, mörk, kynlíf og fleira.

Þátttakendur fá aðstoð við að átta sig á hvað þeir vilja og þurfa í fari maka og hvernig þeir geti borið sig eftir því. Þá verður farið í hlutverkaleik. Námskeiðið stendur yfir í átta vikur. - sv

## ÖRFRÉTT

### Fjölskylda í sjáfheldu

Björgunarsveitin Hérað frá Egilsstöðum kom hjónum með tvö börn til bjargar í gær þegar þau þorðu hvorki upp né niður í kletti í Hettinum ofan við Skógarvelli. Börnin eru fimm og átta ára og komust allir heilir heim. Til gamans má þess geta að dalurinn Hjálpleysa er ekki langt frá.

## LEIÐRÉTTING

Rangur ljósmyndari var tilgreindur með myndinni af árekstri rútu tékkneskrar ferðaskrifstofu við jeppa á blaðsíðu 6 í fimmtudagsblaðinu. Ljósmyndarinn heitir Dagur Bragason.

# Verðið hækkar í kjötskorti

**Heimildir ráðherra til úthlutunar tollkvóta eru til endurskoðunar. Verð á kjöti til verslana hefur hækkað umfram verðlag. Tollar á innfluttar landbúnaðarvörur hækkuðu mikið við breytingar árið 2009.**

**NEYTENDUR** Tollar á erlendar landbúnaðarvörur hækkuðu mikið við kerfisbreytingu sem gerð var árið 2009. Þá var hætt að miða tolla við magn og farið að miða við verð. Umboðsmaður Alþingis hefur úrskurðað að heimildir ráðherra til undanþágu á tollum stangist á við stjórnarskrá.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að það álit sé til skoðunar í ráðuneyti hans, en tollamál falla undir það. Haft verði samráð við tollstjóra eftir þörfum og viðbrögð ráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði samræmd.


BJARNI HARÐARSON


ANDRÉS MAGNÚSSON

Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi síðarnefnda ráðuneytisins, segir að þar á bæ sé álitið til vandlegrar skoðunar. Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, segir að nefndin muni fjalla um efni álitsins.

Bjarni segir að á meðan lögin séu eins og þau eru og fyrirlegur dómsúrskurður hafi ekki ógilt þau sé ekki að fullu ljóst hvort ráðuneytið hafi svigrúm til að starfa eftir öðru en settum lögum.

Fyrirtækið Innnes óskaði eftir endurtollun á 100 tonnum af nautakjöti í kjölfar álits umboðsmanns. Páll Hilmarsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs fyrirtækisins, segir að breytingin á tollunum hafi skaðað innflutning. „Það verður nánast ókleift að nýta þá kvóta sem við höfum rétt á samkvæmt samningum ríkisins við ESB og Alþjóðaviðskiptastofnunina."

Borið hefur á kjötskorti í sumar og segja forsvarsmenn Haga og Krónunnar að þar vanti kjöt. Í Krónunni hafa menn gripið til þess ráðs að úrbeina lambakjöt í versluninni, en yfirvofandi skortur sé á fínna lambakjöti.

Bjarni segir að ráðuneytinu hafi ekki borist staðfestar upplýsingar um kjötskort. Allt slíkt sé þó tekið alvarlega.

Tölur frá Bændasamtökum Íslands sýna að sala á lambakjöti innanlands í júlí 2010 var 27,7 prósentum minni en í júlí 2011. Útflutningur jókst um tæplega 71 prósent á sama tíma.

Verð frá afurðastöðum til verslana hefur hækkað langt umfram verðlag, að sögn Andrésar Magnússonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu. Frá júní 2010 til júní 2011 hefur verð á eggjum hækkað um 21 prósent, á kjúklingum um 19 til 26 prósent, á nautakjöti um 25 til 28 prósent og á svínakjöti um 36 til 37 prósent."

kolbeinn@frettabladid.is
sunna@frettabladid.is

**Dæmi um áhrif tollabreytinganna á nautakjöt**

| Komið heim | | Tollur | Heildar verð |
|---|---|---|---|
| 2007 | 1.125 | 492 | 1.617 |
| 2008 | 1.125 | 609 | 1.734 |
| 2009 | 1.125 | 1143,56% | 2.414 |

**28%** Minna lambakjöt seldist innanlands í júní árið 2011 en í sama mánuði árið 2010.



**RÉTTIR** Sala á lambakjöti innanlands var 27,7 prósentum minni í júní 2011 en í sama mánuði 2010. Útflutningur jókst um rúmlega 70 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Aukinn innflutningur kallar á breytingar

Hildur Traustadóttir, framkvæmdastjóri Félags kjúklingabænda, segist ekki vita annað en íslenskir framleiðendur anni eftirspurn. Hún telur ekki vera skort á kjúklingakjöti, en sala á kjöti hafi minnkað undanfarið.

Spurð hvort hún telji að réttast væri að auka innflutning á erlendum kjúklingaafurðum, svarar Hildur að nauðsynlegt sé að gæta þess að íslenskir kjúklingaframleiðendur njóti þá sömu kjara og þeir erlendu.

„Við verðum að gæta þess að jafnræðisregla verði viðhöfð. Það eru afar sterkar heilbrigðiskröfur hér á landi, mikil einangrun og því geta neytendur treyst að kjötið sé heilbrigt. Erlendis gilda aðrar reglur," segir Hildur.

Hún nefnir þar sérstaklega að hér á landi sé 10 prósenta hámarkshlutfall af aukavatni í bringum til að fylla þær upp, erlendis sé það 20 prósent. „Ef innflutningur eykst ætti sama prósentutala að eiga við hér," segir hún. „En þá breytist markaðurinn. Ég er ekki viss um að íslenskir neytendur vilji fá þetta yfir sig – að fá bringur með 20 prósenta vatnshlutfalli. En ef til þess kemur verðum við að fá að njóta sömu reglna og þær þjóðir sem við erum að kaupa af."

## Kæra stjórnsýslu

Samtök verslunar og þjónustu hafa sent kæru til umboðsmanns Alþingis þar sem ekki hafi verið gefinn út innflutningskvóti á lambakjöt. „Þetta er eins hreint og tært og það getur verið, þetta er beinlínis lagaskylda ráðherra," segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri samtakanna.

Bjarni Harðarson segist ekki hafa fregnað af kærunni. „Það er mjög eðlilegt að Samtök verslunar og þjónustu kanni sína stöðu í þessum efnum, en það hefur ekki verið talin þörf á því til þessa að gefa út innflutningstolla í lambakjöti."

15% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint

2 mg 210 stk.
Nú kr. 4.278.-

Tilboðið gildir til 20. september n.k.




SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b - Sími 551 7234 - Opið mánudaga - föstudaga kl. 9-18

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BREYTINGAR** Vaxandi norðaustanátt á landinu, hvassast suðaustast og fer að rigna á Suðaustur- og Austurlandi eftir hádegi. Þurrt og bjart vestra um helgina en mun blása heldur meira á morgun. Kólnar heldur norðan til en milt í veðri syðra.



**Á MORGUN** 8-13 m/s V-til annars yfirleitt hægari.

**MÁNUDAGUR** Víðast 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 20° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



6.990,-

10 ltr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Útimálning Húsasmiðjan 10 ltr.**
Góð útimálning á steinsteypta fleti utanhúss.
Gljástig 5.
7207040

GORI 44+ VIÐARVÖRN
30% afsláttur

Tilboð
6.995,-
~~9.995,-~~

**Viðarvörn Gori 44+**
**5 ltr.**
7042527

# LÆGRA VERÐ
## FYRIR HEIMILIÐ



RÝMINGARSALA
Allar trjáplöntur og garðrósir
70% afsláttur

Hansarós

Birkikvistur

blómaval heillandi heimur



RÝMINGARSALA
Allar ferðavörur
40% afsláttur



79.900,-

1200 snúninga
Orkunýting A
Mörg sérkerfi

**Þvottavél**
EWF126410W. 1200snúninga.
6kg.
1805477

Electrolux
5 ára ábyrgð

99.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Amica
5 ára ábyrgð
**Ofn og helluborð**
Sett. Hvítt
1850495

**Sturtutæki, hitastýrt**
7900030

13.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

KAINDL

1.249kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Eik 3ja stafa**
8mm plastparket frá Austurríki.
147049

Látum verkin tala!

FÁÐU AFSLÁTT AF 40.000 VÖRUM STRAX Í DAG
KJARA KLÚBBUR %
**Skráning á www.husa.is**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## KJÖRKASSINN



*Myndir þú treysta minnihlutanum í borgarstjórn fyrir rekstri Reykjavíkurborgar?*

| | |
|---|---|
| Já | 53,8% |
| Nei | 46,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er réttlætanlegt að hækka innflutningstolla til að vernda innlendan landbúnað?*

Segðu þína skoðun inni á visir.is Vísir

Fjármála- og fjármögnunarfyrirtæki hafa leyst til sín fjölda íbúða:

# Tæplega 1.500 íbúðir standa auðar

**FASTEIGNIR** 1.360 íbúðir í eigu fjármögnunarfyrirtækja standa auðar á Íslandi. Sjö hundruð og fimmtíu eru leigðar út en alls eiga fjármögnunarfyrirtækin meira en 2.100 íbúðir um allt land. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Frá því í október 2008 hafa fjármála- og fjármögnunarfyrirtækin, eða félög sem stofnuð voru utan um eignir þeirra, leyst til sín húsnæði margra þeirra sem ekki gátu staðið í skilum. Margar eignir hafa verið seldar, sumar eignir eru í útleigu til gerðarþola eða leigjenda þeirra, en aðrar eignir standa auðar.

Arion banki á 66 íbúðir, Íslandsbanki á 167 íbúðir, Landsbankinn á 230 íbúðir, Drómi, sem er félag sem stofnað var utan um eignir Spron og Frjálsa fjárfestingabankans, á 250 íbúðir en Íbúðalánasjóður á 1.385 íbúðir.

Í dag eiga því fjármála- og fjármögnunarfyrirtækin rúmlega 2.100 íbúðarhúsnæði á Íslandi. Hluti þessara fasteigna er hins vegar óíbúðarhæft húsnæði sem er einungis fokhelt eða á byggingarstigi. Hlutfall þeirra fékkst ekki uppgefið.

Fyrirtækin hafa hins vegar lánað út hluta af þeim íbúðum sem þau hafa leyst til sín til gerðarþola eða þeirra leigjenda sem voru í íbúðinni en samtals eru tæplega 750 leigusamningar í gildi í dag.

Eftir standa því 1.360 íbúðir auðar eða á byggingarstigi í eigu fjármála- og fjármögnunarfyrirtækjanna á Íslandi. **- jmi**




**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Íbúðalánasjóður á 1.385 íbúðir, mest allra fjármála- og fjármögnunarfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## Tilkynning um starfslok

Við undirritaðir, heimilislæknar í Domus Medica, hættum störfum þann 31. ágúst n.k.

Um leið og við þökkum góð samskipti við samlagsfólk okkar, vekjum við athygli á, að tveir heimilislæknar munu hefja störf í Domus Medica 1. september og mun tilkynning berast frá þeim fljótlega.

Sigurður Jónsson læknir
Guðmundur Elíasson læknir


# Hjá okkur er komið nóg segir forstjóri LSH

**Niðurskurður hjá Landspítalanum hefur verið 23 prósent síðan kreppan skall á. Björn Zoëga forstjóri segir að hætta verði að veita vissa þjónustu ef halda eigi áfram að skera niður. Segir enga stofnun hafa þurft að skera jafnmikið niður.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn mun þurfa að skera niður þjónustu og hætta að veita vissa þjónustu ef halda á áfram að skera niður. Þetta skrifaði Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, í pistli á vefsíðu spítalans í gær.

„Ég hef sagt það áður að við værum alveg komin að brúninni. Nú er krafa á velferðarráðuneytið um 1,5 prósenta niðurskurð. Það finnst mörgum ekki mikið og telja jafnvel að skera ætti meira niður í þessum málaflokki en hjá okkur er komið nóg,“ segir forstjórinn í viðtali við Fréttablaðið.

Hann kveðst leyfa sér að fullyrða að engin önnur stofnun hafi þurft að skera jafnmikið niður og Landspítalinn síðan kreppan skall á. Niðurskurðurinn hafi numið 23 prósentum.

„Heildarútgjöld, sértekjur ekki reiknaðar með, hafa frá árinu 2008 lækkað um 8.608 milljónir á verðlagi ársins 2010. Þarna er búið að taka til hliðar svokölluð S-merkt lyf sem Sjúkratryggingar tóku yfir árið 2009.“

Björn segir starfsmenn Landspítalans hafa verið 5.218 í janúarlok 2009. Í lok maí síðastliðins hafi þeir verið 4.627 og sé það 11,5 prósenta fækkun jafnvel þótt síðastliðið ár hafi verið tekið við starfsemi og starfsmönnum St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði.

„Þetta allt höfum við gert án þess að sjáanlegur munur sé á þjónustu við sjúklinga eða að biðlistar hafi lengst. Við höfum breytt þjónustustiginu en ekki nema að litlu leyti minnkað framleiðsluna á spítalanum. Sem dæmi um slíkt má nefna að sjúklingar sem áður lágu inni í tvo til þrjá daga liggja núna yfir daginn eða í einn sólarhring. Það er lagt meira á sjúklingana eða aðstandendur og kannski umhverfið. Það er ekki hægt að veita alveg það sama en við höfum samt getað hugsað um sjúklingana á öruggan hátt,“ segir forstjórinn.

Hann getur þess að tvær meginástæður séu fyrir niðurskurðinum. Önnur sé áralangur hallarekstur sem ekki hafi tekist að snúa við fyrr en á síðasta ári. „Hin er gengisfall krónunnar, í kjölfar kreppunnar, sem kom sérlega hart niður á LSH þar sem stór hluti innkaupa spítalans á rekstrarvörum og lyfjum var í erlendri mynt, eftir alþjóðleg útboð.“ **ibs@frettabladid.is**



**Á BRÚNINNI** Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, kveðst leyfa sér að fullyrða að engin önnur stofnun hafi þurft að skera jafnmikið niður og Landspítalinn síðan kreppan skall á. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Ég hef sagt það áður að við værum alveg komin að brúninni.
>
> **BJÖRN ZOËGA**
> FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS.


# SKRIFBORÐ
og bókahillur!
















CD - og bókahillur í úrvali

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is


Sóttvarnalæknir ítrekar mikilvægi þess að gæta fyllsta hreinlætis:

# Fleiri sýkjast af kampýlóbakter

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi kampýlóbaktersýkinga í mönnum hefur aukist síðastliðnar vikur samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítala, að því er fram kemur á heimasíðu landlæknisembættisins.

Að sögn sóttvarnalæknis er aukningin í júlímánuði og í fyrri hluta ágústmánaðar aðallega vegna sýkinga af innlendum uppruna. Engin tengsl eru á milli sýkinganna og þar af leiðandi er ekki um hópsýkingu að ræða. Fólk á öllum aldri, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, hefur veikst.

Uppruni sýkinganna er ekki augljós en að líkindum berst bakterían í menn ýmist úr umhverfi eða matvælum. Árleg sveifla með auknum fjölda kampýlóbaktersýkinga í júlí og ágúst er vel þekkt bæði á Íslandi og í öðrum vestrænum ríkjum.

Sóttvarnalæknir vill ítreka mikilvægi þess að gæta fyllsta hreinlætis við meðhöndlun matvæla svo smit berist ekki á milli þeirra, og að gegnumsteikja eða grilla kjúkling vel. Einnig er rétt að tryggja gæði yfirborðsvatns sem er notað til neyslu. **- jss**

**Fjöldi kampýlóbaktersýkinga 2007 - 2011**

| Mán | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| Jan | 1 | 0 | 1 | 2 | 1 |
| Feb | 2 | 1 | 1 | 1 | 3 |
| Mars | 0 | 0 | 0 | 2 | 4 |
| Apr | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Maí | 3 | 13 | 3 | 1 | 4 |
| Júní | 4 | 2 | 7 | 4 | 4 |
| Júlí | 16 | 7 | 21 | 4 | 10 |
| Ágú | 7 | 5 | 5 | 7 | 7 |
| Sep | 0 | 2 | 0 | 1 | - |
| Okt | 6 | 0 | 1 | 0 | - |
| Nóv | 0 | 5 | 1 | 1 | - |
| Des | 2 | 0 | 1 | 0 | - |
| **Samtals** | 41 | 36 | 42 | 24 | 34 |

Heimild: Sóttvarnalæknir Ágúst 2011


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. Vísir







## Steindinn áritar!

Steindinn okkar tekur lagið og áritar plötuna sína fyrir framan Hagkaup í Kringlunni kl. 14:30 og Hagkaup Smáralind kl. 16:30 í dag.

KR. 2.499




KR. 2.499




KR. 2.499




KR. 2.499




KR. 2.499




KR. 3.199

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

ATH: Gildir til 16. ágúst á meðan birgðir endast.

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er höfundur skáldsögunnar Svar við bréfi Helgu sem ratar á fjalir Borgarleikhússins í vetur?

2 Hve miklu tapaði N1 á árinu 2010.

3 Í hvaða sæti er íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu á styrkleikalista FIFA?

SVÖR:

1. Bergsveinn Birgisson 2. Tæpum 12 milljörðum 3. 121. sæti

Rúmlega 80 kaupsamningnum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í vikunni:

# Færri samningar en í meðalviku

**FASTEIGNIR** Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu í þessari viku var 82. Þetta er nokkuð undir meðaltali síðustu 12 vikna sem eru 94 samningar á viku.

Þetta kemur fram á vefsíðu Þjóðskrár Íslands. Af þessum 82 samningum voru 66 samningar um eignir í fjölbýli, fimmtán samningar um sérbýli og einn samningur um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði.

Heildarveltan var 2.547 milljónir króna og meðalupphæð á samning 31,1 milljón króna.

Í vikunni var tveimur kaupsamningum þinglýst á Suðurnesjum. Þeir voru báðir um sérbýli. Heildarveltan var 41 milljón króna og meðalupphæð á samning 20,3 milljónir króna.

Á sama tíma var átta kaupsamningum þinglýst á Akureyri. Þar af voru sex samningar um eignir í fjölbýli, einn samningur um sérbýli og einn samningur um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði. Heildarveltan var 129 milljónir króna og meðalupphæð á samning 16,1 milljón króna.



**AF HÖFUÐBORGINNI** Meðalupphæð á hvern kaupsamning á höfuðborgarsvæðinu er 31,1 milljón króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjálparstarf UNICEF:

## 531 tonn til Austur-Afríku

**HJÁLPARSTARF** Það sem af er mánuði hefur UNICEF sent 531 tonn af hjálpargögnum til þurrkasvæðanna í Austur-Afríku. Um er að ræða matvæli eins og hnetumauk og orkustangir, en einnig lyf, bóluefni, vatnshreinsibúnað og tjöld svo eitthvað sé nefnt.

Í síðasta mánuði voru 1.300 tonn flutt til Sómalíu, auk þess hafa gögn verið flutt til annarra landa á svæðinu. UNICEF þarf á stuðningi almennings að halda enda er áætlað að útvega 5.000 tonn til viðbótar næsta hálfa árið. - þj

Danski þjóðarflokkurinn:

## Sigar lögreglu á læknamóttöku

**DANMÖRK** Læknafélagið, Rauði krossinn og Flóttamannahjálpin í Danmörku opna innan skamms læknamóttöku fyrir útlendinga sem dvelja ólöglega í landinu.

Yfirborgarstjórinn í Kaupmannahöfn, Frank Jensen, hefur lagt blessun sína yfir læknamóttökuna. „Um götur Kaupmannahafnar gengur fólk með sjúkdóma sem það hefur ekki fengið meðferð við, eins og sykursýki, hjartakvilla, berkla og lungnabólgu. Slíkt gengur ekki,“ segir borgarstjórinn. Lise-Lott Blixt, talsmaður Þjóðarflokksins í heilbrigðismálum, hvetur lögregluna til að handtaka þá sem koma á læknamóttökuna. - ibs

Týnd síðan 1. ágúst:

## Sænskrar konu leitað víða

**SVÍÞJÓÐ Þrítug sænsk kona, Jenny Person, hefur verið týnd frá 1. ágúst síðastliðnum. Óttast er að henni hafi verið rænt.**

**Sænska lögreglan hefur fengið einhverjar ábendingar vegna hvarfsins en engin hefur borið árangur. „Við getum ekki staðfest að glæpur hafi verið framinn en við finnum enga náttúrulega skýringu,“ sagði lögreglumaður í gær.**

**Person hafði sagst vera á leið í vinnuna daginn sem hún hvarf, en eftir hvarfið kom í ljós að hún hafði ekki unnið þar undanfarið ár. Lögregla hefur nú lýst eftir henni um allan heim.** - þeb

# Sameina og selja þarf litlu ríkissparisjóðina

**Hjá Bankasýslu ríkisins er enn talið að selja og sameina þurfi litlu ríkissparisjóðina. Stjórnarmenn fara nú yfir stöðuna. Sameiginlegur kostnaður, svo sem upplýsingakerfi, er dýr. Fjármálaráðherra leggst ekki gegn sparisjóðasölu.**

**EFNAHAGSMÁL** Framtíð þeirra fimm sparisjóða sem ríkið á hlut í er til skoðunar hjá Bankasýslunni.

Ákveðið hefur verið að setja hlutinn í Sparisjóði Svarfdæla í opið söluferli og allt bendir til að hið sama verði gert við hlutinn í Sparisjóði Norðfjarðar.

Hjá Bankasýslunni er vilji til að selja ríkishlutina og helst að sameina sjóðina. Elín Jónsdóttir, fráfarandi forstjóri Bankasýslunnar, rifjar upp að þetta hafi verið lagt til í vor, að sameina þessa fimm og einnig þá fimm sparisjóði sem ríkið á ekki hlut í.

„En það voru engar undirtektir hjá sparisjóðunum. Þeir vildu búa til þrjá til fimm sparisjóði í staðinn, sem hefði ekki haft neina þýðingu að okkar mati,“ segir hún.

Síðan fólk frá Bankasýslunni settist í stjórnir sparisjóðanna í vor hafi það svo farið yfir hvað væri til ráða til að koma rekstri þeirra í betra horf.

„Og það er það sem er að gerast núna,“ segir Elín og vísar til ákvarðana stjórna fyrrnefndra tveggja sparisjóða.

Hún jánkar því að sameinleg yfirbygging, svo sem upplýsingatæknifyrirtækið TERIS, sé sparisjóðunum þung í róðri, sér í lagi eftir að Byr og SpKef hættu þátttöku. Erfitt verði fyrir litlu félögin að reka kerfið í óbreyttri mynd.

Ákvörðun Bankasýslu um sölu á hlut ríkisins í Sparisjóði Svarfdæla var tekin í sömu viku og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í Fréttablaðinu að ekki stæði til að selja sparisjóðina.

Steingrímur segir málið byggt á misskilningi. Hann hafi verið að svara spurningu blaðsins um hvaðan tekjur eigi að koma í ríkiskassann. Ekki sé gert ráð fyrir að óverulegir eignarhlutir ríkisins í sparisjóðunum skili miklum söluhagnaði, verði þeir seldir.

„En ef það koma óskir um það í sparisjóðunum að leita samstarfs við aðra aðila og mögulega selja hlut ríkisins, þá er það alveg opið. Það er ekki markmið að hanga á þeim eignarhlutum ef aðrir eigendur finnast, ég tala ekki um ef það eru heimaaðilar, þá leggjumst við ekki gegn slíku,“ segir hann: „En við erum hins vegar ekki komin að því að ræða slíkt á grundvelli frumkvæðis frá ríkinu.“

klemens@frettabladid.is



**SPARISJÓÐUR VESTMANNAEYJA** Ríkið á 55,7 prósent í Sparisjóði Vestmannaeyja. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

**Ríkissparisjóðir:**

| | Eignahlutur ríkisins |
|---|---|
| Sparisj. Bolungarvíkur | 90,9% |
| Sparisjóður Norðfjarðar | 49,5% |
| Sparisjóður Svarfdæla | 90% |
| Sparisj. Vestmannaeyja | 55,7% |
| Sparisjóður Þórshafnar | 75,8% |

19 ára Vestfirðingur slasaðist:

## Hryggbrotnaði á Benidorm

**SLYS Nítján ára íslenskur menntaskólanemi hryggbrotnaði fyrr í vikunni á Benidorm þar sem hann var í skólaferðalagi.**

**Fréttavefurinn Bæjarins besta greinir frá því að pilturinn, sem er nemandi við Menntaskólann á Ísafirði, hafi fallið úr töluverðri hæð þegar hann var á leið á hótelið sem hópurinn gistir á.**

**Móðir hans segir í samtali við Bæjarins besta að betur hafi farið en á horfðist og enginn skaði hafi orðið á mænu. Hann fékk sprungu í hryggjarliði og kemur til með að liggja á sjúkrahúsi í nokkra daga, og koma síðan heim til Íslands á börum.**

Stjórnmál í Úkraínu:

## Tímosjenko er enn í fangelsi

**KÍEV, AP** Júlía Tímosjenko, fyrrum forsætisráðherra Úkraínu, situr enn í varðhaldi eftir að dómstóll hafnaði beiðni hennar um að verða látin laus.



JÚLÍA TÍMÓSJENKÓ

Hún er ákærð fyrir brot í embætti, en segir réttarhöldin vera af pólitískum hvötum. Því hafi hún virt dómara að vettugi í síðustu viku og hlaut fyrir það fangavist.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu hafa fordæmt málaflutninginn gegn Tímosjenko, sem var meðal forvígismanna appelsínugulu byltingarinnar sem ýtti Viktori Janúkovits, núverandi forseta, frá völdum árið 2004. - þj


Nýsköpunarstyrkir Landsbankans

Með því að styðja við nýsköpun og ný fyrirtæki eflum við atvinnulífið til framtíðar. Landsbankinn veitir í ár nýsköpunarstyrki í fyrsta sinn úr Samfélagssjóði bankans. Umsóknarfrestur er til og með 16. september 2011.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000




FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

## Umhverfis landið



### Öryggisleit tekur lengri tíma

**LEIFSSTÖÐ** Öryggisleit í Leifsstöð er mun seinvirkari en í nágrannalöndunum, þar sem farþegar þurfa ekki undantekningarlaust að fara úr skónum. Vefsíðan Túristi.is greinir frá þessu og kemur þar fram að á flugvöllum í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi og Helsinki þurfi farþegarnir ekki að fara úr skónum, nema í sérstökum tilvikum. Isavia gaf Túrista þær skýringar á þessu að farþegar á leið til Bandaríkjanna og meginlands Evrópu séu að fara í gegnum gæsluna á sama tíma og strangari kröfur séu gerðar í skómálunum í Bandaríkjunum. Túristi bendir á að sambærileg staða sé uppi á fyrrnefndum flugvöllum í Skandinavíu, án þess að bandarísku reglunum sé sýnd sérstök undirgefni.



### Tjón á Þórsvellinum metið á 15 milljónir



**AKUREYRI** Stúkan á Þórsvellinum á Akureyri hefur hriplekið síðan hún var tekin í notkun fyrir tveimur árum. Oddur Helgi Halldórsson, formaður stjórnar Fasteigna Akureyrarbæjar, segist hafa frétt af málinu í vetur og hafi undrast hvernig stæði á því að nýtt mannvirki geti verið svo gallað. Dómskvaddir matsmenn voru fengnir til að meta orsakir og afleiðingar lekans, líkt og greint er frá í Vikudegi. Mat þeirra var að allir aðilar; verkfræðingar, verktaki, aðalhönnuður og verkkaupi, beri nokkra ábyrgð þó aðallega verkfræðingar. Endurbætur nemi 15 milljónum króna.

### Bearnaisesósuís, sláturís og rósaís

**HVERAGERÐI** Hinn árlegi ísdagur Kjöríss verður haldinn hátíðlegur í Hveragerði í dag. Þá færir Kjörís hluta starfseminnar út á bílaplan og gestum er boðið upp á ókeypis ís og skemmtiatriði. Gestirnir fá að taka þátt í vöruþróun fyrirtækisins með því að smakka hátt í tuttugu óvenjulegar ístegundir og í ár verða meðal annars bearnaisesósuís, sláturís, rúgbrauðsís, rósaís, chiliís og koníaksís á boðstólum. Þessar ístegundir eru einungis í boði á ísdeginum en hefðbundni rjómaísinn verður líka á sínum stað en honum er dælt í gegnum leiðslu beint úr verksmiðjunni og út á plan. Gestir fá að taka þátt í vinsældakosningu um besta ísinn og dæmi eru um að verðlaunaísinn hafi farið í almenna framleiðslu. Opnað verður fyrir ísdælurnar kl. 13.30.

### Laun unglinga hærri í Eyjum



**VESTMANNAEYJAR** Sumarlaun unglinga í Vinnuskólanum í Vestmannaeyjum eru hærri en hjá öðrum sveitarfélögum. Frá þessu er greint á síðunni Eyjar.net. Laun krakka í 8. bekk í Vestmannaeyjum eru 540 krónur á tímann en á Akureyri fá þau 374 krónur. Laun krakka í 10. bekk eru 720 krónur á tímann í Eyjum, en 486 krónur í Reykjavík. „Þrátt fyrir þessi góðu laun, hefur þó gengið erfiðlega að manna þessar stöður [...] því krakkarnir eru bara komnir inn í [fiskvinnslu-]stöðvarnar," segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri.



Hitabylgja í Japan:

## Yfir 30 látnir og 21.000 á spítala

**JAPAN Yfir 30 Japanar hafa látist af völdum hitabylgju og yfir 21 þúsund manns hafa verið lagðir inn á sjúkrahús í sumar.**

**Sumarhitarnir hafa valdið sérstaklega miklum óþægindum í Japan í ár. Loftkæling hefur verið lítil þar sem skortur hefur verið á rafmagni.**

**Tveir þriðjuhlutar kjarnorkuvera Japans hafa ekki verið í gangi frá því að jarðskjálftar riðu þar yfir í mars síðastliðnum.**

- ibs

Fyrsta kortlagningin á erfðamengi þorsksins gefur ýmislegt merkilegt til kynna:

# Ónæmiskerfið öðruvísi en í öðrum dýrum

**VÍSINDI** Þorskur er með öðruvísi ónæmiskerfi en öll önnur dýr. Norskir vísindamenn hafa kortlagt erfðamengi þorsksins og er greint frá niðurstöðum rannsókna þeirra í vísindaritinu Nature.

Meðal þess sem vísindamennirnir komust að er að þorskinn vantar ákveðnar vefjaflokkasameindir sem vara líkamann við bakteríum, sníkjudýrum og fleiru.

Vísindamennirnir draga þá ályktun að þar sem þorskurinn dafni vel hljóti hann að hafa þróað með sér ákveðið varnarkerfi gegn sjúkdómum.

Kjetill S. Jakobsen prófessor segir í viðtali á vefnum forskning.no að út frá núverandi kenningum um ónæmiskerfið ætti þorskurinn ekki að geta varist bakteríum og sýkingum. „Hann hefur augljóslega leyst þetta á annan hátt.“

Prófessorinn segir þorskinn hafa fjölda eintaka af genum sem tengjast öðrum þætti ónæmiskerfisins. Þessi gen kunni að hafa fengið aðra starfsemi hjá þorskinum. Þess vegna geti hann haldið heilsu og fjölgað sér á mörgum hafsvæðum.

Talið er að þessi uppgötvun geti skipt miklu máli við þróun þorskeldis. - ibs



**MEÐ EIGIÐ VARNARKERFI** Þorskur er með öðruvísi ónæmiskerfi en önnur dýr.

Ríkislögreglustjóri um Kára:

## Aðhafðist víst í máli iðnnjósna

**LÖGREGLUMÁL** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri mótmælir í tilkynningu orðum Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, um embætti ríkislögreglustjóra í blaðinu í gær.



**HARALDUR JOHANNESSEN**

Kári sagði þar að embættið hefði ekkert aðhafst eftir að hann fór fram á rannsókn á meintum kínverskum iðnnjósnum hér á landi, sem greint var frá í sendiráðsskjölum Wikileaks.

Haraldur segir að í mars 2011 hafi hann sent Kára bréf þar sem fram kom að aflað hefði verið upplýsinga um málið. „Niðurstaða þeirrar könnunar væri þess eðlis að ekki þætti ástæða til frekari viðbragða.“ Forráðamönnum fyrirtækisins hafi verið boðin aðstoð í öryggismálum. - kóþ

Ný könnun Heimssýnar:

## Um 65 prósent á móti ESB

**EVRÓPUMÁL Um 65 prósent Íslendinga eru á móti aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Capacent-Gallup gerði fyrir Heimssýn, samtök sem berjast gegn aðild að ESB.**

**Samkvæmt könnuninni, sem byggir á 868 svörum, eru um 35 prósent fylgjandi aðild að ESB, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Heimssýn. Aðeins eru tekin svör þeirra sem tóku afstöðu með eða á móti. Könnunin var gerð mánuðina maí, júní og júlí síðastliðnum. Í síðustu könnun sem Gallup gerði fyrir Heimssýn og birt var í júní sögðust 57 prósent vera andvíg aðild að ESB en 43 prósent fylgjandi.** - sv

Dæmdur fyrir líkamsárás:

## Hrækti í andlit konu og sló

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt mann í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir að slá konu í andlitið og hrækja svo framan í hana.**

**Árásin átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 5. september 2010, fyrir utan veitingastaðinn Pakkhúskjallarann á Húsavík. Konan hlaut eymsli og bólgu yfir hægra kinnbeini. Málið tafðist í meðförum dómsins vegna dvalar mannsins erlendis.**

**Hann játaði skýlaust sök fyrir dómi. Hann hefur ekki sætt öðrum refsingum en sekt fyrir umferðarlagabrot.** - jss



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Svínað á neytendum í sextán ár:

## Tollasaga

Þegar innflutningsbann á landbúnaðarafurðum var afnumið árið 1995 var það vegna þess að Ísland hafði gerzt aðili að GATT-samningnum svokallaða, sem Heimsviðskiptastofnunin (WTO) starfar eftir.

Til að vernda innlendan landbúnað fyrir samkeppni lagði Alþingi á himinháa tolla upp á tugi eða jafnvel hundruð prósenta. Samningurinn skuldbatt Ísland hins vegar til að hleypa litlu magni erlendra búvara inn á markaðinn á lægri tollum. Í upphafi var um þrjú prósent innanlandsneyzlu á viðkomandi vöru að ræða, en hlutfallið hækkaði í fimm prósent á sex árum.

Yfirlýst markmið með því að heimila innflutning á þessu litla magni var að auka samkeppni við innlendan landbúnað og stuðla að því að verð til neytenda lækkaði. Strax í upphafi var þó búið til kerfi sem gekk gegn hagsmunum neytenda en verndaði innlenda framleiðendur. Annars vegar var landbúnaðarráðherra fengið geðþóttavald til að ákveða toll á innflutningskvótanum. Hins vegar var tekið upp á því að selja kvótana hæstbjóðanda, sem fyrir vikið neyddist til að velta greiðslunni út í verðið. Niðurstaðan varð þess vegna ekki nein verðlækkun að ráði, heldur fyrst og fremst meira úrval búvara í búðunum.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Á þeim sextán árum sem liðin eru frá því innflutningsbannið var afnumið hefur innanlandsneyzla á ýmsum búvörum aukizt stórlega. Við borðum nú tvöfalt meira af osti og þrefalt til fjórfalt meira af alifugla- og svínakjöti en í lok níunda áratugarins. Innflutningskvótinn miðast hins vegar við neyzluna eins og hún var á árunum 1986-1988. Landbúnaðarráðherrar, hver á eftir öðrum, hafa því lagt mikið á sig til að milda samkeppnisáhrif innflutnings sem nemur rúmlega einu til tveimur og hálfu prósenti af raunverulegri innanlandsneyzlu á þessum vörum!

Geðþóttavald ráðherra var gagnrýnt strax í upphafi og bent á að einn daginn gæti setzt í stól landbúnaðarráðherra maður sem kysi að beita því þannig að í raun væri tekið fyrir allan innflutning með því að gera hann of dýran. Þetta gekk eftir vorið 2009, þegar Jón Bjarnason varð landbúnaðarráðherra. Hann er enn ósvífnari í beitingu þessa valds en forverarnir og hefur komið því þannig fyrir að dýrara er að flytja inn tollkvótann (sem átti að vera á hagstæðari tollum) en vörur með almennum ofurtolli!

Undan þessari stjórnsýslu ráðherrans kvörtuðu Samtök verzlunar og þjónustu til umboðsmanns Alþingis. Í áliti sínu frá því í síðasta mánuði gerir umboðsmaður ýmsar athugasemdir við stjórnsýsluna en tekur þó í raun ekki efnislega afstöðu til hennar, vegna þess að hann telur að heimildir ráðherra séu sem slíkar í andstöðu við stjórnarskrána. Hún bannar að sköttum sé breytt nema með lögum og sömuleiðis að stjórnvaldi sé falið skattlagningarvaldið.

Á rúmum þremur vikum sem liðnar eru frá því að umboðsmaður kvað upp álit sitt hefur ekki heyrzt bofs úr landbúnaðarráðuneytinu til svars. Og enginn stjórnmálamaður virðist líta á það sem hlutverk sitt að tala máli neytenda í þessu máli – fremur en svo mörgum öðrum.

Þetta er leiðinleg saga og augljóslega ekki á enda.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871





AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.




AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen, S: 5125429, gsm 6154349, ivarorn@365.is

Sigríður Dagný, S: 5125462, gsm 8233344, sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgrims, S: 5125432, gsm 6924700, sigridurh@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011





AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Stór tíðindi

Þau pólitísku kaflaskil urðu í vikunni að fjármálaráðherra viðurkenndi í fyrsta sinn opinberlega að hann hefði gefist upp við að ná þeim markmiðum í ríkisfjármálum sem ákveðin voru í samkomulaginu við AGS. Þetta var þó eini þráðurinn í þeirri endurreisnaráætlun sem ekki hafði verið slitinn.

Eitt af erlendu matsfyrirtækjunum sagði fyrir skömmu að horfur í efnahagsmálum væru neikvæðar sakir þess að sú uppgjöf sem nú hefur verið staðfest væri í vændum. Endurreisnaráætlunin er farin út um þúfur.




ÞORSTEINN PÁLSSON


Það eru þau stóru tíðindi sem orðið hafa. Framundan er hefðbundin þrætubókarumræða á vettvangi stjórnmálanna án áætlunar eða markmiða. Á meðan veikjast stoðir þjóðarbúskaparins, lífskjörin versna og velferðarkerfinu er stefnt í hættu til langframa.

Áætlun AGS um aðhald í ríkisfjármálum vakti athygli á sínum tíma fyrir þá sök að mjög langur tími var gefinn til aðlögunar. Fyrrum leiðtogi sænskra sósíaldemókrata ráðlagði mun harðari niðurskurð. Á vissan máta var skiljanlegt að mýkri leiðin skyldi valin í tíð fyrri ríkisstjórnar. Nú hafa menn gefist upp á þessari veiku áætlun.

Á sama tíma eru stjórnvöld í ríkjum bæði austan hafs og vestan að herða á aðhaldi í ríkisfjármálum. Þetta á sérstaklega við skuldugar þjóðir eins og Íslendingar eru. Víða þykir ekki nóg að gert til að tryggja stöðugleika. Við þessar aðstæður telur ríkisstjórn Íslands rétt að slaka á, auka lántökur og bæta í skuldasúpuna.

## Minni afgangur af vöruviðskiptum

Er eitthvað sem réttlætir að nú sé horfið frá settum markmiðum í ríkisfjármálum? Verðbólga fer vaxandi. Útflutningshagvöxtur sem var forsenda mildra ríkisfjármálaaðgerða er enginn þrátt fyrir gengishrun. Tölur um afgang af vöruviðskiptum fyrir fyrstu sjö mánuði þessa árs sýna að hann er í heild um fjórðungi lægri en á sama tíma í fyrra.

Höftin áttu að takmarka innflutning nægjanlega til að skila vaxandi tekjuafgangi af vöruviðskiptum. Aðeins þannig fæst gjaldeyrir til að endurgreiða erlend lán. Þetta gekk eftir á síðasta ári en nú stefnir í öfuga átt. Þá er talið rétt að auka lántökur ríkissjóðs.

Efnahagsráðherrann ýtti fyrr í sumar undir bjartsýni manna með yfirlýsingum um að standa yrði við sett markmið í ríkisfjármálum og ekkert mætti gera sem veikti mögulega arðsemi útflutningsatvinnuveganna. Engu er líkara en þau orð hafi bara verið ætluð vindinum. Nú sýnist hann fylgja línu fjármálaráðherrans um að veikja samkeppnisstöðu landsins.

Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa báðir skýra hagvaxtarstefnu í orkunýtingarmálum og Sjálfstæðisflokkurinn berst fyrir þjóðhagslegri hagkvæmni í sjávarútvegi. Hvort tveggja er í samræmi við þær forsendur AGS-áætlunarinnar sem ríkisstjórnin aftengdi strax í upphafi. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru einnig andvígir áformum um skattahækkanir sem draga munu úr möguleikum á útflutningsvexti.

Stjórnarandstöðuflokkarnir gera hins vegar ekki beinar tillögur um að fylgja markmiðum AGS-áætlunarinnar í ríkisfjármálum. Þeir hafa heldur ekki sett fram neinn kost á móti stefnu fjármálaráðherrans í peningamálum. Vandinn er sá að enginn hefur sýnt fram á að unnt sé að afnema höftin í óbreyttu peningakerfi ef tryggja á stöðugleika.

## Fjármálaráðherra á of marga vini

Björn Bjarnason, ritstjóri Evrópuvaktarinnar, fjallar í vikunni um þau viðhorf í peninga- og ríkisfjármálum sem lýst var á þessum vettvangi síðasta laugardag og segir: „Fyrir Þorsteini Pálssyni vakir að gera lítið úr ummælum Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra um að krónan og gjaldeyrishöftin veiti íslenska hagkerfinu vörn við núverandi aðstæður.“ Þetta er réttur skilningur.

Um leið sýnir þessi vörn fyrir peningastefnu fjármálaráðherrans hvers vegna ekki er unnt að mynda meirihluta um breytta framtíðarstefnu. Slík breyting er aftur forsenda fyrir raunhæfri áætlun um endurreisn þjóðarbúskaparins. Á þessu sviði á fjármálaráðherrann einfaldlega of marga meðhaldsmenn í röðum stjórnarandstöðuflokkanna. Að öllu óbreyttu geta kosningar því ekki einu sinni losað um þessa pólitísku kreppu.

Gjaldeyrishöftin eru óhjákvæmileg afleiðing af misheppnaðri stefnu í peningamálum og nú einhvers konar arfleifð sem ýmsum finnst að ekki megi gera lítið úr. Í veruleikanum eru þau ekki vörn heldur Þrándur í Götu viðskipta. Ástæðan fyrir því að sveiflur á hlutabréfamörkuðum erlendis hafa engin áhrif á verð hlutabréfa hér er sú að sá markaður er ekki lengur til. Hann hrundi líka með misheppnaði peningastefnu.

Þó að flestir amist við pólitískum deilum er helsti vandinn þó sá að of mikil samstaða er um marga þá hluti sem koma í veg fyrir að þjóðarbúskapurinn verði samkeppnishæfur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# Eimskip styður sigurvegarann

## Þór–KR í bikarúrslitaleik á Laugardalsvelli í dag kl. 16:00

Nýliðarnir að norðan keppa í fyrsta sinn í bikarúrslitum gegn ósigruðu toppliði KR-inga sem keppir nú til úrslita í 17. sinn. Eimskipafélag Íslands, dyggur stuðningsaðili íslenskrar knattspyrnu, hvetur alla knattspyrnuunnendur til að fjölmenna á Laugardalsvöllinn og sjá þennan skemmtilega leik, þar sem allt getur gerst.

FITON / SÍA

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

**RÚMFATA LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# HELGARS

**TILBOÐIN GILDA 13.08-14.08**



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**Flísponcho með hettu**
Flott flísponcho með hettu. Margir litir.
Barnastærðir áður: 1.495,- nú: 995,-
Fullorðinsstærðir áður: 1.995,- nú: 995,-

VERÐ NÚ AÐEINS: **995**



SKYRTA **1.995**

**Herraskyrtur**
Ný sending af herraskyrtum! Margar gerðir. Síðermaskyrtur úr bómull. Stærðir: M-XXL.



8 PÖR

FRÁBÆRT VERÐ!

SOKKAR 8 PÖR **1.495**

**Dömu- og herrasokkar**
Svartir sokkar á dömur og herra. Stærðir: 36-46. 8 pör í pakka.



**COMPUTER barnasokkar**
Góðir barnasokkar í stærðum 16-38. 3 pör saman í pakka.

SOKKAR 3 PÖR **499**

3 PÖR



VERÐ ÁÐUR: 1.995 **1.495**

**Sumarsængur**
Léttar og þægilegar sumarsængur í flottum, sumarlegum litum. Tilvaldar í sumarbústaðinn eða í útileguna! Stærð: 135 x 200 sm.

25% AFSLÁTTUR



SPARIÐ 20.000

NUDDSTÓLL

FULLT VERÐ: 59.950 **39.950**

**CHICAGO hægindastóll með nuddi**
Glæsilegur hægindastóll með PVC áklæði. Innbyggður fótskemill og nudd. Stóllinn er með hliðarvasa og fjarstýringu fyrir nuddið. 5 stillingar á nuddi. Hægt að rugga og snúa stólnum. Litur: Svartur.



FULLT VERÐ: 4.995 **2.995**

SPARIÐ 2.000

**BENJAMIN skrifborðsstóll**
Fínn skrifborðsstóll í herbergið. Litur: Grár. Stillanleg hæð með pumpu.



KLAPPSTÓLL **1.495**

**THOMAS klappstóll**
Góður klappstóll á frábæru verði!



FULLT VERÐ: 24.950 **16.950**

HÁGLANS

SPARIÐ 8.000

**TIGER sjónvarpsskápur**
Fallegur sjónvarpsskápur í hvítum háglans. Stærð: B155 x H37 x D45 sm.



SPARIÐ 30.000

FULLT VERÐ: 69.950 **39.950**

**ARTHUR tungusófi**
Flottur tungusófi úr PU efni. Fæst í dökkbrúnu
Stærð: 181 x 144 x 83 sm.

# PRENGJA!

DREAMZONE™




**PLUS B10 boxdýna**
Tvöfalt gormalag. Fallegt og vatterað, jaquardofið áklæði. Í efra lagi eru 232 LFK gormar pr. m² og í neðra lagi dýnunnar eru 150 BONELL gormar pr. m². Miðlungsstíf dýna. Innifalið í verði er 5 sm. þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheilli furu. Stærð: 90 x 200 sm. Verð án fóta. Fætur verð frá: **4.995,-**

FULLT VERÐ: 49.950
**29.950**

**SPARIÐ 20.000**





FULLT VERÐ: 9.995
**5.995**

**SPARIÐ 4.000**

**FRÁBÆRT VERÐ!**

**TRINE gestarúm**
Góð lausn er gest ber að garði. 5 sm. þykk svampdýna. Stærð: B80 x L193 sm.



**SPARIÐ 6.000**

FULLT VERÐ: 16.950
**10.950**

**FIRENZE fataskápur**
Tvöfaldur fataskápur með fataslá, 3 skúffum og 3 hillum. Litir: Beyki og hvítt. Stærð: B97 x H175 x D50 sm.





**SPARIÐ 3.000**

FULLT VERÐ: 7.995
**4.995**

**GLORIA borðstofustóll**
Glæsilegur borðstofustóll með PU áklæði.



GARÐLJÓS VERÐ FRÁ:
**499**

**Garðljós með sólarsellu**
**1.** PUMPKIN **499,-**
**2.** DOME **995,-**
**3.** SUGILITE **895,-**



**Sultukrukkur og saftflaska**
Mikið úrval af góðum sultukrukkum með loki. Einnig 1 lítra saftflaska með tappa.
0,25 lítra krukka
áður **499,-** nú **399,-**
0,50 lítra krukka
áður **595,-** nú **476,-**
1 lítra krukka
áður **795,-** nú **636,-**
1,5 lítra krukka
áður **995,-** nú **796,-**
1 lítra saftflaska
áður **995,-** nú **795,-**

**20% AFSLÁTTUR**



**Þurrkgrind**
Nett þurrkgrind til að setja á ofn. Sniðug lausn þar sem er lítið pláss.

ÞURRKGRIND
**795**

**FRÁBÆRT VERÐ!**



57 LÍTRA PLASTKASSI
**2.495**

**57 lítra plastkassi á hjólum**
Stærð: 59 x 41 x 33 sm.

GUFUSTRAUJÁRN
**1.995**



**Gufustraujárn**
Gott gufustraujárn á frábæru verði!



**SPARIÐ 1.000**

VERÐ ÁÐUR: 3.995
**2.995**

mascot

**SYMFONI trefjasæng**
Þétt og hlý sæng með ljósbláu áklæði með sikksakk saumi.
Fylling: Fingerðar holtrefjar. Þyngd: 1200 gr. Má þvo við 40°C.
Sæng: 135 x 200 sm.

# Sauðir og sauðfjárrækt í sjálfheldu styrkja

Landbúnaður



Þórólfur Matthíasson
prófessor

Búreikningar eru skýrslur og úrvinnsla sem Hagþjónusta landbúnaðarins hefur unnið upp úr bókhaldi bænda. Ekki er um tilviljanakennt úrtak að ræða, en yfirleitt er gengið út frá að það séu frekar betur búandi bændur sem senda inn bókhaldsupplýsingar en þeir sem lakar eru búandi. Raunafkoma meðalbús ætti því að vera heldur lakari en fram kemur í úrvinnslu Hagþjónustunnar.

Búreikningar ársins 2009 liggja fyrir. Athyglivert er í ljósi umræðu liðinna vikna að skoða útkomu sauðfjárbúanna sérstaklega. Ég skoða hér meðaltal skv. búreikningaskýrslum fyrir hrein sauðfjárbú. Afkoma batnar eftir því sem bú stækka og einnig kann að vera hagstæðara að reka blandað bú en hreinræktað sauðfjárbú. Afkoma einstakra búa getur vikið verulega frá afkomu meðalbúsins. Meðfylgjandi tafla gefur yfirlit yfir afkomu og afkomuþætti meðalsauðfjárbús á árinu 2009:

> Það er tími til kominn að sauðfjárbúskapurinn losni úr sjálfheldu styrkja og beingreiðslna.

Taflan ber með sér að þegar búið er að borga fyrir aðföng (þ.e.a.s. nauðsynlegar rekstrarvörur á borð við áburð, olíu, kjarnfóður o.s.frv.) þá eru eftir 73 þúsund krónur á ársgrundvelli upp í laun, afskriftir og vexti. Búreikningar tilgreina að bóndi, annað heimilisfólk og aðkeypt vinnuafl vinni samtals 13,6 mánaðarverk á meðalbúi á ári. Verðmætasköpunin í hreinræktuðum sauðfjárbúum er þess vegna heilar 5.300 krónur á hvert mánaðarverk vinnuframlags! Þetta er framlag meðalsauðfjárbús til verðmætasköpunarinnar í hagkerfinu! Til samanburðar var verðmætasköpun á starfandi Íslending um 750 þúsund krónur á mánuði árið 2009. Framlag starfsmanns á meðalsauðfjárbúi er því aðeins um 1/150 hluti þess sem meðalstarfsmaður á Íslandi leggur fram í verðmætasköpun.

Styrkjagreiðslur skattgreiðenda breyta afkomumynd sauðfjárbænda nokkuð: Beingreiðslur og framleiðslustyrkir losa 3 milljónir króna. Af þessum 3 milljónum fara 1.882 þúsund krónur í vaxtagreiðslur af lánum. Þá er eftir tæp milljón króna sem bókhaldarar bænda gera ráð fyrir að sé öll lögð á afskriftarsjóð. En ólíklegt er að meðalsauðfjárbóndinn geri það. Líklegra er að hann láti frekar sitja á hakanum að endurnýja tæki og hús og noti þessa milljón sér til framfærslu.

**Afkoma og afkomuþættir meðalsauðfjárbús 2009**

**Tekjur:**

| Rekstrarþáttur | Upphæð á ári, þúsundir króna |
|---|---|
| Sala sauðfjárafurða | 3.700 |
| Sala annarra landbúnaðarafurða, heysala, ferðaþjónustu, hlunnindi o.þ.h. | 285 |
| Aðrar tekjur | 398 |
| Rekstrartekjur, alls | 4.383 |

**Gjöld:**

| Rekstrarþáttur | Upphæð á ári, þúsundir króna |
|---|---|
| Aðföng | 4.310 |
| Laun (13,6 mánuðir) | 1.221 |
| Vaxtagjöld nettó | 1.882 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta, alls | 7.413 |
| Afskriftir | 1.012 |
| Rekstrarkostnaður með afskriftum, alls | 8.425 |
| Brúttóframlag rekstrar (tekjur mínus rekstrarkostnaður án afskrifta | -3.030 |
| Nettóframlag rekstrar (tekjur mínus rekstrarkostnaður með afskrfitum) | -4.042 |
| Beingreiðslur | 2.891 |
| Framleiðslustyrkir | 392 |
| Óbókfærður kostnaður vegna fóðurs af úthaga (Afréttarbeit, vegabeit, beit á löndum í eigu annarra) | 1.659 |
| Hagnaður eftir beingreiðslur og framleiðslustyrki | -759 |
| Hagnaður eftir styrki og að teknu tilliti til fóðurs af úthaga | -2.418 |

Tilkostnaður vegna búrekstrarins lendir ekki allur inni í bókhaldsforriti bænda. Íslenskar lambær og dilkar þeirra eyða drjúgum hluta sumarsins í úthaga. Gróflega ætlað er ríflega helmingur fóðurþarfar sauðfjárbúsins upprunninn af landi utan búsins. Varlega áætlað er óbókfærður ávinningur af þessari beit um 1.650 þúsund krónur á ársgrundvelli. Sé tekið tillit til þessa kostnaðar er beint þjóðhagslegt tap af rekstri meðalsauðfjárbúsins. Þ.e.a.s. það væri hægt að auka hag þegnanna með því að hætta rekstri hreinna sauðfjárbúa! Þetta er nöturleg staðreynd. Þetta þýðir að allt bjástur sauðfjárbænda sem búa á hreinum sauðfjárbúum er til einskis! Þeir eyða meiru en þeir afla!

Búreikningarnir sýna að stærri bú eru arðvænlegri en smærri bú. Vera kann að stærri búin nýti úthaga í ríkari mæli en smærri búin. Þá er væntanlega talsvert hagræði af blönduðum búrekstri þar sem álagstoppar falla ekki að öllu leyti saman. Það eru talsverðir ónýttir hagræðingarmöguleikar í greininni.

Í iðnaði, verslun og viðskiptum er lítið um vannýtta augljósa hagræðingarmöguleika. Ástæðan er sú að fyrirtæki sem ekki hagræða í rekstri sínum eru rekin með tapi sem þau geta að lokum ekki fjármagnað. Fyrirtæki sem ekki geta fjármagnað hallarekstur sinn hætta starfsemi. Þetta gerist ekki í sauðfjárbúskapnum vegna þess að skattgreiðendur eru þvingaðir til að fjármagna hallarekstur meðalsauðfjárbúsins. Afleiðingin er að sauðfjárbúskapur er í sjálfheldu beingreiðslnanna: Óhagkvæm bú hanga á horriminni árum og áratugum saman og koma í veg fyrir að hagkvæmari rekstraraðilar fái notið sín.

Það er tími til kominn að sauðfjárbúskapurinn losni úr sjálfheldu styrkja og beingreiðslna. Tölurnar sýna að meðalsauðfjárbóndinn verður að nota fjármuni sem ættu að fara í endurnýjun búnaðar, tækja og húsnæðis til framfærslu. Sagt með öðrum orðum þá eru sauðfjárbændur að borða útsæðið! Það hefur aldrei þótt uppskrift að góðri afkomu!

Sá sem þetta skrifar efast ekki um að rekstrargrundvöllur sé fyrir sauðfjárbú sé rétt á málum haldið. Sá rekstur verður þó að vera í allt öðru formi en núverandi rekstur: Búin verða að stækka og þeim verður að fækka ef þau eiga að eiga sér lífsins von. Heildarumfang framleiðslunnar hlýtur einnig að minnka mikið frá því sem nú er. Umbreyting á sauðfjárbúskapnum í átt til arðbærari eininga og minni heildarframleiðslu mun draga úr rányrkju og ofbeit á heiðarlöndum, bæta afkomu bænda og mun stuðla að mikilli minnkun fjárausturs úr opinberum sjóðum í þetta tilgangslausa verkefni.



# ÁFRAM NÁMSMENN!

## NÝTT OG FLOTT Í SKÓLANN

Hello Kitty skólasett



## Það eru aldrei frímínútur í Eymundsson

Starfsfólk Eymundsson er námsmönnum innan handar varðandi val á námsbókum og skólavörum.

Iðjuþjálfi verður í **Eymundsson Smáralind laugardag og sunnudag kl. 13-16** og aðstoðar við kaup á skólatöskum fyrir börnin.



Playmobil skólasett






Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

ENNEMM / SIA / NM47695




**ERFITT** Aðspurður segist Tryggvi telja að vegna yfirburða KR-inga, og skorts á stöðugleika hjá Eyjamönnum í sumar, séu líkurnar á að ÍBV hampi Íslandsmeistaratitlinum í lok móts harla litlar. „Þetta stefnir í baráttu milli ÍBV, Vals, FH og mögulega Stjörnunnar um að komast í Evrópukeppnina í staðinn,“ segir hann.

# Fólk elskar að hata mig

Eyjapeyinn **Tryggvi Guðmundsson** er aðeins fjórum mörkum frá því afreki að jafna met Inga Björns Albertssonar yfir flest skoruð mörk í efstu deild íslenska fótboltans frá upphafi. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hann um metið, ferilinn og framtíðina.



**MARKAHRÓKUR** „Ég er ekkert markagráðugri nú en fyrir tuttugu árum og held áfram að gefa á félagana ef þeir eru í betra færi en ég,“ segir Tryggvi Guðmundsson, sem nálgast markamet Inga Björns Albertssonar óðfluga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég læt mér nú ekki duga að jafna þetta met heldur ætla ég að bæta það. Ég deili nú þegar einu meti, yfir flest mörk skoruð á einni leiktíð á Íslandi, með þremur öðrum [Pétri Péturssyni, Guðmundi Torfasyni og Þórði Guðjónssyni] og hef engan áhuga á að deila fleiri metum,“ segir Eyjamaðurinn Tryggvi Guðmundsson, sem er aðeins fimm mörkum frá því að bæta markamet Inga Björns Albertssonar í efstu deild á Íslandi. Ingi Björn skoraði alls 126 mörk í efstu deild á ferlinum og nú hefur Tryggvi, sem er 37 ára gamall, gert þau 122.

En ekki er sopið kálið þótt í ausuna sé komið, eins og maðurinn sagði, og Tryggvi leggur á það sterka áherslu að hann hyggist ekki fagna of snemma.

„Maður veit aldrei hvað gerist. Á mínum aldri gætu næstu meiðsli hæglega bundið enda á ferilinn. Annars hugsa ég ekki mikið um að bæta þetta met svona dagsdaglega. Möguleikinn á því er ekkert sem angrar reynslumikinn leikmann eins og mig þegar á völlinn er komið. Ég er ekkert markagráðugri nú en fyrir tuttugu árum og held áfram að gefa á félagana ef þeir eru í betra færi en ég. Ég tel það nú þegar mikið afrek að hafa skorað 122 mörk og kannski er það skemmtilegasta við þetta að í heil sjö tímabil, frá 1998 til 2004, spilaði ég ekki á Íslandi,“ segir Tryggvi, sem var atvinnumaður hjá norsku liðunum Tromsø og Stabæk og sænska liðinu Örgryte og skoraði einnig grimmt ytra. Meðal annars átti hann metið yfir markahæstu erlendu leikmennina sem leikið höfðu í Noregi um nokkurra ára hríð, eða þar til það met var slegið fyrir tveimur árum.

### Byrjaði með látum

Tryggvi fékk fljúgandi start á knattspyrnuferlinum á sínu fyrsta heila tímabili í efstu deild sumarið 1993, þá átján ára gamall. Hann varð fljótlega lykilmaður í liði ÍBV, skoraði þrettán mörk í sautján leikjum það sumar og varð með markahæstu mönnum mótsins þrátt fyrir að liðið hefði háð gríðarlega fallbaráttu og bjargað sér á ævintýralegan hátt í lokaleiknum.

Sumarið áður, 1992, hafði Tryggvi þó þurft að taka erfiða ákvörðun varðandi framtíð sína. „Ég æfði fótbolta og handbolta. Á þessum tíma hafði ég leikið nokkra unglingalandsliðsleiki í handbolta en það var ekkert að frétta í fótboltanum. Sigurlás Þorleifsson, þáverandi þjálfari ÍBV, hafði trú á mér og gaf mér tækifæri í liðinu og því á ég honum margt að þakka.“

Á sínu öðru heila tímabili í efstu deild, 1994, venti Tryggvi kvæði sínu í kross og varð bikarmeistari með KR, en þá höfðu vesturbæingar beðið eftir stórum titli í ein 26 ár.

> Ég hef enn þá gaman af að spila og hef ákveðið að hætta þegar áhorfendur í stúkunni eru farnir að hlæja að því hversu þungur og lélegur ég er orðinn, en ég er enn í fínu standi.

„Í knattspyrnulegum skilningi séð var ég ánægður hjá KR, en ég var ekki á besta samningi í heimi hjá liðinu og átti erfitt með að ná endum saman, fjárhagslega séð, í höfuðborginni. Strax eftir þetta eina tímabil hjá KR höfðu Eyjamenn samband við mig og buðu mér flotta hluti, fínan samning og góða vinnu. Það átti að rífa liðið upp. Atli Eðvaldsson var ráðinn þjálfari og margir Eyjamenn kallaðir heim á nýjan leik, eins og ég, Leifur Geir Hafsteinsson, Ingi Sigurðsson og fleiri. Þetta var spennandi tími, sem lauk með því að haustið 1997 varð ég Íslandsmeistari með ÍBV, var valinn besti maður mótsins og var líka markahæstur,“ segir hann.

Við tók löng atvinnumannsdvöl Tryggva ytra, en þegar hann flutti aftur til Íslands árið 2005 gekk hann til liðs við FH og tók þátt í ótrúlegri uppbyggingu og titlafjöld liðsins á síðustu árum. Hann sneri svo aftur á heimaslóðir í Vestmannaeyjum fyrir tímabilið í fyrra.

### Ætlaði lengra en til Skandinavíu

Aðspurður segist Tryggvi eiga erfitt með að velja eitt eftirlætistímabil á löngum og gifturíkum ferli.

„Fyrsti titillinn árið 1997 er auðvitað minnisstæður. Það var algjört draumaár, því þá var ég líka valinn í landsliðið og varð markahæsti leikmaður A-landsliðsins það ár. Í minningunni er þetta allt voðalega fallegt. En það hafa líka verið nokkrar neikvæðar hliðar á ferlinum. Til að mynda ætlaði ég mér alltaf miklu lengra heldur en til Skandinavíu sem atvinnumaður, en leiðindahlutir komu í veg fyrir það. Eftir að ég varð næstmarkahæsti leikmaður norsku deildarinnar árið 2002 sýndu mörg félög mér áhuga, til dæmis Siena á Ítalíu, og þýska liðið Nürnberg spurðist fyrir um mig. Þá var stjórnarformaður Stabæk í þvílíku kasti og nefndi einhverja fáránlega tölu svo ekkert varð úr því. Ipswich á Englandi og fleiri lið höfðu líka áhuga á mér þegar ég var hjá Tromsø en verðmiðinn var of hár. Mig minnir að hann hafi hljóðað upp á tuttugu milljónir norskra króna, sem var mikill peningur. Eitt og annað hefði getað farið betur, en ég hef reynt að temja mér að horfa á jákvæðu hliðarnar í lífinu og það er nóg af þeim á ferlinum,“ segir Tryggvi.

### Hvers manns hugljúfi utan vallar

Tryggvi hefur löngum verið umdeildur leikmaður og aðspurður gengst hann fúslega við því að vera litríkur á velli, en þó ekki andstyggilegur. Að minnsta kosti ekki af ásettu ráði.

„Ég hef alveg fundið fyrir því að fólk elskar að hata mig. Stuðningsmönnum annarra liða virðist oft og tíðum vera illa við mig og sjálfsagt er það vegna þessara stæla í mér á vellinum. Það kemur upp einhver púki í mér, grín og smá stríðni, en það er ekki djúpt á þessu. Ég hata ekki nokkurn mann og vil sjálfur meina að ég sé hvers manns hugljúfi utan vallar. En inni á vellinum þykir mér gaman að gera eitthvað extra. Stundum hefur það kostað mig spjöld og stundum hef ég hugsað: „Af hverju varstu svona vitlaus?“ eftir leiki. Þetta er ekkert sem ég plana fyrir leiki heldur gerist þetta ósjálfrátt. Auðvitað eru margir sem þekkja mig ekki nógu vel sem dæma mig, en það er bara hluti af þessu. Til að mynda hefur mikið verið gert úr einhvers konar baráttu milli mín og Ásgeirs Barkar Ásgeirssonar í Fylki en ég hef ekkert á móti honum og finnst hann flottur knattspyrnumaður. Þótt hann hafi kallað mig fífl í viðtali,“ segir Tryggvi og hlær.

### Hætti þegar ég verð þungur

Sér þessi 37 ára gamli leikmaður fram á lok knattspyrnuferilsins á næstunni?

„Ég hef enn þá gaman af að spila og hef ákveðið að hætta þegar áhorfendur í stúkunni eru farnir að hlæja að því hversu þungur og lélegur ég er orðinn, en ég er enn í fínu standi. Samhliða spilamennskunni hef ég verið að mennta mig sem þjálfari og finnst ekki ólíklegt að ég starfi við það í framtíðinni. Þó ekki fyrr en ferlinum lýkur því mér finnst ekki sniðugt að gerast spilandi þjálfari. Ég vil geta einbeitt mér algjörlega að því starfi sem ég sinni hverju í hvert sinn. Ég hef verið sjónvarpsspekingur í umfjöllun um enska boltann og Meistaradeildina og að öllum líkindum verður svo hóað í mig til að fjalla um íslenska boltann þegar ég er hættur að spila. Það er starf sem ég hef mikla ánægju af, enda fótboltafíkill.“

### Sigurður Örn erfiðastur

Tryggvi hugsar sig vandlega um þegar hann er spurður hver sé sá íslenski leikmaður sem hefur reynst honum erfiðasti andstæðingurinn á ferlinum.

„Þetta er erfið spurning. Ég vil helst ekki nefna andstæðing sem ég á hugsanlega eftir að mæta aftur, því það gefur honum aukið sjálfstraust. Ég segi því Sigurður Örn Jónsson, fyrrverandi hægri bakvörður í KR. Ég átti í miklum vandræðum með hann og hann hætti of snemma.“

## FIMM AF SEX MARKAHÆSTU STARFA HJÁ 365



**SÓKNDJARFIR SAMSTARFSMENN** Ef Guðmundur, Hemmi Gunn, Hörður og Tryggvi mynduðu firmalið er ljóst að sóknarleikur yrði í hávegum hafður. Á myndina vantar Inga Björn, sem líka starfar innan vébanda 365. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimm af sex markahæstu leikmönnum efstu deildar í knattspyrnu frá upphafi starfa innan vébanda 365 miðla. Sá markahæsti, Ingi Björn Albertsson (126 mörk), starfar hjá dreifingarfyrirtækinu Pósthúsinu sem er í eigu 365, Tryggvi Guðmundsson (122 mörk) og Guðmundur Steinsson (101 mark) vinna í auglýsingadeild 365, Hermann Gunnarsson (95 mörk) er útvarpsmaður á Bylgjunni og Hörður Magnússon (87 mörk) er íþróttafréttamaður hjá Stöð 2 Sport. Matthías Hallgrímsson er númer fimm á listanum með 94 mörk.

„Það er skemmtileg tilviljun að svo margir af okkur markahæstu leikmönnum störfum hjá sama fyrirtækinu,“ segir Tryggvi. „Þetta eru allt léttir kallar. Gumma Steins hitti ég reglulega hjá kaffivélinni og við spjöllum um fótbolta. Svo er ég góður vinur Guðmundar Benediktssonar og Kristbjargar Ingadóttur, dóttur Inga Björns, og hitti kallinn annað slagið í gegnum þau. Það er létt á milli okkar og hann er ekkert að stressa sig á því að ég slái markametið hans.“

# HÚSGAGNAHÖLLIN

**TILBOÐIN GILDA TIL 18. ágúst!**

# HELGAR-TILBOÐ!



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**99.995**
FULLT VERÐ: 199.990

**FARO** tungusófi, grátt eða grænt áklæði. B:232 D.:79/160 H:75 cm.
Fæst með vinstri eða hægri tungu.



NÝTT! NÝTT! NÝTT!

**7.990**
FULLT VERÐ: 9.990

**JACK** stóll, birki. Rauður, bleikur, fjólublár, grænn, hvítur, svartur eða appelsínugulur.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**169.990**
FULLT VERÐ: 249.990

**TWISTER** borðstofuborð, hnota.
B:104 L:185-265 cm.



**2.990**
FULLT VERÐ: 4.990

GLÖS 4 STK.
**2.490**
FULLT VERÐ: 3.990

NÚNA 35% AFSLÁTTUR

**SPIZY** karafla
**SPIZY** rauðvíns-, hvítvíns- eða kampavínsglös. 4 stk.



FRÁBÆRT VERÐ!
**2.490**
FULLT VERÐ: 3.990

**ZONE** 8 bolla pressukanna.



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**299.990**
FULLT VERÐ: 379.990

**UMBRIA** tungusófi XL. Svart leður. B:305 D:88/163
H:80 cm. Fæst með vinstri eða hægri tungu.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**69.990**
FULLT VERÐ: 99.990

**109.990**
FULLT VERÐ: 159.990

LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, rautt eða natur áklæði. B:85 D:85 H:100 cm.

LA-Z-BOY

**STANLEY** La-z-boy stóll. Hvítur.
Leður á slitflötum. B:85 D:98 H:102 cm.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**89.990**
FULLT VERÐ: 129.990

**NIJMEGEN** 3 sæta sófi, Taupe áklæði. B:216 D:85 H:85 cm. Fæst einnig 2 sæta.
B:163 D:85 H:85 cm. **69.990** fullt verð ~~99.990.~~

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

**OPIÐ:** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17

EXPO - www.expo.is

# Haust & vetur 201112



## Kynntu þér ævintýralegar haust- og vetrarferðir
## **og bókaðu beint á heimsferdir.is**

Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu lægsta verðið á **www.heimsferdir.is**.




Ferðabæklingi Heimsferða er dreift með Fréttablaðinu í dag.



Allt innifalið

## Tenerife
### í haust og vetur



**frá 113.900 kr.**

Netverð á mann, m.v. tvo fullorðna og tvö börn, 2-11 ára, á Hotel Adonis Isla Bonita ***+ í herbergi með öllu inniföldu 18. október í viku.

Netverð á mann í tvíbýli með öllu inniföldu kr. 139.200



## Kanarí
### í allan vetur



**frá 111.900 kr.**

Netverð á mann m.v. tvo fullorðna í studio á Parquemar 3. janúar í 14 nætur. Ath. Verð getur hækkað án fyrirvara.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM47701

# Kúba
## í haust

frá 219.900 kr.




### Ótrúlegt verð

Playa Caleta ****
219.900 kr. – allt innifalið

Netverð á mann í tvíbýli með öllu inniföldu á Playa Caleta í viku. Ferðamannaáritun til Kúbu kostar 4.900 kr. aukalega.

# Golfveisla
## í haust

frá 179.900 kr.




### Beint flug til Sevilla með Icelandair

| | |
|---|---|
| 28. sept. – 7 nætur | Örfá sæti laus |
| 5. okt. – 10 nætur | UPPSELT |
| 15. okt. – 10 nætur | UPPSELT |
| 25. okt. – 7 nætur | Nokkur sæti laus |

# Skíðaveisla í Austurríki

Flachau og Lungau.
Vikuferð með hálfu fæði

frá 119.900 kr.



### Ótrúlegt verð

Skihotel Speiereck *** – Lungau
119.9000 kr. – hálft fæði

Netverð á mann, m.v. tvo fullorðna og tvö börn, 2-11 ára, í herbergi með hálfu fæði 4. febrúar í viku. Netverð á mann í tvíbýli með hálfu fæði kr. 139.500

Fleiri gististaðir í boði – sjá www.heimsferðir.is

# Borgarveisla í haust

frá 79.900 kr.
– flug og gisting*



## Barcelona

13. okt. í 4 nætur – Örfá sæti laus
frá 109.800 kr.

Netverð á mann í tvíbýli með morgunverði á Hotel Numancia.

## Búdapest

6. okt. í 4 nætur – Örfá sæti laus
20. okt. í 4 nætur – Örfá sæti laus
frá 89.900 kr.

Netverð á mann í tvíbýli með morgunverði á Hotel Tulip Inn.

## Ljubljana

20. okt. í 4 nætur – Nokkur sæti laus
frá 99.900 kr.

Netverð á mann í tvíbýli með morgunverði á Hotel Park.

## Róm

28. okt. í 4 nætur – Örfá sæti laus
frá 119.900 kr.

Netverð á mann í tvíbýli með morgunverði á Hotel Galles.



## Prag

29. sept. í 3 nætur – Nokkur sæti laus
6. okt. í 4 nætur – Uppselt
*frá 79.900 kr.

Netverð á mann í tvíbýli með morgunverði á Hotel Ilf 29. september.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# Lífsreynslan hefur áhrif á heilsufar

Læknisfræðin hefur málað sig út í horn með því að einblína um of á líffræði líkamans og hunsa mikilvægi ævisögu og umhverfis sjúklinga, segir **Linn Getz** læknir og vísindamaður. Hún bendir á að nýjustu rannsóknir renni stoðum undir að huga beri að aðstæðum fólks þegar líkamlegir kvillar eru teknir til skoðunar. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** ræddi við Linn.

Mig hefur langað til að varpa ljósi á það að ævi fólks og aðstæður hafa líffræðileg áhrif á líkamann. Tungutak læknisfræðinnar hefur hins vegar varla leyft þessa nálgun undanfarna áratugi. Nú hafa hins vegar birst rannsóknir úr heimi náttúruvísinda, sem sýna fram á áhrif umhverfis, uppeldis og atlætis á líkama fólks og heilsu,“ segir Linn Getz, læknir og vísindamaður, sem undanfarin ár hefur vakið athygli meðal kollega sinna á Norðurlöndum og víðar fyrir rannsóknir á mikilvægi samskipta og samspils lífsreynslu og líffræðilegra áhrifa á líkamann. Hún hlaut norrænu rannsóknarverðlaunin í heimilislæknisfræði 2011 fyrir brautryðjendastörf á þessu sviði.

Linn er norsk en hefur verið búsett hér á landi síðan 1996 en hún er gift Jóhanni Ágústi Sigurðssyni, prófessor í heimilislækningum, og saman eiga þau tvö börn. Linn starfar sem trúnaðarlæknir Landspítalans en hún er sömuleiðis dósent í heimilislæknisfræði við háskólann í Noregi. Hún hellti sér út í rannsóknir fyrir nokkrum árum og þá beindi hún fyrst sjónum sínum að áhættuhugtakinu eins og það er notað meðal lækna.



**SKÓLAKERFIÐ ER MIKILVÆGT** Ef öll börn fá að njóta sín og upplifa öryggi og virðingu í skólanum er ég fullviss um að sjúklingar framtíðarinnar verði færri,“ segir Linn Getz. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Barn sem verður fyrir ofbeldi getur orðið að fullorðnum einstaklingi sem glímir við verki, þunglyndi og aðra sjúkdóma.

### Áhættufaraldur heilsuspillandi

„Það hefur verið mikil áhersla lögð á áhættuþætti. Til dæmis eru gefin út viðmið fyrir æskilegan blóðþrýsting og kólesterólgildi eða blóðfitugildi. Læknum er gert að fara eftir leiðbeiningum sem einblína einungis á líffræði líkamans en sleppa því að ræða áhrif streitu til dæmis, sem þó er vitað að hefur áhrif á blóðþrýsting svo dæmi séu tekin af þeim leiðbeiningum,“ segir Linn sem einnig bendir á að tilhneiging sé til að færa viðmiðin með þeim afleiðingum að fleiri lenda í áhættuhópi.

Nývverið var til dæmis viðmiði um æskilegan blóðþrýsting breytt og í kjölfarið eru um 70 prósent norskra karla um tvítugt talin með óæskilega háan blóðþrýsting. „Þegar svo er komið þá þarf að ræða viðmiðið,“ segir Linn og sýnir mér tölur úr norskri rannsókn sem sýna að einungis lítill hluti Norðmanna sé við góða heilsu sé farið eftir mælingum á áhættuþáttum en það skjóti skökku við þá staðreynd að meðalævi Norðmanna sé yfir 80 ár.

„Okkar rannsóknarhópur hefur efast um að þessi „áhættufaraldur“ sé góður fyrir heilsuna. Við megum ekki gleyma að þetta er áhugamál sterkra hagmunasamtaka. Það er svo mikill peningur í kólesteról- og blóðþrýstingsiðnaðinum. Ekki bara í lyfjum, heldur í alls kyns lífsstílsfræðum. Það er mikilvægt að fólk hreyfi sig og hugi að því sem það borðar en hvatningin verður þó að vera vellíðan og lífsgæði en ekki það að uppfylla læknisfræðilega staðla.“

### Skimanir hafa líka galla

Linn bendir einnig á að skimun fyrir krabbameini sé flóknara viðfangsefni en fram kemur í upplýsingum til almennings. „Skimanir hafa bæði kosti og skaðvænlegar afleiðingar, en í boðsbréfum um skimun koma eingöngu fram upplýsingar um hugsanlega kosti. Það að fara í brjóstamyndatöku vegna skimunar, getur verið góður valkostur, en það sama á einnig við um það að velja að fara ekki. Erlendar rannsóknir benda á að mikið sé um ofgreiningar, sem þýðir að margar konur ganga í gegnum meðferð við brjóstakrabbameini sem hefði kannski aldrei orðið að alvarlegu meini. Hér vill stundum gleymast að krabbameinsmeðferð getur verið mjög erfið og skapað skilyrði fyrir nýja sjúkdóma hjá sjúklingnum.“

Linn segir nauðsynlegt að læknar fari að hugsa á róttækan hátt um fræðin og losi sig undan hefð sem geri ráð fyrir að líta megi á líkamann sem gangvirki eins og hverja aðra vél.

„Stundum er sagt að rétt eins og fara eigi með bílinn í skoðun árlega ætti fólk að fara í heilsutékk á hverju ári. Þessi samlíking stenst ekki þar eð önnur lögmál gilda fyrir lifandi hugsandi verur en fyrir bíla. Það er ekki nóg að fara til læknis og láta mæla hitt og þetta ef persónulegt viðtal er ekki hluti af matinu,“ segir Linn. Mikilvægasta „heilsutékkið.“ sé í raun að spyrja fólk hvað því finnist sjálfu um heilsu sína.

### Hugur og líkami heild

Hún segir láta nærri að innan læknastéttarinnar hafi stundum lítið verið gert úr læknum sem hafi sýnt áhuga á ævisögu og lífsskilyrðum sjúklinga sinna. Nú sýna nýjar rannsóknir hvernig lífsreynslan „skrifar sig inn í“ líkamann og hafi þannig víðtæk áhrif á heilsu og sjúkdóma. Því fái hún oft mjög þakklát viðbrögð við fyrirlestrum sínum fyrir lækna sem þakka henni fyrir innblástur og hvatningu til að ræða við sjúklinga.

„Læknar segja mér að þeim hafi liðið eins og í spennitreyju, allt hafi gengið út á líffræði líkamans og aðstæður fólks ekki átt að skipta máli. Hugur og líkami eru órjúfanleg heild og það sem við upplifum getur haft mikil áhrif á líkama okkar. Það er til dæmis ekki óalgengt að þeir sem þjást af vöðvaverkjum eða vefjagigt eigi sér erfiða fortíð.

Barn sem þarf að taka ábyrgð mjög snemma, til dæmis á foreldum sem eru alkóhólistar, eða barn sem verður fyrir ofbeldi getur orðið að fullorðnum einstaklingi sem glímir við verki, þunglyndi og aðra sjúkdóma. Því betur sem við skiljum hvernig ævisagan og heilsufarið spila saman, því meiri tækifæri höfum við á að skilja og hjálpa viðkomandi,“ segir Linn sem segir gagnrýnivert að líta á þunglyndi sem bara líffræðilegan sjúkdóm sem spretti upp án utanaðkomandi skýringa.

Það sé mikilvægt að læknir reyni að komast að því í samtali við sjúkling sinn hvað varð kveikjan að þunglyndinu, því oft sé orsökin atvik eða aðstæður sem eiga sér lengri sögu. „Sama má segja um króníska verki, það er nauðsynlegt fyrir lækni sem vill veita góða meðferð að kynnast ekki bara verkjunum heldur einnig persónunni sem hann er að meðhöndla. Ævisaga og lífsreynsla mótar mannslíkamann strax frá upphafi.“

### Besta forvörnin í góðu skólakerfi

Og þá víkur talinu að skólakerfinu. „Frekar en að láta heilbrigðiskerfið þenjast endalaust út, getur verið rétt að fjárfesta í skólakerfinu. Ef öll börn fá að njóta sín og upplifa öryggi og virðingu í skólanum er ég sannfærð um að sjúklingar framtíðarinnar verði færri. Þetta er forvarnastarf sem virkilega skiptir máli,“ segir Linn sem nýverið lagði hönd á plóg við gerð norskrar stefnumótunar um forvarnastarf í heilsugæslu.

„Við lögðum áherslu á að öll börn ættu rétt á að alast upp í návist fullorðinna sem taka ábyrgð. Við vitum að það eru ekki allir foreldrar sem uppfylla þessi skilyrði og þess vegna er skólakerfið frá leikskólaaldri og upp úr svo mikilvægt, þar eiga börn að geta átt öruggt athvarf. Það hefur líka verið sýnt fram á að börn sem alast upp við erfiðar aðstæður án þess að það valdi þeim erfiðleikum hafa iðulega átt sér verðuga fullorðna stuðningsaðila.“

Með því að skoða fortíð og umhverfi fólks er þó alls ekki meiningin að búa til fórnarlömb aðstæðna, Linn segir einmitt mikilvægt að fólk taki málin í sínar hendur. „Fólk sem hefur glímt við kvíða og vanlíðan með tilheyrandi veikindadögum getur ef til vill samhliða lyfjameðferð og með stuðningi læknis leitað að rótum vandans og ákveðið að skrifa næstu kafla í ævisögunni sinni með öðrum hætti. Með því aukast líkurnar á því að kvillarnir hætti að hrjá fólk og líf þess verði betra.“

## GÖMUL OG NÝ SANNINDI

### Miðaldakarl í krísu

Ívars þætti Ingimundarsonar sem finna má í Morkinskinnu segir frá því hvernig þunglyndi herjar á skáldið Ívar í kjölfar þess að bróðir hans giftist konu sem hann unni. Ívar dvelur við hirð Eysteins konungs sem var ráðagóður mjög. Eysteinn reynir að hressa hirðmann sinn við með því að bjóða honum gjafir eða vonir um annað kvonfang. Ekki hefur Ívar áhuga á boðum konungs fyrr en hann segist ætla að hitta hann reglulega og ræða konuna sem hann syrgir „því það verður stundum að mönnum verður harms síns að léttar er um er rætt,“ eins og segir í Morkinskinnu enda gengur það eftir. Linn segir að henni hafi hlýnað um hjartarætur er hún las þennan þátt. „Því fyrst að menn í karlaheimi víkingatímans þurftu á viðtalsmeðferð að halda, hvers vegna ættu menn ekki að þurfa það í dag?“

### Líðan í móðurkviði getur haft áhrif alla ævi

Barn í móðurkviði verður strax fyrir áhrifum sem geta haft áhrif á ævi þess. Margt bendir til þess að líðan móðurinnar og einnig mataræði hafi áhrif á erfðamengi fóstursins, það er að segja hvaða gen verða virk og hver ekki. Líkurnar á því að börn fái ofvirkni og athyglisbrest virðast til dæmis aukast ef móðirin býr við mikla streitu eða ofbeldi á meðgöngu. ADHD getur samt hrjáð einstaklinga sem búa við gott atlæti en tölfræðilega séð bendir allt til þess að umhverfisþættir hafi töluverð áhrif. Hingað til hefur það verið talin afskiptasemi að skoða fjölskyldu- og heimilisaðstæður hjá barni sem er að þróa með sér atferlisbrest eða geðsjúkdóm.

En vísindin sýna réttmæti þess að hugsa þessi mál heildrænt. Svo er næsta spurning hvaða meðferðarúrræði verða fyrir valinu. Stundum er þörf á lyfjum en jafn mikilvægt getur verið að tryggja að barnið fái góðan stuðning, að því séu sett mörk og að barn með hreyfiþörf fái útrás,“ segir Linn sem bendir á að samfélag



dagsins í dag stuðli að ADHD-hegðun. „Erfðir sem stuðla að ofvirkni eru ekki endilega sjúkdómsgen. Þessi gen hafa sennilega leitt til framfara í sögu mannkynsins. En þau geta orðið til vandræða í okkar samfélagi þar sem ætlast er til að öll börn sitji kyrr og einbeiti sér.“

### Konur fengu fyrir hjartað í hruninu

Áhrif umhverfisins á líðan fólks birtist með ýmsum hætti. Í vikunni eftir hrun bankanna 2008, vikunni eftir að Geir H. Haarde þáverandi forsætisráðherra bað Guð að blessa Ísland, leituðu óvenju margar konur á bráðamóttöku Landspítalans vegna hjartans. Linn er einn höfunda rannsóknar á þessum áhrifum hrunsins en niðurstöðurnar verða birtar bráðlega. „Við veltum fyrir okkur hvað varð til þess að það voru aðallega konur sem fengu fyrir hjartað. Það sama gerðist ekki hjá karlmönnum. Upplifðu konur að það var vegið að grundvelli tilverunnar á þessum tíma; öryggi fjölskyldunnar sem konur láta sig gjarnan miklu varða? Þess má geta að rannsókn í Þýskalandi sýndi aukningu hjartasjúkdóma, og þá aðallega hjá karlmönnum, á keppnisdögum þegar HM í fótbolta stóð yfir árið 2006.



# ÞÓR - KR

**Úrslitaleikur á Laugardalsvelli**

## 13. ágúst kl. 16




**MÆTTU Á STÆRSTA LEIK SUMARSINS!**

VALITOR
BIKARINN



**SUMARLEGT** Millilína Stellu McCartney var glaðleg og þægileg. Hér er hönnuðurinn ásamt fyrirsætum sínum.



**Blómlegt** Falleg peysa frá Givenchy. Munstrið minnir svolítið á það sem var í haustlínu tískuhússins.

# ÞÆGINDI OFAR ÖLLU

Tískuhúsin hafa mörg verið að frumsýna svokallaðar resort-línur, eða millilínur, fyrir árið 2012. Línur **Givenchy** og **Stellu McCartney** hafa vakið sérstaka athygli og þykja með þeim fallegustu í ár.

Tískuhúsin hafa mörg verið að frumsýna svokallaðar resort-línur, eða millilínur, fyrir árið 2012. Þessar tískulínur eru sýndar áður en sumartískan er kynnt en gefa vísbendingu um sumartískuna á næsta ári. Í ár vöktu Givenchy og Stella McCartney sérstaka athygli.

Riccardo Tisci, yfirhönnuður Givenchy, hefur endurvakið vinsældir tískuhússins síðan hann tók við stjórnartaumunum og heldur uppteknum hætti. Hann boðar nú látlausa tísku, afslappaða og glaðlega og voru munstruðu skórnir sem Tisci hannaði í stíl við kjólana sérlega skemmtilegir. Einnig mátti sjá peysur með blómaprenti sem minna um margt á fallegu peysurnar úr haustlínu Givenchy.

Millilína Stellu McCartney samanstóð af flíkum með fallegu Havaí-munstri, þægilegum blazerjökkum og mörgum litríkum, röndóttum flíkum. Til gamans má geta að hún var ekki frumsýnd á tískupalli líkt og venja er, heldur í garði þar sem fyrirsætur léku krokket og blönduðu geði við gesti.



**Afslappað** Stella McCartney lék sér með Havaí-munstur á mjög skemmtilegan hátt.



**Þægindi** Fallegur blazer-jakki og klassísk munstur frá Stellu McCartney.


Aðeins í dag!

Til sölu Bluefin Túnfiskur.
Eitt mesta gæða hráefni á fiskmarkaðnum.

Opið laugardag frá kl 10:00–15:00.

Fiskbúðin Mos
Sími 578 6699




## Nákvæmlega það sem þú vilt

**Dell Inspiron N5110** með Intel® Core™ i5 örgjörva er verkfæri, eins og hamar eða blýantur, bara aðeins flóknari. Það sem skiptir máli er hvað þú gerir við hana. Notarðu **HD myndavélina** til að spjalla við vini eða í eitthvað enn sniðugra? Notarðu **útskiptanlegu bókin** til að sýna hvaða smekk þú hefur eða til að senda kennaranum skilaboð? Læturðu **Intel** örgjörvann sýna krafta sína í tölvuleikjum eða við kvikmyndagerð? Þú ert það sem þú gerir **- gerðu það með Dell!**

## Dell Inspiron

**fartölvur á skólatilboði frá**

**79.900 – 179.900**

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and/or other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



Grensásvegi 10 | Tryggvabraut 10 | 440 9000 | Vefverslun
108 Reykjavík | 600 Akureyri | sala@ejs.is | www.ejs.is

DELL | EJS | HLUTI AF SKÝRR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð eru með vsk.



**ÞRIÐJI ÁRATUGURINN** Borðstofa á reykvísku heimili, myndin er tekin á bilinu 1920 til 1930. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**FIMMTI ÁRATUGURINN** Horft inn í reykvíska stofu árið 1949. Arinn, pottablóm og dönsk húsgögn setja svip sinn á rýmið. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**SJÖTTI ÁRATUGURINN** Dagstofa í fjölbýlishúsi á Kaplaskjólsvegi árið 1959. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR.

# Jaðarþjóð í hönnun

Íslensk híbýlamenning tók miklum breytingum á 20. öldinni segir **Arndís S. Árnadóttir** listfræðingur. Hún sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* að Íslendingar 20. aldarinnar hefðu tekið nútímalegum húsgögnum fagnandi.



**HÖNNUNARSAGAN Á KEMST Á BLAÐ** Arndís S. Árnadóttir fjallar um mótun íslenska nútímaheimilins í doktorsritgerð sinni sem hún ver í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Biðin eftir því að einhver færi að rannsaka íslenska hönnunarsögu og sögu íslensks listiðnaðar var orðin ansi löng. Svo ákvað ég bara að hella mér út í verkið sjálf," segir Arndís S. Árnadóttir listfræðingur sem ver doktorsritgerð sína, Nútímaheimilið í mótun – fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900-1970, næsta föstudag. Efniviðurinn er umfangsmikill; breytingar á híbýlaháttum á Íslandi á tímabilinu.

„Í upphafi tímabilsins er húsakostur fábreyttur og fáir sem sinntu húsgagnasmíði. Svo skýtur hin borgaralega heimilismenning rótum hér á landi, híbýlahættir breytast, húsum fjölgar og baráttan fyrir betri vistarverum heldur innreið sína. Og vissulega verða miklar sjónrænar breytingar á húsakosti þegar fúnkjónalisminn breiðist út."

Arndís segir að strax í upphafi 20. aldar hafi lærðum húsgagnasmiðum fjölgað og þeir flutt strauma og stefnur hingað til lands frá Danmörku þar sem flestir lærðu auk þess sem nokkrir héldu til Þýskalands. „Hefðin var svo að iðnaðarmenn fóru í ferðalag að loknu námi til að læra meira og því voru þessir menn talsvert sigldir þegar heim kom og vel að sér um handverk og húsgagnahefðir í Evrópu."

Í upphafi aldarinnar var stássstofan stolt borgaralegri heimila, en svo varð áherslan á sérstaka borðstofu, þá dagstofu þar sem allir gætu hafst við. Eldhúsið var hins vegar alltaf miðdepill heimilisins og segir Arndís Íslendinga hafa snemma tileinkað sér skipulag í eldhúsum sem byggði á nýjustu rannsóknum vinnuvísinda á heimilum. „Íslenska eldhúsið var alltaf aðskilið frá öðrum rýmum sem er öðruvísi en á hinum Norðurlöndunum en má ef til vill rekja til íslenska hlóðaeldhússins sem var aðskilið frá öðrum vistarverum."

Nýjar vistarverur og fleiri hús kölluðu á húsgögn og segir Arndís að íslensk framleiðsla hafi blómstrað á kreppuárunum þegar reglur um innflutning voru hertar verulega. Síðan hafi aftur hafist mikið blómaskeið íslenskrar hönnunarsögu eftir heimsstyrjöldina síðari, einkum eftir 1950 og það hafi staðið til 1970. „Þá gerðist Ísland aðili að EFTA og innflutningur á húsgögnum jókst gífurlega. Í kjölfarið versnaði hagur húsgagnafyrirtækja sem höfðu mörg lagt upp laupana um 1980."

Á þessu blómaskeiði var framleitt mikið af húsgögnum hér á landi og segir Arndís nútímastíl í norrænum anda hafa verið nær alls ráðandi. „Ólíkt því sem gerðist til dæmis í Englandi, þar sem mjög algengt var að húsgögn voru smíðuð í stíl liðinna tíma, þá tóku Íslendingar nútímanum opnum örmum." Arndís telur að um tíundi hluti innlendra húsgagna á þessu tímabili hafi verið íslensk hönnun, teiknuð og smíðuð hér á landi. Hin húsgögnin hafi ýmist verið smíðuð eftir erlendum teikningum eða verið eftirlíkingar.

Meginniðurstöðu rannsóknarinnar segir Arndís vera að Íslendingar hafi verið dæmigerð jaðarþjóð í hönnun sem sótti sér innblástur og þekkingu til annarra landa. Hér hafi starfað færir hönnuðir en sérstaklega á fyrri hluta tímabilsins hafi Íslendingar ekki tekið þátt í norrænu hönnunarbylgjunni. Stuðning stjórnvalda hafi skort, söfn og rannsóknir og kunnáttu vantað til þess að það gæti orðið. Það hafi breyst undir lok tímabilsins. „Það komu líka mjög margir merkir hönnuðir úr námi í upphafi sjötta og sjöunda áratugarins sem gerðu afar góða hluti."




## EINBLÍNDI EKKI Á EINSTAKA HÖNNUÐI





## Nýjungagjarnir Íslendingar hentu húsgögnum



Ég ákvað í þessari rannsókn að einblína ekki á þekkta hönnuði heldur skoða framleiðsluna frá öllum hliðum og hugsunina á bak við hana," segir Arndís og bætir við að viss nöfn skjóti þó alltaf upp kollinum, hönnuðir sem höfðu mótandi áhrif. Hér má nefna Jón Halldórsson í upphafi aldar, Jónas Sólmundsson á fjórða áratugnum, Svein Kjarval á þeim sjötta og Gunnar Magnússon og fleiri á þeim sjöunda. Arndís segir ljósmyndir og auglýsingar hafa verið mjög verðmætar heimildir og sömuleiðis gögn sem tengjast iðnsýningum. Nokkuð sé varðveitt af hönnuninni sjálfri en miklu hafi þó verið hent. „Íslendingar hafa alltaf verið nýjungagjarnir og losuðu sig margir við íslensku húsgögnin þó að vissulega hafi ýmislegt varðveist."

Auk þess að vera listfræðingur er Arndís menntaður innanhússhönnuður og bókasafnsfræðingur. Hún veitti bókasafni Myndlista- og handíðaskólans lengi forstöðu. Það varð síðar bókasafn Listaháskólans. Þannig kynntist hún vel hönnunarsögu Íslands og afréð að fara sjálf út í rannsóknir á henni. „Það er mjög margt órannsakað í henni, doktorsritgerðin mín er vonandi bara byrjunin."

# ALLT FYRIR SKÓLANN!

PAÐ ER SPORT AÐ SPARA



3.990

NIKE FUNDAMENTALS GRAPHIC BACKPACK
Skólataska.



2.690

**NIKE ENTRY TEE**
Stuttermabolur úr bómull. Stærðir: 128-170.



SETT: Jakki og buxur

6.990

**NIKE ENTRY POLYWARP WARMUP**
Skólasett. Jakki og buxur úr polyester. Stærðir: 128-170.



6.990

**NIKE MAIN DRAW**
Slitsterkir götuskór úr leðri. Stærðir: 36-40.

## KLÚBBTILBOÐ

GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT



1.690

(fullt verð 2.690)

**NIKE FUNDAMENTALS GYMSACK**
Poki fyrir íþrótta- og sundfatnað.



SETT: Stuttbuxur og bolur

(fullt verð 6.980)

4.990

**NIKE PARK GAME JERSEY / KNIT SHORT**
Íþróttasett. Stuttermabolur og stuttbuxur úr dri-fit efni með góðri öndun. Litir: Blátt, rautt. Stærðir: 128-170.



4.990

**NIKE STYLE ESS NYLON PANT**
Netfóðraðar íþróttabuxur úr nylon-efni. Litir: Svartar, bláar. Stærðir: 128-170.

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

EXPO • www.expo.is





# Stórbrotið stuðlaberg

Ægifagurt stuðlaberg í Kálfshamarsvík heillaði **Stefán Karlsson ljósmyndara** upp úr skónum þegar hann var þar á ferð á dögunum. Kálfshamarsvík er rétt norðan Skagastrandar. Góð náttúruleg höfn er í víkinni sem varð til þess að þar varð til vísir að þorpi í upphafi 20. aldar. Byggðinni hnignaði hratt á fjórða áratugnum og um 1940 höfðu flestir flutt á brott. Heimsókn í víkina er þó enn vel þess virði.









ágúst 2011

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## *Líftækni í ljósi bókmennta*

Vélmenni, gervimenni og klón eru viðfangsefni bókar Úlfhildar Dagsdóttur.

SÍÐA 6





## *Hrafninn kyssir í Rekavík*

Evan Fein hefur samið kammeróperu sem gerist í Rekavík á Hornströndum. SÍÐA 2



# Listasagan

## HEFUR ORÐIÐ

SÍÐA 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





VIKUTILBOÐ Á GEISLADISKUM

ALLTAF BETRA VERÐ

SEX VERSLANIR

| | | Verð áður | TILBOÐ |
|---|---|---|---|
| Philips CR7D5JB25 | 25 stk. CD-R diskar á spindli | 2.990 | 1.990 |
| Philips CR7D5NB00 | 100 stk. CD-R diskar á spindli | 9.990 | 6.990 |
| Philips DR4S6B25F | 25 stk. DVD+R diskar á spindli | 4.990 | 3.490 |
| Philips DR4S6J10C | DVD+R diskur í hulstri | 249 | 169 |

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

# HRAFNINN KYSSIR *í Rekavík og Nýju-Jórvík*

Verkaskrá bandaríska tónskáldsins ***Evans Fein*** er orðin ansi löng enda var hann farinn að semja lög og skrifa þau við píanóið sitt aðeins sex ára gamall. Hann er nú með mastersgráðu í tónlist frá Juilliard-skólanum í New York og hefur numið við háskóla í Berlín og París. Nýjasta fjöðrin í hatti hans er kammerópera sem byggir á íslenskri heimildaskáldsögu sem gerist í Rekavík á Hornströndum.



**EVAN FEIN** **„This is a coffeehouse kind of town“ sagði hann um Reykjavík.** MYND/HAG

TÓNLIST
NÍELS RÚNAR GÍSLASON

Ég kynntist Þorvaldi Davíð Kristjánssyni sem var við leiklistardeildina í Juilliard. Við urðum vinir og svo kom hann til mín með þessa hugmynd að vinna eitthvað upp úr sögunni Grunn er sú lukka. Sagan fjallar um dularfulla konu og ástarþríhyrning,“ segir Evan um tilurð kammeróperunnar. Efnið sem Þorvaldur vildi vinna með eru atburðir sem gerðust um miðja 18. öld í Rekavík á Hornströndum og Þórleifur Bjarnason (1908-1981) notaði í heimildaskáldsögu sem kom út árið 1978.

Sagan er eitthvað á þá leið að vor eitt komu til Rekavíkur Sveinn Jónsson og Sigríður nokkur, en þau höfðu strokið úr vist í Arnarfirði. Þau fengu að leynast hjá Kolbeini Jónssyni og fjölskyldu hans. Sveinn er sagður hafa komist á hollenska duggu en fylgikona hans hvarf. Fjórtán árum síðar var nýjum presti úthlutað brauðinu á Hornströndum og hóf hann rannsókn málsins, ekki endilega af sannleiksást heldur vildi hann nota hugsanlegt morðmál til að geta gegnt embætti í þægilegri landshluta.

Evan og Þorvaldur vissu ekki nákvæmlega hvað þeir vildu vinna upp úr sögunni. Þeir lögðu því upp í svaðilför. „Við vildum athuga hvort við gætum fundið innblástur. Við ákváðum því að pakka dótinu okkar í jeppa um miðjan vetur 2009 og aka vestur til Bolungarvíkur. Þar ætluðum við leigja bát og sigla honum sjálfir til Rekavíkur,“ segir Evan en ferð sú gekk ekki betur en svo að snjóskriða lokaði leiðinni til Bolungarvíkur og tafði för þeirra. Vont var í sjóinn í þokkabót svo þeir lögðu ekki upp í háskalega siglingu.

„Við komumst ekki alveg alla leið,“ segir Evan og brosir lymskulega. „En ég komst þangað í huganum. Ísland er svo fallegt og Vestfirðir svo dramatískir. Við snerum aftur til Ameríku og héldum samræðum okkar áfram og niðurstaðan varð sú að við gerðum nokkuð sem mig hefur alltaf langað að gera: Óperu. Sumarið 2010 kom ég aftur og ferðaðist, hlustaði á alls konar óperur og íslenska söngvara, kynnti mér landið í þaula og talaði við landsmenn. Svo unnum við Þorvaldur textann í sameiningu og ég kompóneraði,“ segir Evan.

Úr þessu varð til The Raven‘s kiss, eða Koss hrafnsins. Um er að ræða kammeróperu fyrir fimm söngvara og tvö píanó. Verkið var flutt af nemendum við Juilliard-skólann í Paul Hall í New York í maí síðastliðnum og nú standa yfir viðræður við Scandinavian House í sömu borg um að setja verkið aftur á svið.

Koss hrafnsins er aðeins brot af höfundarverki Evans Fein og ekki það eina sem snertir Ísland. Evan og Þorvaldur unnu í sameiningu lagasyrpu sem heitir Ný íslensk þjóðlög. Þorvaldur orti texta en Evan samdi einsöngslög sem hann byggir á alþýðlegum grunni. „John Brancy flutti lögin, framburðurinn er ekki fullkominn en okkur datt í hug að það væri flott að láta hann syngja á íslensku. Ég spái því að Brancy verði stórstjarna næstu kynslóðar óperusöngvara,“ segir Evan en þessar áhugaverðu upptökur má heyra á heimasíðu hans á internetinu.

Hitavörður




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Stendur vörð um innra hitastig kjötsins.
Margreyndur í að ráða við erfiðar aðstæður og þjálfaður í að bregðast skjótt við ef upp úr sýður.
Hefur um árabil átt gott samstarf með nautakjöti, lambi og svínakjöti svo fátt eitt sé nefnt.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is

## Eins og skáldið sagði

*Eyþór Árnason*

### Ágústmyrkur

Svo ég komi aftur að ágústmyrkrinu;
þá bíður drengur bak við stráin
– draumar flögra um flóann,
hallamálið í heilanum er óstöðugt
og dimman svo mikil að ekki sést
til sláttumannsins sem stendur
í skáranum og lætur syngja í ljánum…

Allt á sveimi eins og á rökkurmynd
úr gömlu kassavélinni heima



**Eyþór Árnason** (1954) hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2009 fyrir frumraun sína, Hundgá úr annarri sveit. Ágústmyrkur er tekið úr annarri ljóðabók hans, Svo ég komi aftur að ágústmyrkrinu, sem er væntanleg frá Uppheimum í lok þessa mánaðar.

**menning** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Bergsteinn Sigurðsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is


ego dekor
-25%
-30%
Eikarskenkur
Stærð: 180 cm
Verð: 159.900,
ÚTSÖLUVERÐ: 119.425,-
Stækkanlegt eikarborð
Stærð: 160(248)x100
Verð:139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 97.930.-
-25%
AIR tungusófi
Stærð: 285x165
Verð:245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ
183.750.-
-50%
TV Skenkur - Hvítt háglans
Breidd: 240 cm
Verð:139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
69.950.-
-30%
AURORA sófaborð – Hvítt háglans
Stærð: 120x70 Verð: 49.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 34.930.-
ÚTSALAN ER HAFIN
20-50% AFSLÁTTUR
-20%
CAVIAR tungusófi
Stærð: 315x165 Verð: 248.000,-
ÚTSÖLUVERÐ 198.400.-
Hnotuskenkur
Stærð: 150 cm
Verð: 119.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 95.200,-
-20%
-20%
SICILY tungusófi
Stærð:268x165 Verð: 219.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 175.200,-
-30%
Hnotuborð
Stærð: 180x100
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
69.930.-
-20%
MARGARET tungusófi
Stærð: 286x172 Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 196.000,-
-25%
CLIO leðurstóll
ÚTSÖLUVERÐ
11.925,-
-20%
SABINE leðurstóll
ÚTSÖLUVERÐ
13.520,-
-25%
OLIVER stóll
ÚTSÖLUVERÐ
14.175,-
Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10:00 - 16:00 Sun 13:00 - 16:00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Fyrsta heildræna yfirlitsritið um íslenska listasögu er væntanlegt í lok september. Þetta er tröllaukið verk sem spannar samtals fimm bindi, 1.500 síður í stóru broti og inniheldur litljósmyndir af hundruðum listaverka. Fjórtán höfundar hafa unnið að verkinu undir ritstjórn ***Ólafs Kvaran***, prófessors í listasögu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann segir verkið lykilinn að því að gera listasögu Íslands frá síðari hluta 19. aldar til okkar tíma aðgengilega fyrir almenning í fyrsta sinn.

MYNDLIST BERGSTEINN SIGURÐSSON

Hugmyndin um að skrifa listasögu Íslands varð til um aldamótin þegar Ólafur Kvaran var forstöðumaður Listasafns Íslands og kom í sjálfu sér ekki til af góðu.

„Um þetta leyti var mikið rætt innan safnsins þessi mikli vandi sem safnið á við að etja, að geta ekki sýnt með heildstæðum hætti íslenska listasögu sökum þrengsla. Safnið er hreinlega of lítið til að geta uppfyllt hlutverk sitt um að gefa heildstætt yfirlit um sögu myndlistar hér á landi. Þetta er mjög sérkennileg staða fyrir þjóð að hafa ekki aðgengi að sinni arfleifð. Það var í þessu samhengi að það fór af stað umræða hvernig mætti bregðast við þeim vanda. Aðgengið að listaverkaeign safnsins jókst vissulega upp úr aldamótunum þegar við opnuðum gagnagrunn um safnkostinn en við fórum líka að ræða möguleikann á útgáfu á heildstæðu yfirlitsriti um íslenska listasögu frá síðari hluta 19. aldar til okkar daga. Árið 2005 fengum við fjárveitingu að tillögu menntamálaráðuneytisins frá Alþingi fyrir verkinu og þá fóru hjólin að snúast. Næstu tvö árin fóru í að undirbúa og skipuleggja verkið, sem hófst fyrir alvöru vorið 2007. Þetta verkefni teygir því anga sína nokkuð langt aftur.“

Verkið var komið á fullan skrið þegar efnahagshrunið reið yfir. Ólafur segir að útlitið fyrir útgáfuna hafi ekki verið bjart í kjölfarið. „Sem var auðvitað skiljanlegt miðað við ástandið. Sem betur fer varð sú niðurstaða ofan á að halda verkinu til streitu. Mér finnst það lýsa miklum metnaði af hálfu Listasafns Íslands, menntamálaráðuneytisins og Forlagsins að tryggja útgáfuna í ljósi þess hvað erfiðleikarnir voru margþættir.“

> Eitt af okkar stóru vandamálum er að listasagan hefur ekki verið sýnileg fram að þessu.

**Löngu tímabært**

Ekki hefur verið gefið út yfirlitsrit yfir íslenska listasögu frá því að bækur Björns Th. Björnssonar, Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld, I og II, komu út á fyrri hluta 8. áratugarins. Ólafur segir bækur Björns mikið þrekvirki; hann hafi verið fyrstur til að setja fram heildræna túlkun á myndlist á fyrri hluta 20. aldar.

„Síðasta kynslóðin sem hann fjallar um er hins vegar sú sem kom fram á 4. áratugnum,“ segir Ólafur, „þannig það hefur verið vitað lengi að það væri þörf á nýju verki.“

Að mati Ólafs er nýja yfirlitsritið lykillinn að því að búa til nýjan grundvöll fyrir umræðu um myndlistarsögu Íslands.

„Meginhlutverkið er auðvitað að auka þekkingu og skilning á íslenskri listasögu og vonandi verður þar með einnig til nýr vettvangur fyrir frekari umræður og skoðanaskipti, bæði fyrir söguna og stöðuna í dag. Gagnvart skólakerfinu býr svona rit til algjörlegan nýjan grundvöll til að búa til nýtt fræðsluefni fyrir öll stig skólakerfisins. Ef vel verður haldið á þeim málum tel ég að hér sé komið tækifæri til að gjörbylta öllu sem heitir fræðsla um íslenska listasögu og myndlist í skólakerfinu.“



Ólafur Kvaran **Segir eðlilegt að búast við nýjum túlkunum á listasögunni í væntanlegu yfirlitsverki.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Íbúðalánasjóður

Lán til endurbóta og viðbygginga

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969



**Pitsuís, sláturís og rósaís** er meðal þeirra bragðtegunda sem Kjörís býður fólki að smakka á Ísdegi Kjöríss sem haldinn er í dag. Tilefnið er hátíðin Blómstrandi dagar sem stendur yfir um helgina í Hveragerði.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

STÓRÚTSALA
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S:551 4422

SKÓMARKAÐUR
Mikið af fínum skóm í leikfimina
no1 - st. 28-35 verð kr. 3995.-
Opið virka daga 11-18
laugardag 11-16
www.xena.is
no2 - st. 41-46 verð kr. 6795.-
TILBOÐ
no3 - st. 36-41 verð kr. 2500.-
xena
Grensásvegur 8 og Nýbýlavegur 12 - Sími 517 2040

ÚTSALAN Á FULLU,
VERÐIN SAMAN SMULLU.
Haustið nálgast kuldinn bítur Úff, Úff.
Dúnkápur/vattkápur 50% afsl. o.m.fl.
TOPPÞJÓNUSTA
TOPPVÖRUR
Næg bílastæði við búðarvegginn
ToppHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16

**Prófessor Guðlaugur ætlar að grúska í næstu vísindabyltingu og klára nýja hljómplötu um helgina.**



# Oft veldur lítil öreind ógnarkrafti

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Guðlaugur Kristinn Óttarsson, prófessor í rafeindatækni, tækjasmíði og nýsköpunarfræði við Iðnskólann í Hafnarfirði, leggur stund á dularfulla iðju vísindanna um helgina ásamt því að klára nýjan hljómdisk sem heitir Posthumous art þar sem hann vinnur með tónlist sína og látinna félaga.

Þegar blaðamann ber að garði í gullsmíðaverkstæði fjölskyldunnar er móðir Guðlaugs á svæðinu. Hún rifjar upp hvernig barn hann var: „Fyrsta rafeindatilraunin sem hann gerði var þegar pabbi hans kom með Telefunken græjur frá Þýskalandi. Hann stakk hátölurunum í 220V innstungu og sprengdi þá. Fjögurra ára gamall bjó hann til útvarp úr vindlakassa og transvestorum frá Svíþjóð. Allt í einu heyrði ég: „Útvarp Reykjavík góðan dag“ úr herberginu hans!“ segir mamma Guðlaugs og minnist þess um leið að eitt sinn hafi hún eyðilagt dýrindis armband þegar hún var að þrífa glugga. Guðlaugur hafði þá, átta ára, búið til jólaseríu sem var vaðandi í háspennu. Móðir hans rak armbandið í, hún heyrði rafmagnsóhljóð og það bráðnaði. „En það skeði sem betur fer ekkert,“ segir mamma hans og bankar í hausinn á syni sínum til að stýra góðri lukku.

Guðlaugur bankar líka í haus móður sinnar og prófessorinn segir loks frá því sem blaðamaður vildi vita: hvað hann ætlar að bardúsa um helgina.

„Kollegar mínir í útlöndum sem hafa lesið nýja útreikninga í ritgerð minni „A Relativistic Quantum Angular Momentum Breeds Jacobi Elliptic Functions as Trajectories“ segja að innihald hennar eigi eftir að valda jafn mikilli tæknibyltingu og skammtafræðin í byrjun 20. aldar. Þegar Einstein fékk nóbelsverðlaunin 1905 fór fyrst í gang rafeindabylting og hin ýmsu tækniundur spruttu fram,“ segir Guðlaugur. Hann fullyrðir að kominn sé tími á svipaða byltingu nema nú séu menn komnir miklu nær kjarnanum.

„Einstein sagði að það væri ekki hægt að skilja afstæðiskenninguna fyrr en hægt væri að skilja nákvæmlega hvað er að gerast í smæstu eindinni,“ segir Guðlaugur. Blaðamaður þykist klár og fullyrðir að menn skilji það ekki enn þann daginn í dag, ekki einu sinni Guðlaugur sjálfur! „Jú,“ segir hann. „Það er að birtast hér,“ og bendir á nýja ritsmíð sína.

Blaðamaður skilur ekki flókna útreikninga ritgerðarinnar og getur því ekki lagt mat á það hvort Guðlaugur sé snillingur, gírlaus vísindamaður eða lygalaupur. En þegar Guðlaugur sýnir fram á að hann hefur verið í samskiptum við áhugasama vísindamenn í Cambridge, Stokkhólmi, Exeter og Písa þá er ekki hægt að efast. *nrg@365.is*



# NORÐURBAKKI 11 A – STÓRGLÆSILEGAR NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ SJÁVARSÍÐUNA Í HAFNARFIRÐI.



## OPIÐ HÚS Í DAG (LAUGARDAG) MILLI KL. 12 OG 14.

- TIL AFHENDINGAR STRAX OG FLJÓTLEGA NÝJAR GLÆSILEGAR 3JA HERBERGJA 112 – 143 FM ÍBÚÐIR, FULLBÚNAR MEÐ GÓLFEFNUM MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU.
- VEL STAÐSETTAR MEÐ GÓÐU AÐGENGI.
- ALLUR FRÁGANGUR VANDAÐUR.
- TVENNAR SVALIR MEÐ STÆRRI
- ÍBÚÐUNUM. 3JA HERB. FRÁ 112 FM TIL 142,3 FM.





- FRÁBÆRT ÚTSÝNI YFIR HÖFNINA OG BÆINN.
- TVÖ BAÐHERBERGI Í STÆRRI ÍBÚÐUNUM.
- ÞVOTTAHERBERGI Í ÖLLUM ÍBÚÐUM.
- INNFELLD HALOGEN LÝSING.
- ÍSLENSKAR HÁGÆÐA INNRÉTTINGAR FRÁ AXIS
- FLÍSAR FRÁ BYKO
- ELDUNARTÆKI FRÁ AEG
- VÖNDUÐ INNBYGGÐ GROHE BLÖNDUNARTÆKI.

- GÓLFHITI.
- LYFTA.
- SÉRSTÆÐI FYLGIR ÖLLUM ÍBÚÐUM Í LOKAÐRI BÍLAGEYMSLU.
- VÖNDUÐ SAMEIGN.
- TIL AFHENDINGAR FLJÓTLEGA.

**VERÐ FRÁ KR.31 MILLJ – 43 MILLJ.**



ÁS FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17 - 220
220 Hafnarfirði
Sími. 520 2600
Fax. 520 2601

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - 108 Rvk
Sími: 588-4477 -
Fax: 588-4479
www.valholl.is

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10
221 Hafnarfirði
Sími 520 7500
www.hraunhamar.is

- með þér alla leið -

# Heilsárshús í Borgarfirði

## Sölusýning

**á laugardaginn 13.08.2011 frá kl:13-16**

**Sölumenn Mikluborgar á staðnum**

Leiðarlýsing:
Ekið ca. 10-15 mínútur frá Borgarnesi eins og ekið sé í átt að Baulu, beygt af þjóðveginum til vinstri við afleggjara merktur Valbjarnarvellir. Þar eru húsin strax á hægri hönd. **Skilti frá Mikluborg við afleggjarann.**




Miklaborg kynnir til sölu ný og glæsileg heilsárshús á eignarlóð við Þrætuás í Borgarbyggð úr landi Galtarholts. Um er að ræða 7 heilsárshús sem afhendast fullbúin að utan sem innan með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Húsin afhendast með vönduðum húsbúnaði tilbúin til notkunar sbr. sýningarhús. Lóðir eru fullfrágengnar með rúmlega 70 fm timburverönd ásamt tyrfðum bletti.
Húsin eru smíðuð á staðnum á steyptri plötu með gólfhita.
Húsin eru staðsett í grónu kjarri vöxnu umhverfi, stutt í ýmsa afþreyingu sbr. sundlaugar í Varmalandi og Borgarnesi, golf, veiði og mikla náttúrufegurð og fallegar gönguleiðir í næsta nágrenni.

## Heildarverð: 25,9 millj.

**Húsbúnaður innfalinn:**

Stofusófi, hægt að breyta í svefnsófa
Flatskjár
Borðbúnaður fyrir 12
Eldhúsáhöld, vínglös, kaffikanna o.s.frv.

Weber grill + gaskútur
Viðar útihúsgögn fyrir 6
Ísskápur
Uppþvottavél
Þvottavél
Öll ljós og myndir

Hjónarúm 150x200 Queen size
4 x 90 cm rúm
Sængur, ver, koddar fyrir 6

Nánari upplýsingar veita:
**Hilmar Jónasson,** Sölufulltrúi
sími 695-9500 hilmar@miklaborg.is og

**Heimir Eðvarðsson,** Sölufulltrúi
sími 893-1485 heimir@miklaborg.is























## Bókhalds- og þjónustufulltrúi

Félag íslenskra atvinnuflugmanna óskar eftir að ráða starfsmanneskju í vinnu við bókhald, launabókhald, almenna þjónustu við félagsmenn og önnur störf er falla til á skrifstofu félagsins. Vinnutími er frá kl. 9-15 alla virka daga. Æskilegt er að viðkomandi hafi:

- Viðskiptafræðimenntun
- Reynslu af bókhaldi
- Reynslu af launabókhaldi
- Víðtæka tölvukunnáttu
- Þjónustulipurð

Umsókn með mynd skal send a starf@fia.is fyrir 20. ágúst n.k.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna
Hlíðasmára 8 - 201 Kópavogur
Sími 599 1199 - www.fia.is - fia@fia.is

Reykjavíkurborg
Höfuðborgarstofa

## Verkefnastjóri viðburða

**Lausar eru til umsóknar tvær stöður verkefnastjóra viðburða á Höfuðborgarstofu.**

**Starfssvið:** undirbúningur, skipulagning og framkvæmd þeirra hátíða sem Höfuðborgarstofa stendur að eða kann að taka að sér með þjónustusamningum. Verkefnastjóri viðburða starfar einnig með forstöðumanni að ráðgjöf og aðstoð við aðra skipuleggjendur viðburða í Reykjavík og tekur þátt í alþjóðlegum samskiptum í tengslum við viðburði.

**Starfið krefst:**

- Háskólamenntunar og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu sem nýtist í starfi.
- Mikillar færni í íslensku og ensku, talaðri og ritaðri. Gott vald á þriðja tungumáli er kostur.
- Frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum, nákvæmni og góðra skipulagshæfileika.
- Reynslu af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Góðrar almennrar tölvukunnáttu, s.s. þekkingu á Word og Excel.
- Getu til að vinna undir álagi og geta sinnt mörgum viðfangsefnum í einu.
- Góðrar færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleika.

Vakin er athygli á að starfið er mjög fjölbreytt, krefst vinnuframlags utan hefðbundins vinnutíma og viðkomandi er að geta verið talsmaður verkefnis í fjölmiðlum og þarf því að eiga gott með að koma fram opinberlega.
Áhersla er lögð á frumkvæði, metnað og jákvæðni.

Næsti yfirmaður er forstöðumaður Höfuðborgarstofu.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: sif.gunnarsdottir@reykjavik.is auk þess sem vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.rvk.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk. Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

TRAUST FYRIRTÆKI • JÁKVÆÐUR STARFSANDI • SAMKEPPNISHÆF LAUN

## VEITINGA STJÓRI

**Veitingastjóri er leiðtogi á sínum vinnustað. Hún er fremst meðal jafningja, tekur þátt í öllum daglegum störfum, ber ábyrgð á starfsfólki og sér um allan rekstur staðarins eins og heimili.**

***EIGINLEIKAR STARFSMANNS ERU:***

- ***Minnst 35 ára***
- ***Nákvæmni og öguð vinnubrögð***
- ***Með "mömmu" eiginleika***
- ***Reynsla af heimilisrekstri***
- ***Metnaður og áhugi***
- ***Sjálfstæði, mikil ábyrgðartilfinning og hæfni í mannlegum samskiptum***
- ***Reynsla af svipuðu starfi æskileg en ekki skilyrði***
- ***Mannblendni og umburðarlyndi***

***Vinnutími er:***
***mánudagar - föstudagar 9–17***

**Fáðu nánari upplýsingar hjá Herwig:**
***atvinna@foodco.is***
**Umsóknir: http://umsokn.foodco.is**

Eld Smiðjan

netorka

Netorka hf. er hlutafélag í eigu raforkufyrirtækja sem safnar, vinnur úr og miðlar mæli- og uppgjörsgögnum fyrir íslenskan raforkumarkað.

Rekstur sameiginlegs mæligagnagrunns Netorku og notkun fullkominna upplýsingakerfa tryggir að samskipti og uppgjör á íslenskum raforkumarkaði eru í senn einföld og skilvirk.

Netorka rekur stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO27001 staðlinum.

www.netorka.is



## Verkfræðingur/tæknifræðingur

### Starf hjá Netorku

**Óskum eftir að ráða** rafmagnsverkfræðing eða rafmagnstæknifræðing til starfa hjá Netorku.

**Starfið** felst meðal annars í raforkuspágerð og rekstri spákerfis, móttöku, miðlun og úrvinnslu mæligagna ásamt umsjón með stjórnkerfi upplýsingaöryggis í samræmi við ISO27001. Viðkomandi mun einnig hafa aðkomu að ýmsum verkefnum Netorku í tengslum við raforkumarkaðinn á Íslandi.

### Hæfniskröfur

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun á sviði rafmagnsverkfræði, rafmagnstæknifræði eða sambærilega menntun, en reynsla og þekking á sviði raforkumála er æskileg. Áhersla er lögð á skipulagshæfni, fagleg vinnubrögð og ríka þjónustulund. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, sem og í hópi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 22. ágúst nk. Gengið verður frá ráðningu sem fyrst. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. **Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

**Guðný Harðardóttir** veitir nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi prófgögnum. Einnig er hægt að nálgast umsóknir á heimasíðu **www.stra.is.**

STRÁ MRI WORLDWIDE
Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 25 ár

# Fiskeldi

Arctic fish ehf óskar eftir að ráða fiskeldisfræðing eða starfsmann með góða reynslu af fiskeldi til starfa í seiðaeldisstöð félagsins. Spennandi tímar eru framundan hjá fyrirtækinu og mun viðkomandi starfsmaður koma að þeirri uppbyggingu.

**Starfssvið:**
- Framkvæmdastýring klaks og seiðaeldis
- Umsjón með endurbótum á seiðaeldisstöð
- Samstarf um áframeldi
- Samstarf um framtíðaruppbyggingu fiskeldisstarfsemi félagsins

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði fiskeldis mikill kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Brennandi áhugi á fiskeldi
- Sjálfstæði í starfi
- Góð tungumálakunnátta er kostur

TALENT RÁÐNINGAR
Linnetsstíg 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

# Leikskólinn Skerjagarður í Skerjafirði!

Er að leita að leikskólakennara eða áhugasömum starfsmanni sem sýnir frumkvæði, er jákvæður og hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum. Leikskólinn er einkarekinn, lítill og heimilislegur, tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 18. mánaða til 6 ára. Lögð er áhersla á faglegt starf, þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi.

**Allar nánari uppl. í s. 848 5213 og 822 1919**
**skerjagardur@skerjagardur.is**

# Lagerstarfsmaður

**Númer starfs:** 565880

**Starfslýsing:** Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í almenn lagerstörf.

Í starfinu felst m.a. móttaka, tiltekt, afgreiðsla á vörum og innkaup.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir frumkvæði, árangursdrifni og góðum samskiptahæfileikum. Viðkomandi þarf að vera með réttindi á sendibíl allt að 5 tonna þunga (meirapróf) og geta sinnt afleysingum í útkeyrslu.

Um framtíðarstarf er að ræða og er vinnutími alla virka daga frá klukkan 8.00 - 17.00.

Einungis reyklausir einstaklingar koma til greina

Umsækendur hafi samband við vinna.is sími 511 1144

# Ertu með ástríðu fyrir vefforritun?

## Þá gæti Betware verið með tækifæri fyrir þig!

Betware er að leita að hæfileikaríkum og metnaðarfullum vefforritara með víðtæka þekkingu á JavaScript, HTML og CSS. Viðkomandi tekur þátt í að skapa heimsklassa leikjalausnir fyrir framsækin Lotterí. Unnið er í teymum eftir Agile aðferðafræði og er rík áhersla á nýsköpun og þróun.

Hjá Betware starfa rúmlega 100 einstaklingar sem leggja allir sitt af mörkum við að skapa skemmtilegan og vinalegan vinnustað.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá á netfangið:

**applications@betware.com**

www.betware.com/about-us/career



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2011

Betware – the best bet

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Framtíðarstörf og afleysingar

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða fólk í störf á heimilum fatlaðs fólks í Hafnarfirði og á heimili fólks með geðfötlun. Bæði vantar í störf þroskaþjálfa eða starfsfólk með sambærilega menntun og einnig vantar í störf ófaglærðra starfsmanna. Í boði er vaktavinna í mismunandi starfshlutföllum. Nánari upplýsingar er að finna á www.hafnarfjordur.is undir laus störf.

**Helstu verkefni:**
- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs.
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum.

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks.
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samviskusemi .
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð.
- Aldursskilyrði 20 ár.

**Í boði er:**
- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Fjölbreytt verkefni

**Upplýsingar um störfin veita:**
- Þórunn Sif Ingvarsdóttir, sími: 534-3891/664-5749, netfang: thorunnsif@hafnarfjordur.is
- Matthildur Sigurðardóttir, sími: 565-5344/664-5730, netfang: matthildurs@hafnarfjordur.is
- Linda Björk Holm, sími: 555-3881/664-5798, netfang: lindaholm@hafnarfjordur.is
- Jóhanna Erlendsdóttir, sími: 555-2181/664-5728, netfang: johannae@hafnarfjordur.is
- Svanfríður Sigurðardóttir, sími: 555-6554/664-5720, netfang: svanfridurs@hafnarfjordur.is
- Bryngerður Bryngeirsdóttir, sími: 565-4830/664-5716, netfang: binna@hafnarfjordur.is

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til 19. ágúst 2011.** Umsóknum skal skilað til viðkomandi forstöðumanns.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði

Capacent Ráðningar
KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS
capacent

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunardeildarstjóri á geðsviði

Laust er til umsóknar starf hjúkrunardeildarstjóra á geðdeild 32A. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. október 2011 til 5 ára í samræmi við stefnu Landspítala um ráðningu yfirmanna.

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri, ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar. Hann stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun og nýtir niðurstöður rannsókna. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri geðsviðs.

Á deildinni eru 18 rými fyrir sjúklinga. Deildin þjónar einstaklingum sem þurfa greiningu og meðferð vegna geðrænna vandamála. Lögð er áhersla á teymisvinnu og endurskoðun á störfum og verkferlum á deildinni með hugmyndafræði geðhjúkrunar að leiðarljósi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Fagleg ábyrgð
» Fjárhagsleg ábyrgð
» Starfsmannaábyrgð

### Hæfnikröfur

» Hjúkrunarmenntun
» A.m.k. 5 ára starfsreynsla
» Reynsla í starfsmannastjórnun æskileg
» Framhaldsnám í hjúkrun æskilegt
» Framsækinn og dugmikill leiðtogi

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 3. september 2011.
» Upplýsingar veita Eydís Kr Sveinbjarnardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri, netfang eydussve@landspitali.is, sími 543 1000 og María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang mariaein@landspitali.is, sími 543 4034.
» Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi, ritgerðum, þróunarverkefnum og vísindastörfum sem umsækjandi hefur unnið, tekið þátt í að vinna eða birt.
» Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, umsögn stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala og viðtölum við umsækjendur.
» Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, Stjórn geðsviðs 34A við Hringbraut.
» Umsækjendum er bent á leiðbeiningar stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala á vef spítalans varðandi frágang umsókna um stjórnunarstöður í hjúkrun.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# Þjónustustjóri Keflavíkurflugvallar

**Isavia óskar að ráða kraftmikinn og áhugasaman þjónustustjóra sem hefur hæfileika til að byggja upp og þróa starfsemi á Keflavíkurflugvelli með því hæfa starfsfólki sem félagið hefur á að skipa. Um er að ræða skemmtilegt og spennandi starf í fjölbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi. Þjónustustjóri er staðgengill framkvæmdastjóra Keflavíkurflugvallar.**

**Starfs– og ábyrgðarsvið þjónustustjóra:**
Aðstoða framkvæmdastjóra við daglegan rekstur flugvallarins.

*Helstu verkefni:*
• Rekstur flugvallarþjónustu
• Öryggis- og gæðamál
• Áætlanagerð
• Starfsmannamál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• Háskólamenntun er kostur og eða önnur menntun sem nýtist í starfi
• Reynsla og eða menntun af verkefnastjórnun og áætlanagerð
• Reynsla af stjórnunarstörfum er skilyrði
• Hafa þekkingu á öryggis- og gæðastjórnunarkerfum
• Reynsla og kunnátta af notkun ýmissa vinnuvéla og tækjabúnaðar
• Áhersla er lögð á að umsækjandi hafi mikla samskiptahæfileika með góða og örugga framkomu
• Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt miklum skipulagshæfileikum
• Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu

**Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst. Umsóknareyðublöð má finna á: www.isavia.is/atvinna**

Upplýsingar um starfið veitir Sóley Ragnarsdóttir í síma 425-6313/ soley.ragnarsdottir@isavia.is

## Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Flugvallarþjónusta Keflavíkurflugvallar sér um allan reglulegan rekstur flugvallarins s.s. viðhald yfirborðs, sumar- og vetrarþjónustu, slökkvi- og björgunarþjónustu og öll öryggismál (safety) innan marka flugvallarsvæðisins. Isavia sér um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veitir flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlands- og millilandaflug auk yfirflugþjónustu yfir Norður-Atlandshafið.

Hjá Isavia starfa um 570 manns þar af um 300 starfsmenn sem starfa á Keflavíkurflugvelli. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

Capacent Ráðningar

# LEIÐTOGI RAFORKUKERFA RAFGREININGAR

RioTintoAlcan

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi, gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Alcan á Íslandi stendur í miklum fjárfestingum raforkukerfis, rafgreiningarkerfis og steypuskála til styrkingar og eflingar rekstrarins. Þess vegna er óskað eftir að ráða kraftmikinn leiðtoga í fjölbreytileg og krefjandi verkefni á sviði rafgreiningar.**

Um er að ræða áhugaverð og nútímaleg verkefni í starfsumhverfi, sem m.a. spanna viðtöku og gangsetningu nýs búnaðar rafgreiningar og stoðdeilda hennar.
Starfssviðið tekur m.a. til bestunar á rekstri rafkerfa rafgreiningar í kerskálum, skautsmiðju og kersmiðju m.t.t. nýtni, afkasta og áreiðanleika.

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri rafgreiningar. Leitað er að einstaklingi með jákvætt hugarfar til stöðugra endurbóta, hollustu og öryggis á vinnustað, með metnað og drifkraft. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með að vinna í þverfaglegum hópi. Starfið útheimtir einnig samstarf við aðrar deildir fyrirtækisins, s.s. tækni- og umhverfissvið og viðhaldssvið.



**Starfssvið**
• Eftirlit með búnaði
• Viðtaka og gangsetning nýs rafbúnaðar
• Samskipti við raforkubirgi, skipulagning og eftirfylgd raforkukaupa til að lágmarka jöfnunarorkukaup
• Bæta orkunýtni raforkukerfa rafgreiningar með lágmörkun tapa
• Ráðgjöf og þátttaka í tengdum verkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
• Meistaragráða í rafmagnsverkfræði. Sérþekking á jafnstraumsorkukerfum er kostur
• A.m.k. fimm ára starfsreynsla af áþekkum verkefnum
• Nokkur þekking á rafgreiningu
• Leiðtogahæfileikar og vilji til að gegna ábyrgðarstöðu
• Góðir samstarfshæfileikar, reynsla og færni í mannlegum samskiptum
• Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
• Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

# Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

## Verkefnastjóri á upplýsingasviði

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða öflugan einstakling til starfa á upplýsingasviði bankans. Starfið er tímabundið til tveggja ára. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfstöð í Reykjavík.

Viðfangsefni upplýsingasviðs er að annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfræðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar. Upplýsingasvið annast einnig rekstur, þróun og viðhald hug- og vélbúnaðarkerfa bankans auk gagnagrunna hans.

Seðlabanki Íslands hyggur á útboðsferli vegna kaupa á nýju viðskiptakerfi fyrir bankann. Gert er ráð fyrir að útboðið verði á haustmánuðum og í kjölfar þess hefjist vinna við mat tilboða, samningagerð, innleiðingu og prófanir. Verkefnastjórar verða tveir, einn frá fjárhagssviði, sem mun sinna viðskiptahlið verkefnisins og annar frá upplýsingasviði, sem mun sinna þeirri hlið verkefnisins sem lýtur að upplýsingatækni. Auk ofangreinds verkefnis mun verkefnastjóri sinna verkefnastjórnun við önnur tilfallandi verkefni innan sviðsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun og reynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Þekking og reynsla af innleiðingu viðskiptakerfa
- Þekking og reynsla af upplýsingatæknimálum, helst fjármálafyrirtækja
- Framúrskarandi ritfærni, bæði á íslensku og ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Einstök færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ásta H. Bragadóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og Arnar Freyr Guðmundsson, forstöðumaður á upplýsingasviði, í síma 569-9600.*

**Með auglýsingu þessari er framlengdur áður auglýstur umsóknarfrestur um starfið sem birtist í Fréttablaðinu 30. júlí sl. Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi sunnudaginn 21. ágúst nk. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

ORKUSTOFNUN

# Verkefnisstjóri

## kynningarmála á Orkustofnun

Orkustofnun óskar eftir að ráða verkefnisstjóra kynningarmála.

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

*Á Orkustofnun starfa sérfræðingar með umfangsmikla reynslu og byggir stofnunin á víðtækri færni og menntun þeirra.*

### Helstu verkefni:

- Umsjón með kynningarmálum stofnunarinnar.
- Umsjón með og ritstjórn innri og ytri vefsíðu.
- Umsjón með innlendum og erlendum samstarfsverkefnum í samráði við orkumálastjóra.
- Miðlun frétta og annars efnis til fjölmiðla og almennings.
- Miðlun tölulegra upplýsinga um orkumál.
- Umsjón og gæðaeftirlit með allri útgáfustarfsemi.
- Umsjón og tengiliður vegna viðburða og kynninga.
- Samskipti við auglýsinga- og prentstofur.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Almenn tölvukunnátta: Ritvinnsla, myndvinnsla og gagnavinnsla.
- Reynsla af vefumsjón er skilyrði.
- Reynsla af kynningarmálum er æskileg.
- Þekking og reynsla á sviði orkumála og auðlindanýtingar er æskileg.
- Reynsla í umbrots- og myndvinnslu er æskileg.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli er skilyrði og æskilegt að umsækjandi hafi vald á einu norðurlandamáli.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskiptahæfni.

Viðkomandi vinnur náið með orkumálastjóra og öðrum stjórnendum stofnunarinnar.
Kynning á orkumálum þjóðarinnar er vaxandi þáttur í starfsemi Orkustofnunar. Gefnir eru út bæklingar og fréttabréf, auk þess sem vefsíðan er mikilvægur þáttur í kynningarmálum. Einnig stendur stofnunin fyrir ráðstefnum.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Guðni A Jóhannesson orkumálastjóri, sími **569 6000**, netfang **gudni.a.johannesson@os.is**.

Umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, berist **starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík**, eða á netfang **gd@os.is**, eigi síðar en **22. ágúst 2011**.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Orkumálastjóri*

**Orkugarður**
**Grensásvegi 9**
**108 Reykjavík**
**www.os.is**

# Sölufulltrúar

**Við leitum eftir öflugu sölufólki í góð verkefni.**

**Í boði eru krefjandi og áhugaverð verkefni bæði hér innanlands og erlendis.**

Góð vinnuaðstaða með skemmtilegu fólki og góð laun í boði fyrir árangursdrifna einstaklinga.

Við erum að leita af sölufólki með reynslu í auglýsingasölu, sem geta unnið sjálfstætt og hafa háleit markmið. Ferðalög bæði hér innanlands og erlendis fyrir þá sem ná árangri.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið umsokn@sagaz.is fyrir 20. ágúst nk. Fyllsta trúnaðar er gætt.**

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunarfræðingur - næturvaktir

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings á næturvaktir á Landakoti. Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju fólki og veita góða einstaklingshæfða aðlögun. Starfshlutfall er 35% og veitist starfið frá 1. september 2011. Unnið er aðra hvora helgi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Á deildunum eru skjólstæðingar með margvísleg heilsufarsvandamál.

- » Starfið felur í sér stjórnun og skipulagningu hjúkrunar á 2-3 deildum Landakots

### Hæfnikröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Sjálfstæði og frumkvæði í starfi er nauðsynlegur eiginleiki ásamt hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst 2011.
- » Upplýsingar veita G. Gerður Sæmundsdóttir, deildarstjóri, netfang ggsaem@landspitali.is, sími 543 9886/9887 og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang thoring@landspitali.is, sími 824 5480

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# LAUST STARF

## Starfsmaður á lánasviði

**Helstu verkefni:**

- Þjónusta viðskiptavini
- Skjalagerð
- Framkvæmd greiðslumata
- Vinnsla erinda fyrir lánanefnd
- Skráningar í lánakerfið Libra

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð þekking á Libra Loan
- Viðskiptafræðimenntun æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**
kristin@dromi.is

**Umsóknir og ferilsskrár skal senda á kristin@dromi.is**

**Umsóknafrestur er til og með 23. ágúst nk.**

Drómi hf er eignarhaldsfélag þrotabús SPRON sem stofnað var samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Hjá félaginu starfa um 50 manns.

DRÓMI

LÁGMÚLI 6 108 REYKJAVÍK SÍMI 540-5000

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Deildarstjóri sambýlis

Laust er til umsóknar starf deildarstjóra sambýlis í Grafarvogi. Um er að ræða sambýli fyrir fatlaða einstaklinga. Þjónustan miðast við að efla færni, auka sjálfstæði, stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og auka lífsgæði.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Ber faglega ábyrgð á og hefur umsjón með framkvæmd þjónustunnar.
Gerð og eftirfylgd einstaklingsáætlana.
Stýrir daglegum störfum annarra starfsmanna, í samráði við forstöðumann.
Veitir leiðsögn og tilsögn um framkvæmd þjónustu.
Tekur virkan þátt í þróunar- og uppbyggingarvinnu.

**Hæfniskröfur**
Starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda.
Reynsla af starfi með fötluðum einstaklingum.
Reynsla af stjórnun æskileg.
Hæfni í mannlegum samskiptum.
Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkur og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Dísa Bergþóra Guðmundsdóttir í síma 5331060 eða með því að senda fyrirspurnir á disa.bergthora.gudmundsdottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is**

**Umsóknarfrestur er til 27. ágúst n.k.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Lögfræðingur hjá PFS

**Hjá Póst- og fjarskiptastofnun er laus til umsóknar staða lögfræðings. Lögfræðideild PFS ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýslumála, lausn ágreiningsmála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem leiða af ákvæðum fjarskipta- og póstlaga, auk þess sem hún veitir ráðgjöf um löggjöf og reglusetningu á fyrrnefndum réttarsviðum.**

**Starfssvið**
Starf lögfræðings er m.a. fólgið í samningu álitsgerða og stjórnsýsluákvarðana, lögfræðilegri ráðgjöf, samskiptum við póst- og fjarskiptafyrirtæki og undirbúningi stjórnsýslureglna.

**Menntun og reynsla**
Embættispróf, ML í lögfræði eða sambærilegt próf. Þekking og starfsreynsla á sviði fjarskiptaréttar, stjórnsýsluréttar eða samkeppnisréttar er æskileg.

**Almennar hæfniskröfur**
Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á og færni til að rita vandaðan texta á íslensku og ensku. Gerð er krafa um öguð og skipulögð vinnubrögð auk ríkulegrar samskiptafærni. Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í samskiptum við markaðsaðila á póst- og fjarskiptamarkaði. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á lögfræðilega getu og kunnáttu. Starfið býður upp á möguleika á þátttöku í samstarfi við alþjóðasamtök og erlendar systurstofnanir í aðildarlöndum EES.

**Umsóknarfrestur**
Umsóknarfrestur er til og með **31. ágúst** n.k. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu PFS **www.pfs.is** og senda jafnframt prófskírteini og ferilskrá í viðhengi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Dóra Guðmundsdóttir, mannauðs- og gæðastjóri, **annadora@pfs.is** í síma **510 1500**.

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði.

Starf stofnunarinnar mótast af alþjóðlegum kröfum og tekur breytingum í samræmi við öra alþjóðlega þróun. Meginþungi starfseminnar er á fjarskiptum og tengdum málum.

Hjá PFS starfa 24 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Sjá nánari upplýsingar á www.pfs.is

ÍSLENSKA SIA.IS POS 55871 08/11

# Landsbankinn auglýsir eftir þjónustufulltrúum á höfuðborgarsvæðinu

**Laus eru til umsóknar** störf þjónustufulltrúa í útibú Landsbankans á höfuðborgarsvæðinu.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða reynsla af bankastörfum
- Frumkvæði og þjónustulund
- Markviss og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

**Helstu verkefni**
- Fjármálaráðgjöf og þjónusta til einstaklinga
- Upplýsingagjöf um vörur og þjónustu Landsbankans
- Umsjón með gerð skuldaskjala

**Nánari upplýsingar**
Nánari upplýsingar veitir Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7914 eða Berglind.Ingvarsdottir@landsbankinn.is

**Umsókn merkt** "Þjónustufulltrúi á höfuðborgarsvæðinu" fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 24. águst nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

# Prófessor í geðlækningum/ Yfirlæknir í geðlækningum

**Samhliða störf við Háskóla Íslands og Landspítala**
Laust er til umsóknar starf prófessors í geðlækningum á fræðasviði geðlækninga við læknadeild HÍ sem er samhliða starfi yfirlæknis á geðsviði LSH. Sótt skal um bæði störfin þar sem þau verða veitt einum og sama umsækjandanum. Sameiginleg valnefnd HÍ og LSH, sem starfar á grundvelli reglna nr. 385/2003, mun meta hæfi umsækjenda og gera tillögu um það hvaða umsækjandi verður fyrir valinu.

Sjá nánar um menntunar- og hæfniskröfur, starfsskyldur, starfskjör og ráðningarferlið á **www.starfatorg.is/**, **www.landspitali.is/Um-LSH/Laus-storf** og **www.hi.is/skolinn/laus_storf**

**Umsóknarfrestur er til 27. ágúst 2011.**
Ráðið verður í störfin samkvæmt nánara samkomulagi þegar störfum nefnda, sem um málið fjalla, er lokið.

Nánari upplýsingar um störfin veita
Guðmundur Þorgeirsson, forseti læknadeildar HÍ
í síma 525-4879, netfang: **gudmth@landspitali.is**, og
Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs
LSH í síma 543-4077, netfang: **pallmatt@landspitali.is.**

LANDSPÍTALI

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 112088

## Forritari óskast

FINNA.is

Finna ehf óskar eftir að ráða þróunarstjóra og PHP forritara sem fyrst. Starfið er fjölbreytt og felst í áframhaldandi þróun og viðhaldi á vefjum Finna ehf.

**Hæfniskröfur:**

- Góður PHP og MySQL forritari
- Kunnátta í hlutbundinni forritun
- Hugmyndaríkur
- Getur unnið sjálfstætt

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á **umsokn@finna.is** til að fá nánari upplýsingar eða tala við Jón Helga í síma **578 9006**.



## Sölumaður óskast

Ein öflugasta fasteignasala landsins RE/MAX Lind óskar eftir að ráða vanan sölumann til starfa.

Á RE/MAX Lind vinnur hæfileikaríkt fólk sem myndar samheldin hóp sem leggur sig fram við að veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu.
Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð.

Í boði er skemmtilegur vinnustaður og góð vinnuaðstaða.
**Hafið samband strax við hannes@remax.is**

RE/MAX

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011








ENNEMM / SÍA / NM47668

# Átt þú heima í framlínunni?

## Tæknisvið Nýherja leitar að hressu og metnaðarfullu starfsfólki í framlínuþjónustu á frábærum vinnustað.

Starfið felst í notendaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja sem og daglegum rekstri ýmissa kerfa.

Hæfniskröfur:

- Áhugi og þekking á tækni
- Reynsla af þjónustustörfum og rík þjónustulund
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Útsjónarsemi og geta til að finna lausnir á viðfangsefnum

Æskilegt er að umsækjandi hafi tæknilegar vottanir. Ef ekki er um það að ræða er gert ráð fyrir að umsækjandinn öðlist slíkar gráður á fyrstu mánuðum í starfi.

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Ef þú hefur áhuga og telur þig hafa tilskilda eiginleika skaltu senda inn umsókn ásamt ferilskrá á heimasíðu Nýherja, **www.nyherji.is, fyrir 22. ágúst nk.**

**Nánari upplýsingar um starfið veita**
Valka Jónsdóttir, starfsmannastjóri, valka.jonsdottir@nyherji.is
og Gunnar Zoëga, deildarstjóri framlínuþjónustu, gunnar.zoega@nyherji.is

Nýherji er eitt öflugasta upplýsingatæknifélag landsins. Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 540 starfsmenn á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð. Starfsfólkið skipar höfuðsess í velgengni Nýherja en við leggjum áherslu á að starfsmenn okkar njóti ánægju og velferðar í störfum sínum.

Nýherji var hástökkvari meðal stærri fyrirtækja í vinnumarkaðskönnun VR árið 2011.

NÝHERJI

Nýherji hf. Sími 569 7700 www.nyherji.is BETRI LAUSNIR

# BIFVÉLAVIRKI – VÉLVIRKI EÐA VANIR BÍLAVIÐGERÐAMENN

ÓSKAST TIL STARFA

ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR, METANBREYTINGAR OG VIÐGERÐIR Á VINNULYFTUM.

**Bílahlutir ehf**

| VIÐ LEITUM AÐ : | VINNUTÍMI: |
| --- | --- |
| VANDVIRKUM OG DUGLEGUM EINSTAKLINGUM SEM ERU TILBÚNIR AÐ TAKA ÞÁTT Í ÖFLUGU OG KREFJANDI STARFI.<br><br>AUKIN ÖKURÉTTINDI ERU KOSTUR. | FRÁ KL. 8,00 TIL 17,00 ALLA VIRKA DAGA<br><br>YFIRVINNA SAMKV. SAMKOMULAGI.<br><br>GÓÐ LAUN Í BOÐI FYRIR GÓÐA STARFSKRAFTA. |

Áhugasamir hafi samband við okkur í síma **587-5058** eða sendi okkur tölvupóst á póstfangið **info@bilahlutir.com**
**Bílahlutir ehf. - Eldshöfða 4 - 110 Reykjavík**

# Viltu tilheyra jákvæðri og traustri liðsheild?

Sinnum leitar að starfsmanni í heimaþjónustu í vesturbæ Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi.

Um er að ræða 100% starf sem aðallega er unnið á dagvinnutíma. Starfsmaður sinnir umönnun og þrifum, gott að hafa bíl til umráða.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem allra fyrst.

**Nánari upplýsingar:**
www.sinnum.is

sinnum
heimaþjónusta

# STÖÐVARSTJÓRI

Stöðin óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan stöðvarstjóra.
Um er að ræða krefjandi starf fyrir athafnasaman einstakling.

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur og umsjón
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samskipti við birgja
- Eftirlit með rýrnun
- Starfsmannamál, s.s. vaktaskipulag, skipulagning verkefna, þjálfun og fl.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð þekking á verslunarrekstri og reynsla af verslunarstörfum
- Færni í mannlegum samskiptum og stjórnunarhæfileikar
- Frumkvæði

Nánari upplýsingar veitir mannauðssviðið í síma 444 3000.
Umsóknarfrestur er til 19 ágúst.

Vinsamlegast sendið ferilskrá á starf@skeljungur.is merkt Stöðvarstjóri.

Stöðin

# Íbúðalánasjóður vill ráða öflugt fólk til starfa

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*

*Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.*

## Sérfræðingur á fjármálasviði

### Starfssvið
- Uppgjör og afstemmingar
- Þekking á fjármálamarkaði
- Áætlanagerð og kostnaðargreining
- Skýrslugerð

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði fjármála
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af tölulegri úrvinnslu
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og sjálfstraust

## Umsjónarmaður fasteigna á eignasviði

### Starfssvið
- Umsjón með fasteignum Íbúðalánasjóðs
- Matsgerðir og álitsgerðir
- Viðhald og lagfæringar
- Innri og ytri skýrslugjöf
- Samskipti við eftirlitsmenn fasteigna á landsbyggðinni
- Þátttaka í þróun verkferla á eignasviði

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði byggingafræði og iðnmenntun er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af mati á ástandi og viðhaldsþörf fasteigna er æskileg
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og sjálfstraust
- Mjög góð tölvukunnátta

## Fulltrúi á eignasviði

### Starfssvið
- Móttaka og skráning fullnustueigna
- Bókhald fullnustueigna
- Aðstoð við gerð leigusamninga
- Svörun fyrirspurna og erinda viðskiptavina vegna greiðsluvanda
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Þátttaka í þróun verkferla

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og sjálfstraust
- Góð tölvukunnátta, þekking á Navision bókhaldskerfi er æskileg
- Góð enskukunnátta

HAGVANGUR

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Upplýsingar veita Inga Steinunn Arnardóttir (inga@hagvangur.is) og Rannveig Jóna Haraldsdóttir (rannveig@hagvangur.is).**

**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk.**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Verkefnisstjóri | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201107/054 |
| Prófessor, yfirlæknir | Háskóli Íslands, Landspítali | Reykjavík | 201107/016 |
| Fulltrúi á eignasviði | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201108/085 |
| Umsjónarmaður eignaumsýslu | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201108/084 |
| Sérfræðingur á fjármálasviði | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201108/083 |
| Móttökuritari | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201108/082 |
| Hjúkrunarfræðingur við segavarnir | Landspítalinn | Reykjavík | 201108/081 |
| Félagsráðgjafi/Þroskaþjálfi | Tryggingastofnun ríkisins | Reykjavík | 201108/080 |
| Kennslustjóri | Heilbrigðisvísindasvið HÍ | Reykjavík | 201108/079 |
| Lögfræðingur | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201108/078 |
| Aðalbókari | Sýslumaðurinn á Selfossi | Selfoss | 201108/077 |
| Móttökuritari | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201108/076 |
| Sálfræðingur | Fangelsismálastofnun ríkisins | Reykjavík | 201108/075 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hveragerði | 201108/074 |
| Hjúkrunarfræðingur, næturvaktir | Landakot | Reykjavík | 201108/073 |
| Húkrunardeildarstjóri á geðd. 32A | Landspítalinn | Reykjavík | 201108/072 |
| Stuðningsfulltrúi | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 201108/071 |
| Yfirlæknir á lyflækningadeild | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201108/070 |
| Starfm. í þrif og aðstoð í mötuneyti | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | Garðabær | 201108/069 |
| Verkefnisstjóri kynningarmála | Orkustofnun | Reykjavík | 201108/068 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

## ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING í Menntaskólanum í Kópavogi

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.
Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

LÖÐUR
miðstöð bílaunnenda

## Óskað er eftir starfsmönnum í þvottastöðvar fyrirtækisins á Fiskislóð og í Bæjarlind.

Hluti af starfinu felst í samskiptum við viðskiptavini og er því nauðsynlegt að umsækjendur tali íslensku, séu jákvæðir, þjónustulundaðir, og sjálfstæðir í vinnubrögðum.
Leitað er eftir starfsmönnum sem eru eldri en 20 ára og eru tilbúnir að vinna yfirvinnu.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.
Áhugasamir sendi inn umsókn á www.lodur.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# FORSETI TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu öflugrar tækni- og verkfræðideildar. Deildarforseti ber ábyrgð á rekstri deildarinnar og leiðir akademískt starf hennar. Deildarforseti heyrir undir rektor og situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík.

**LEITAÐ ER AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:**

- Hæfni til að vinna að stefnumótun og uppbyggingu kröftugrar liðsheildar.
- Doktorspróf á sviði verkfræði eða skyldra greina.
- Reynslu af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Reynslu af háskólastarfi (kennslu, rannsóknum, stjórnun).
- Hagnýta reynslu úr atvinnulífi.
- Reynslu af alþjóðlegum vettvangi.

Tækni- og verkfræðideild HR er ein stærsta háskóladeild landsins með tæplega 1000 nemendur og um 50 akademíska starfsmenn. Háskólinn í Reykjavík útskrifar um 2/3 þeirra sem ljúka tækninámi á háskólastigi á Íslandi.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Kristinn Jónsson, rektor (ari@hr.is), og Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar (thoranna@hr.is), sími 599 6200.

Umsóknum skal skilað til Háskólans í Reykjavík á netfangið **appl@ru.is**, fyrir 15. september 2011.

Fylgigögn má senda til Háskólans í Reykjavík, Menntavegi 1, 101 Reykjavík, merkt „Starf deildarforseta".

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem **trúnaðarmál**.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild.

Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag, lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu.

Nemendur skólans eru um 3000 og starfa um 200 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.

**www.hr.is**

## Okkur vantar duglegt fólk, 20 ára og eldra til framtíðarstarfa í verslunum okkar.

**Hæfniskröfur:**

1. Málakunnátta: íslenska, enska, þýska ,franska og norðurlandamál.
2. Stundvísi, góð framkoma, áhugi á vinnunni, ábyrgð og reglusemi.
3. Reynsla af verslunarstörfum kostur en ekki skilyrði.
4. Nauðsynlegt að umsækjendur sýni frumkvæði á vinnustað og geti starfað sjálfstætt.

Umsóknir og starfsferilsskrá skulu sendar á netfangið: gummi1945@gmail.com

**The Viking ferðamannaverslun Hafnarstræti 1-3 og Laugavegi 1 og verslunin Vísir Laugavegi 1**

ÁS STYRKTARFÉLAG

# Ás vinnustofa

## Þroskaþjálfar, spennandi störf í boði

**Finnst þér gaman að vinna fjölbreytta vinnu með skemmtilegu fólki? Þá er þetta starf fyrir þig!**

**Dagþjónusta Lyngási**
óskar eftir þroskaþjálfum til starfa í heilar stöður og hlutastörf eftir hádegi. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Lyngás er staðsett í Safamýri 5 og er opið frá 8.00-16.30 á virkum dögum. Þangað sækja þjónustu börn á aldrinum1-6 ára og ungmenni frá 16 ára aldri.
Á Lyngási fer fram sérhæfð þjálfun í gegnum leik og starf, s.s. þroskaþjálfun, örvun á skynhreyfigetu, atferlisþjálfun og sjúkraþjálfun. Áhersla er m.a. lögð á athafnir daglegs lífs, eflingu líkamsvitundar, tengsla-, boðskipta- og atferlisþjálfun. Mikið samstarf er við foreldra/aðstandendur, ráðgjafa og tengslastofnanir.

Upplýsingar veitir Birna Björnsdóttir forstöðumaður í síma 553-8228 á virkum dögum.
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

### Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi

Deildarstjóri og leikskólakennara eða annað uppeldismenntað starfsfólk.
Nánari upplýsingar gefur Bjarney K. Hlöðversdóttir skólastjóri
kor@skolar.is sími 570-4940

### Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík

Fagstjóri í hreyfingu og leikskólakennara eða annað uppeldismenntað starfsfólk
Nánari upplýsingar gefur Berglind Grétarsdóttir skólastjóri
arsól@skolar.is sími 563-7730



*Heilsuleikskólar Skóla: Hamravellir, Háaleiti, Kór og Krókur. Ungbarnaleikskólinn Ársól.*

---

# Hópkaup auglýsir eftir markaðsfulltrúa

**Ert þú sniðug/ur, hress og hefur áhuga á markaðsmálum?**

Við getum kennt þér að **selja**, en við getum ekki kennt þér að vera **hress**.

**Hópkaup** er fyrirtæki sem vinnur að því að auka viðskipti samstarfsaðila sinna með vinsælustu tilboðsaðferð heimsins í dag og er **Hópkaup** stærsta fyrirtækið á sínum vettvangi á Íslandi. **Vilt þú vera í sigurliðinu?**

Áhugasamir sendi umsókn strax á **umsokn@hopkaup.is**.

**Hæfniskröfur:**

Hressleiki
Hæfni í mannlegum samskiptum
Áhugi á markaðsmálum
Sjálfstæði
Söluhæfileikar

HÓPKAUP
**í krafti fjöldans**

Nóatúni 17 - 105 Reykjavík - hopkaup.is - Sími 520 1030

PIPAR\TBWA • SÍA • 110641

---

# Lögfræðiráðgjöf
## Lögfræðingur

**Lögfræðiráðgjöf Landsbankans** leitar að lögfræðingi til starfa í höfuðstöðvum bankans. Lögfræðiráðgjöf heyrir undir bankastjóra og hefur yfirumsjón með lögfræðilegum verkefnum bankans.

**Helstu verkefni**

- Lögfræðileg ráðgjöf til bankastjóra, framkvæmdastjóra og starfseininga bankans
- Ráðgjöf til dótturfélaga bankans
- Málflutningur
- Samskipti við stjórnvöld, þ.m.t. ráðuneyti og eftirlitsstofnanir
- Samstarf við lögmenn utan bankans
- Skjala- og samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Íslenskt lögfræðipróf (cand. jur. eða sambærilegt meistarapróf í lögfræði)
- Framúrskarandi árangur í lögfræðinámi eða í starfi á sviði lögfræði
- Færni í að tjá sig í rituðu máli
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

**Æskilegt**

- Málflutningsréttindi
- Sérhæfing á sviði fjármunaréttar
- Færni í að tjá sig í talaðri og ritaðri ensku
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði

**Nánari upplýsingar** veita Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri í síma 410 7904 (baldur.g.jonsson@landsbankinn.is) og Hallgrímur Ásgeirsson, forstöðumaður Lögfræðiráðgjafar í síma 410 7707 (hallgrimur.asgeirsson@landsbankinn.is).

**Umsókn merkt** „Lögfræðingur í Lögfræðiráðgjöf“ fyllist út á vef bankans.
Vinsamlegast látið staðfest afrit af háskólaprófskírteini og einkunnum fylgja umsókn. Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

---



# SÖLUMENN Í FULLT STARF OG HLUTASTARF

Skífan leitar að opnu og lífsglöðu fólki með áhuga á tónlist, kvikmyndum og tölvuleikjum.
Skilyrði að viðkomandi hafi góða þjónustulund.
Bæði er um að ræða fullt starf og hlutastörf.

Áhugasamir sendi umsókn á **vinna@skifan.is**

KRINGLAN · LAUGAVEGUR · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N

CAFÉ PARIS
*Í hjarta borgarinnar, þar sem fólkið hittist*

## óskum eftir veitingastjóra og þjónum

Café París, eitt af stærri og fjölsóttustu kaffihúsum og matsölustöðum höfuðborgarinnar, leitar að einstaklingum í veitingastjóra og þjónastörf. Um fullt starf er að ræða. Staðan felur í sér töluverða ábyrgð og er annasöm. Óskað er eftir menntuðum þjónum eða einstaklingum sem hafa víðtæka reynslu af stjórnun á veitingahúsi. Umsækjendur þurfa að vera reyklausir og hafa náð 22 ára aldri.

**Vinsamlegast sendið inn umsóknir á cafeparis@cafeparis.is**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

# VIÐMÓTSFORRITARI

Vilt þú taka þátt í að efla menntun í Evrópu?

Vilt þú starfa með öflugum hópi fólks og taka þátt í metnaðarfullri uppbyggingu á alþjóðlegu fyrirtæki?

Þá eigum við samleið, spennandi vettvangur í fjölbreyttu umhverfi.

Umsóknir sendist á: starf@mentor.is
fyrir 30.08.2011

mentor

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Samskiptahæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð
- Tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af vefstöðlum (HTML, CSS, JS, WAI)
- Mikill áhugi á nýjustu tækni og nytsemi
- Þekking og reynsla af ASP.NET og C# er kostur
- Gott vald á ensku

# STARF Í BIRGÐASTJÓRNUN OG INNKAUPUM

BRAMMER

**Brammer er breskt fyrirtæki og starfar i 15 löndum með um 2500 starfsmenn og hefur starfað sl. 4 ár á Íslandi fyrir Alcoa Fjarðaál. Brammer er leiðandi fyrirtæki á Evrópumarkaði, með yfir 50 ára reynslu á sviði dreifingar og sölu á varahlutum og rekstrarvöru iðnaðar. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins. Brammer starfar á Reyðarfirði og í Reykjavík.**

## Brammer óskar eftir að ráða í störf á sviði birgðastjórnunar og innkaupa á Reyðarfirði

**Starfsvið**
- Umsjón með innkaupum og birgðamálum
- Eftirlit með birgðastöðu og veltuhraða
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Vinna samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Þekking á varahlutum og rekstrarvöru iðnaðar er mikill kostur
- Góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og rituðu máli er skilyrði
- Góð og yfirgripsmikil tölvukunnátta á Microsoft Office hugbúnað
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Nákvæmni og góðir skipulagshæfileikar eru nauðsynlegir þættir

**Við leitum að:**
Einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfileika og drifkraft
Áreiðanlegum, samviskusömum og áhugasömum starfsmanni til framtíðar

**Umsjón með ráðningum hefur Benjamin Cleugh (benjamin.cleugh@brammer.biz)** hjá Brammer Reyðarfirði.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. September nk.** Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið benjamin.cleugh@brammer.biz

**BRAMMER REYÐARFIRÐI**
Hraun 1
730 Reyðarfjörður
www.brammer.biz

ditt apotek

# Laus staða lyfjafræðings

Ditt Apotek er samstarfsverkefni sjálfstæðra apóteka í Noregi þar sem frelsi og valmöguleikar eru hafðir að leiðarljósi.
Þrjár keðjur eru nú ríkjandi á norskum lyfjamarkaði en Ditt Apotek er eina keðjan þar sem sjálfstæð apótek vinna saman að markaðsmálum og eiga samstarf um innkaup á vörum og lyfjum.
Fimmtíu og fjögur apótek eiga nú aðild að Ditt Apotek keðjunni.

**Um Ryfylke Apotek**
Ditt Apotek, Ryfylke Apotek, er í eigu Straen Sykepleiesenter AS sem er leiðandi í sölu á hjúkrunarvörum í Rogalandi.
Straen Sykepleiesenter er í eigu NorEngros Kjosavik AS (sem er stór heildsala og þjónustuaðili fyrir læknastofur og önnur fyrirtæki).
Ryfylke Apotek AS var opnað í október 2009 og gengur vel.
Við leitum þess vegna að lyfjafræðingi sem getur stuðlað enn frekar að því jákvæða orðspori sem Ryfylke Apotek nýtur í samfélaginu í dag.
Apótekið er á Rennesøy sem er eyja í um 25 mínútna keyrslu frá miðbæ Stavanger.
Sveitarfélagið Rennesøy nær yfir hluta af einstaklega fallegum eyjaklasa sem kallast Ryfylke.
Árið 2011 útnefndu Norðmenn það sem besta sveitarfélagið til að búa í.

**Afgreiðslutímar**
Mánudaga til föstudaga 9:00-16:30
Laugardaga 9:30-14:00

**Menntun umsækjanda**
Lyfjafræðingur.
Leyfi til að vinna í Noregi er hægt að útvega í samvinnu við vinnuveitanda.

**Eiginleikar**
Við leitum eftir opinni og jákvæðri manneskju með getu til að starfa sjálfstætt og í samstarfi við aðra.
Lögð er áhersla á að umsækjandi sé skipulagður og hafi góða framkomu og þjónustulund.
Norskunámskeið er hægt að útvega í samvinnu við vinnuveitanda.

**Við bjóðum**
Framtíðarstarf i 100% stöðu.
Ef umsækjandi hefur frekar áhuga á hlutastarfi kemur það einnig til greina.
Mjög góð laun í boði.
Tækifæri til að þroskast bæði faglega og persónulega.
Spennandi og fjölbreytt starf (við sjáum meðal annars um lyfjasendingar og eftirlit).

**Umsóknarfrestur**
Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. september.
En því fyrr sem umsókn berst því betra.

**Tengiliður**
Ásdís María Franklín
00-47- 40 57 45 49 (GSM)
00-47- 51 72 09 90 (Vinnusími)
00-47- 51 11 16 15 (Heimasími)

ryfylke@apotek.no

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Félagsráðgjafi

Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, óskar eftir félagsráðgjafa til starfa. Um er að ræða 70% starf tímabundið til eins árs.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Verkefnin taka til almennrar félagsþjónustu við fullorðna einstaklinga, samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þátttaka í átaksverkefnum, s.s. Grettistaki og Karlasmiðju. Þverfaglegt samstarf innan þjónustumiðstöðvarinnar og með samstarfsstofnunum.

**Hæfniskröfur**
Starfsréttindi í félagsráðgjöf.
Þekking og reynsla af starfi félagsráðgjafar æskileg.
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Lipurð í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkur og Félagsráðgjafafélags Íslands. Nánari upplýsingar um starfið veitir Helgi H Viborg í síma 411-1400 eða með því að senda fyrirspurnir á helgi.viborg@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is**

**Umsóknarfrestur er til 27. ágúst n.k.**

CARBON RECYCLING INTERNATIONAL

# Yfirmaður framkvæmdasviðs

## Carbon Recycling International

**Starfslýsing**
Yfirmaður framkvæmdasviðs heyrir undir forstjóra. Stafið fellst í áætlanagerð, framkvæmd og fullnustu verkefna á Íslandi og erlendis í samræmi við tíma-, fjárhags-, gæða- og öryggisáætlanir. Starfið fellst einnig í gerð útboðsgagna, samningagerð, mati á vali tilboða, samhæfingu og samskiptum við verktaka, samstarfsfólk og aðra hagsmunaðila í samræmi við gerða samninga.

**Ábyrgðasvið:**
Markmiðasetning og gerð verkefna-, framkvæmda, gæða- og öryggisáætlana.
Stýring verkefna í samræmi við setta tíma- og fjárhagsáætlun, sem og samningar við verktaka og þjónustuaðila. Tryggja góð samskipti og öflugt upplýsingaflæði milli hagsmunaðila.
Uppbygging teymis samstafs- og þjónustuaðila. Samningaviðræður og samningagerð. Þátttaka í viðskiptaþróun og stefnumótun innan fyrirtækisins.

**Hæfisskilyrði:**
Meistaragráða í verkfræði frá viðurkenndum háskóla.
7-10 ára reynsla í verkefnastjórnun í orkufrekum iðnaði eða við stórframkvæmdir.
Nákvæmni, öguð og vönduð vinnubrögð og skipulagshæfileikar.
Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.
Mjög gott vald á ensku í ræðu og riti.

**Carbon Recycling International** (CRI) endurvinnur koltvísýring úr útblæstri iðn- eða orkuvera og umbreytir í endurnýjanlegt metanól eldsneyti sem blanda má út í bensín fyrir óbreytta bíla. Endurvinnsla koltvísýrings dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirtækið er um þessar mundir að byggja fyrstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum við Svartsengi.

Vinsamlegast sendið CV á netfang drifa@carbonrecycling.is setjið starfsheiti sem sótt er um í titilinn.
Frekari upplýsingar fást á vefsíðu okkar: www.carbonrecycling.is

# Vefdeild
# Hugbúnaðarsérfræðingur

**Vefdeild Landsbankans** er í senn krefjandi og skemmtilegur vinnustaður sem sinnir áhugaverðum verkefnum fyrir öll svið bankans. Spennandi vinnuumhverfi og tækifæri til þekkingaruppbyggingar er í boði fyrir hugbúnaðarsérfræðing sem vill bætast í öflugan hóp starfsmanna í margverðlaunaðri vefdeild.

### Helstu verkefni

- Nýsmíði og þróun á ytri og innri vefsvæðum bankans
- Nýsmíði og þróun vefsvæða dótturfélaga
- Nýsmíði og þróun fyrir farsíma og spjaldtölvur
- Forritun skjálausna
- Þátttaka í mótun á leiðandi lausnum fyrir bankageirann

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, stærðfræði eða sambærileg starfsreynsla
- Reynsla af .NET og gott vald á ASP.NET og C#
- Þekking á Javascript (jQuery og AJAX)
- Þekking á MSSQL gagnagrunnum
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar hratt og vel
- Frumkvæði, samviskusemi, vönduð vinnubrögð og færni í samskiptum

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Snæbjörn Konráðsson, forstöðumaður Vefdeildar, í síma 410 7079 (snaebjornk@landsbankinn.is) og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7914 (berglindi@landsbankinn.is)

Umsókn merkt „Sérfræðingur í Vefdeild“ fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

Reykjavíkurborg

*Borgarlögmaður*



# Lögfræðingar

**Borgarlögmaður óskar eftir að ráða lögfræðinga til starfa hjá embættinu.**

**Helstu verkefni:**
- Lögfræðilegar álitsgerðir og ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, borgarstjóra, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar
- Undirbúningur dómsmála
- Meðferð stjórnsýslukæra
- Samningagerð
- Fyrirsvar vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn Reykjavíkurborg
- Uppgjör slysabóta á grundvelli kjarasamninga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættspróf eða meistaragráða í lögfræði
- Málflutningsréttindi æskileg
- Færni til framsetningar máls í ræðu og riti
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Lipurð og færni í samskiptum

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélag lögfræðinga.

Nánari upplýsingar veitir Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður, í síma 411 4100 eða í gegnum tölvupóstfangið kristbjorg.stephensen@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 26. ágúst n.k.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is**

*Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf í starfsumhverfi þar sem reynir á góða alhliða þekkingu á flestum réttarsviðum lögfræðinnar. Áhersla er lögð á símenntun og miðlun þekkingar milli starfsmanna. Embætti borgarlögmanns er í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar starfa fimm lögmenn.*

---

# Vantar vana járniðnaðarmenn í smiðju á höfuðborgarsvæðinu.

**Upplýsingar í síma 891-8380 og 893-5990**

---

HEILSUSTOFNUN NLFÍ
GRÆNUMÖRK 10 : 810 HVERAGERÐI

## Læknir og hjúkrunarfræðingur óskast við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði

**Læknir:**
Læknir óskast til starfa við Heilsustofnun NLFÍ, æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september. Starfsemin á Heilsustofnun nær yfir breitt svið endurhæfingar og heilsueflingar og nýtist margskonar sérmenntun lækna til starfsins.
Fríar ferðir til og frá Reykjavík (Rauðavatn) en bíll á vegum HNLFÍ ekur starfsmönnum á höfuðborgarsvæðinu til og frá vinnu.
Nánari upplýsingar fást hjá Ólafi Sigurðssyni framkvæmdastjóra, olafur@hnlfi.is sími 896 5557

**Hjúkrunarfræðingur**
Hjúkrunarfræðingur óskast í vaktavinnu. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.
Nánari upplýsingar veita: Magna F. Birnir hjúkrunarforstjóri, magna@hnlfi.is sími 860 6521og Valdís Brynjólfsdóttir hjúkrunardeildarstjóri valdis@hnlfi.is, sími 861 9657.

HNLFÍ er endurhæfingarstofnun sem leggur áherslu á að auka og efla þátt hugtakanna heilbrigði og heilsuvernd í umræðu og verkum. HNLFÍ forðast kennisetningar sem ekki standast vísindalega gagnrýni.

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst** Umsóknir með ferilskrá sendist til: HNLFÍ - starfsmannastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða aldis@hnlfi.is. Öllum umsóknum verður svarað.

---




## FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR ÍTR

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN FROSTASKJÓL**
Undraland við Grandaskóla
Selið við Melaskóla
Skýjaborgir við Vesturbæjarskóla
Frostheimar í Vesturbæ

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN ÁRSEL**
Töfrasel við Árbæjarskóla
Víðisel við Selásskóla
Stjörnuland við Ingunnarskóla
Fjósið við Sæmundarskóla

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KRINGLUMÝRI**
Álftabær við Álftamýrarskóla
Sólbúar við Breiðagerðisskóla
Neðstaland við Fossvogsskóla
Krakkakot við Hvassaleitisskóla
Glaðheimar við Langholtsskóla
Laugarsel við Laugarnesskóla
Vogasel við Vogaskóla
Vesturhlíð við Öskjuhlíðaskóla

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG**
Bakkasel við Breiðholtsskóla
Vinafell við Fellaskóla
Álfheimar við Hólabrekkuskóla
Vinasel við Seljaskóla
Vinaheimar við Ölduselsskóla

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KAMPUR**
Draumaland við Austurbæjarskóla
Halastjarnan við Háteigsskóla
Hlíðaskjól við Hlíðaskóla

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN GUFUNESBÆR**
Hvergiland við Borgaskóla
Brosbær við Engjaskóla
Regnbogaland við Foldaskóla
Simbað við Hamraskóla
Kastali við Húsaskóla
Ævintýraland við Korpuskóla
Tígrisbær við Rimaskóla
Vík við Víkurskóla

## ÞAR SEM ALLTAF ER GAMAN

## FRÍSTUNDAHEIMILI ÍTR ÓSKA EFTIR FÓLKI TIL STARFA

**Frístundaheimili eru starfrækt við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar. Þar er boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur.**

### HELSTU VERKEFNI
- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn
- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

### KRÖFUR Í STARFI
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

**Í BOÐI ERU HLUTASTÖRF MEÐ SVEIGJANLEGUM VINNUTÍMA EFTIR HÁDEGI.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störfin í síma 411 11 11.

**HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á WWW.ITR.IS**

---



Veitingastaðurinn 1919

# REKSTRARAÐILAR

Hótel 1919, sem staðsett er í hjarta Reykjavíkur, hefur verið kosið besta hótel landsins undanfarin 3 ár og er jafnframt eitt hið glæsilegasta.

**Óskað er eftir traustum aðilum til að leigja og reka veitingastað hótelsins.**

Veitingareksturinn felur í sér:
· Morgunverð fyrir gesti hótelsins, hádegisverð og kvöldverð.
· Rekstur á bar hótelsins og herbergisþjónustu.

Öll þjónusta á hótelinu þarf að uppfylla gæða- og þjónustustaðla Radisson hótelkeðjunnar.

Lysthafendur sendi upplýsingar til **kristin@primeragroup.com**, með upplýsingum um reynslu og bakgrunn.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Hótel 1919 Pósthússtræti 2 101 Reykjavík

1919 RESTAURANT AND LOUNGE

## Atvinna

### Félagsstarf aldraðra – Veitingaeldhús

Við óskum eftir að ráða starfsmann í 60% starf til að sjá um kaffi og útbúa meðlæti fyrir félagsstarf og dagvist aldraðra á Skólabraut 5 á Seltjarnarnesi. Í boði er góð vinnuaðstaða og notalegt starfsumhverfi. Leitað er að hugmyndaríkum og röskum starfsmanni með reynslu af bakstri og gerð brauðrétta. Þarf að hafa góða þjónustulund.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigríður Karvelsdóttir í símum 5959148, 8229112, sigridurka@seltjarnarnes.is og Snorri Aðalsteinsson í símum 5959100, 8972079, snorri@seltjarnarnes.is

Félagsmálastjóri Seltjarnarnesbæjar

www.seltjarnarnes.is

BHS Borgarholtsskóli bóknennt • handmennt • siðmennt

### Laust starf við Borgarholtsskóla

**Borgarholtsskóli auglýsir eftir tækjaverði á margmiðlunar- og kvikmyndasviði.**

**Um 50% starf er að ræða.**

Ráðning í ofangreind starf er frá 20.08 2011 og eru laun skv. kjarasamningi SFR og stofnanasamningi BHS. Ekki þarf að sækja um á sérstökum eyðublöðum en í umsókn skal gera grein fyrir menntun og fyrri störfum.

Upplýsingar um störfin veita skólameistari, aðstoðarskólameistari, svo og kennslustjóri í síma 535 1700. Umsóknir berist Bryndísi Sigurjónsdóttur, skólameistara, Borgarholtsskóla við Mosaveg, 112 Reykjavík, ekki síðar en **15. ágúst** 2011.
Öllum umsóknum verður svarað.

Upplýsingar um skólann eru á **www.bhs.is**

Skólameistari

## Styrkir

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Styrkir úr Æskulýðssjóði

Mennta- og menningarmálamálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 70/2007 og reglum nr. 60/2008.

Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:

1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.
2. Þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.
3. Nýjungar og þróunarverkefni.
4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Við úthlutun úr Æskulýðssjóði fyrir árið 2011 verður lögð áhersla á umsóknir frá æskulýðsfélögum og æskulýðssamtökum um verkefni er fjalla um mannréttindafræðslu og lýðræðislega þátttöku ungmenna í samfélaginu svo og samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Hvorki er heimilt að styrkja árvissa né fasta viðburði í félagsstarfi svo sem þing, mót eða þess háttar viðburði né ferðir hópa.
Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins á vefslóðinni http://umsokn.stjr.is
Nánari upplýsingar má sjá á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, www. menntamálaráðuneyti.is
Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2011

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
10. ágúst 2011.
menntamálaráðuneyti.is

## Tilkynningar

### Viðskiptatækifæri

Af sérstökum ástæðum eru 2 flott vöruumboð til sölu með lager.
Hentar einstaklingi sem vill starfa sjálfstætt eða sem viðbót í starfandi heildsölu.
Áhugasamir sendið tölvupóst á: vtf@visir.is

## Námskeið



### Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 mánudaginn 22. ágúst 2011 kl. 17:00.
(Gengið inn Grafarvogs megin)

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.fsraf.is eða í síma 580 5252**

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður** Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit** Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð** Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald** Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda** Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir** Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking** Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð** Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



### Ertu í hljóði?

**Starfar þú við upptökur, hljóðvinnslu eða mögnun og hefur gert í nokkur ár?**

Kynningarfundur um raunfærnimat í hljóðvinnslu verður haldin á Stórhöfða 27 þriðjudaginn 23. ágúst 2011 kl. 17:00.
(Gengið inn Grafarvogs megin)

Markmið með raunfærnimatinu er að meta færni í hljóðvinnslu og gefa út staðfestingu á henni.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.fsraf.is eða í síma 580 5252**

# www.vinna.is

vinna.is sími: 511 1144



Gunnar Sverrir
**862 2001**

Ástþór Reynir
**899 6753**


## Berjavellir 2
221 Hafnarfjörður
Auðveld kaup!! 3ja herbergja íbúð.

**Stærð: 78,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2003**
**Fasteignamat: 17.000.000**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**





**Opið hús á mánudaginn kl 18.00 - 18.30**

**Verð: 21.900.000**

Yfirtaka!! Falleg 78,8 fm 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi, ásamt stæði í bílgeymslu. Sérinngangur af svölum. Forstofa með skápum, flísar á gólfi. Hol/gangur með parket á gólfi. Eldhús með viðarinnréttingu, flísar á gólfi. Stofa með parket á gólfi, útgengt á suð/vestur svalir. Tvö svefnherbergi með parket gólfum, skápar í báðum. Baðherbergi með viðarinnréttingu, baðkar og sturtuklefi, flísum á gólfi og veggjum, baðkar, innrétting. Þvottahús með innréttingu, flísar á gólfi. sér geymsla.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is


## Ystasel 25
109 Reykjavík
Fallegt og mikið endurnýjað

**Stærð: 270,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1979**
**Fasteignamat: 42.050.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Opið hús á mánudaginn kl 19.30 - 20.00**

**Verð: 69.900.000**




Mjög vandað einbýlishús á eftirsóttum stað í Seljahverfinu. Eignin hefur verið endurnýjuð að miklu leiti. Húsið er á tveimur hæðum og er u.þ.b. 300 fm með ca. 42 fm bílskúr. Fjölskylduvænt hús með m.a. 5-6 svefnherbergjum, tveimur baðherbergum, stofu með arni, stóru eldhúsi og fl. Húsið er skráð í FMR 270,1 fm og að auki ca 30 fm á neðri hæð sem eru óskráðir. Komið er inn á flísalagða forstofu með fataskápum. Á forstofu og holi er granít á gólfi. Eldhúsið er rúmgott með vönduðum eldhústækjum. Úr holi er gengið inn á flísalagt baðherbergi með góðri innréttingu, sturtu og baðkari, útgengi er út á pall frá baðherbergi. Stofan er björt og rúmgóð með arni parketlögð með gegnheilum Aski á gólfum, gengið er út á stórar svalir úr stofu. Í dag eru 2 svefnherbergi á efri hæð. Úr holi er gengið niður á neðri hæð húsins sem skiptist í 2 barnaherbergi, stórt hjónaherbergi, leikherbergi, þvottahús og baðherbergi með gufubaði. Bílskúr er flísalagður með stórri innkeyrslu hurð. Harðviðspallur er fyrir framan húsið, lóðin var tekinn í gegn að öllu leiti fyrir 2 árum. Húsið er staðsett neðst í Seljahverfi á mjög barnvænum stað.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is


## Hlégerði 33
200 Kópavogur
Gott einbýli með auka íbúð

**Stærð: 211,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1957**
**Fasteignamat: 36.900.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Opið hús á mánudaginn kl 18.00 - 18.30**

**Verð: 53.900.000**




Fallegt einbýlishús í Hlégerði í Vesturbæ Kópavogs. Stærð húss:145,8 fm, bílskúr: 66,0 fm, alls 211,8 fm. Neðri hæð: Anddyri, hol, stofa - borðstofa, eldhús með góðum borðkrók, snyrting og þvottahús, einnig herbergi sem er opið að stofu í dag. Efri hæð:3 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi og góð geymsla. Bílskúr er rúmgóður og búið er að gera ca. 26 fm. stúdíóíbúð í hluta bílskúrsins. Nánari lýsing: Anddyri flísalagt, þar tekur við parketlagt hol, gangur og stofa. Fallegt baðherbergi, flísalagt. Opið rými innaf stofu sem hægt er að stúka af sem herbergi. Eldhús rúmgott með vönduðum innréttingum og góðum borðkrók. Gengið er uppá efri hæð og inní þvottahús úr anddyri. Stigi og gangur uppá efri hæð eru teppalagðir með nýu cesal teppi. Rúmgott hjónaherbergi parketlagt með góðum skápum. Stórt herbergi með skápum. Annað rúmgott herbergi á móti stigapalli. Baðherbergi á efrihæð flísalagt. Og einnig er þar rúmgóð geymsla. Stofa, hol, þvottahús, stigagangur og gangur á efri hæð nýmálað, nýtt teppi á stiga og einnig hefur þak verið endurnýjað. Garðurinn stór, sólríkur og vel hirtur snýr í suð-vestur, með lýsingu í beðum.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is


## Sumarhús
801 Selfoss
Vönduð íslensk sumarhús

**Stærð: 71 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2011**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Opið hús á sunnudag 14 ágúst kl 14.00 -15.00**

**Verð: 4.600.000**




OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 14. ÁGÚST KL. 14 - 15 Í HÚS Í BYGGINGU AÐ KERSHOLTI RÉTT FYRIR UTAN SELFOSS, RÉTT ÁÐUR EN KOMIÐ ER AÐ SKEIÐAAFLEGGJARA. **LÆKKAÐ VERÐ**

Hér er sýnt 54 fm hús, auk hugsanlegs svefnlofts, til flutnings. Þetta er íslensk framleiðsla á einstaklega hagstæðu verði. Eignin telur 2 herbergi, forstofu, baðherbergi ásamt alrými sem er eldhús, stofa og borðstofa, auk svefnlofts. Fleiri möguleikar á stærðum, útfærslum og byggingarstigum. Nokkrar staðlaðar teikningar og stærðir í boði.

Nánari lýsing: Húsið er klætt viðhaldsfrírri álbáru klæðningu og dökkri viðar klæðningu. Upptekin loft eru í stofunni með panilklæðningu, útveggir og milliveggir eru klæddir með panilklæðningu. Herbergi og hol eru með niðurtekin loft en lofthæðin er 2,45. Hægt er að ganga út á pall frá forstofu,stofu og baði. Fullbúið hús er án gólfefna, raf- og pípulagna en með klæddum veggjum, hurðum og innréttingum. Um er að ræða heilsárshús, sem er tilbúið til flutnings. Bústaðurinn er byggður í Reykjavík.



Auður Sigríður
Sölufulltrúi
**824 7772**
audur@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is


## Þinghólsbraut 24
200 Kópavogur
Einbýli með útleigu-möguleika.

**Stærð: 196 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1956**
**Fasteignamat: 41.050.000**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Opið hús á mánudaginn kl 19.30 - 20.00**

**Verð: 45.900.000**




RE/MAX SENTER KYNNIR: Einbýli með mikla möguleika á vinsælum stað í Kópavogi. Um er að ræða alls 196 fm einbýli á tveimur hæðum með sérstæðum tvöföldum bílskúr (72 fm) sem er í dag nýttur sem 2 íbúðir, húsið er á stórri lóð. Bílskúrarnir voru byggðir 2006 ásamt því var lóðin tekin á sama tíma að mestum hluta, steyptir stoðveggir bílaplan hellulagt með lýsingu ásamt grjóthleðslu við lóðarmörk. Í dag er húsið nýtt sem tvær íbúðir önnur er 64,9 fm ásamt 36 fm bilskúr samtals 100,9 fm og er á fyrstu hæð og er hún 3 herbergja og með útgengt á góðan pall með skjólgirðingu. Á efri hæð er einnig 3 herbergja íbúð sem er skráð 59,1 fm ásamt 36 fm bilskúr samtals 95,1 fm Lóðin er 825 fm. Stutt er í flest alla þjónustu sundlaug, skóla og leikskóla. Um er að ræða hús með mikla möguleika, leigu tekjur í dag eru rúmar 230.000 krónur á mánuði fyrir íbúðina á efrihæð og bilskúrana 2.

Á eigninni hvíla lán að upphæð c. 38.000.000.-m



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

# Langalína 2
210 Garðabær

**Stærð: 187,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 20.550.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

Opið Hús















**Opið hús sunnudaginn 14. ágúst 2011 kl 18-18:30**

**Verð: 75.000.000**

**Glæsileg penhouse íbúð**

Hörður og Hannes kynna: Eina glæsilegustu penthouse íbúð landsins við Löngulínu í Garðabæ með.
Fjögurra metra lofthæð og lyftan gengur alla leið upp í íbúðina með mynddyrasíma. Halogenlýsing ofl.
Íbúðin er fallega hönnuð af Rut Káradóttur innanhúsarkitekt.Sérsmíðaðar innréttingar frá Smíðaþjónustunni. Mikil lofthæð, smekklega hönnuð lýsing frá Lumex og sérhannað loft setja skemmitlegan blæ á þessa íbúð.
Glæsilegt útsýni til allra átta, tvennar útsýnissvalir samtals 120 fm gerir þessa íbúð einstaka. Nánari lýsing. Sérhannaður járnstigi frá Járngallerí með stálhandriði frá forstofu upp á aðalhæðina. Stiginn er flíslagður ljósgráum steinflísum. Góður fataskápur úr dökk bæsaðri eik er í forstofu. Lyfta gengur beint upp í íbúð og er aðeins fyrir eigendur íbúðarinnar. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar. Næsturlýsing er í stokk við gólf eftir allri suðurhlið íbúðarinnar. Halogenlýsing er í loftum Tvö bílastæði fylgja íbúðinni í bílageymslu.



Hannes
Steindórsson
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
**8995209**
hordur@remax.is

# Suðurgata 80
220 Hafnarfjörður
Sérhæð með bílskúr

**Stærð: 176,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1982**
**Fasteignamat: 26.800.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter

Opið Hús







**Sunnudaginn kl 17.00-17.30**

**Verð: 28.900.000**

***ÁHVÍLANDI CA 25,4 MILLJÓNIR FRÁ LANDSBANKANUM Á 4,15% VÖXTUM***
RE/MAX Senter kynnir mjög fallega 143,9 fm efri sérhæð í fjórbýli auk 21,7 fm bílskúrs með 10,8 fm geymslu. Hæðin skiptist í: forstofu á neðri hæð og stigagang þaðan upp í íbúðina, eldhús, stofu með svölum sem snúa til suðvesturs, gestasnyrting, borðstofu, þrjú svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi með baðkari og steyptum sturtuklefa. Yfir hæðinni er að auki ca 70 fm ris sem er ekki skráð í fermetratölu eignarinnar.



Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
**699 7372**
Venni@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**0**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Perlukór 1A
203 Kópavogur
Jarðhæð með sérinngangi og sólpall

**Stærð: 98,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 18.650.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús







**Sunnudaginn kl 18.00-18.30**

**Verð: 26.900.000**

3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngang og sólríkri, afgirtri verönd í nýlegu fjölbýli.Íbúðin skiptist í flísalagða forstofu með góðu skápaplássi, tvö rúmgóð svefnherbergi með góðum skápum og parket á gólfum, flísalagt baðherbergi með sturtubaðkari og góðri innréttingu, flísalagt þvottahús, eldhús með fallegum innréttingum og stofu með útgengi á sólríka hellulagða verönd.Allar innréttingar og tæki eru vönduð.Umhverfið er mjög barnvænt með leiktækjum á lóð og berjaling í nokkurra metra fjarlægð frá húsinu.



Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
**699 7372**
Venni@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**0**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Tröllhólar 5
800 Selfoss
Bókið skoðun í S:694-9999

**Stærð: 180 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2001**
**Fasteignamat: 25.850.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Bær







**YFIRTAKA CA 29 MILLJ. AUK SÖLUKOSTN**

**Verð: 29.900.000**

*** FÆST GEGN YFIRTÖKU LÁNA CA 29 MILLJ. AUK SÖLUKOSTNAÐAR ***
Fallegt einbýli með bílskúr innst í botnlanga. Húsið er timburhús með liggjandi viðarklæðningu. Garður er gróinn. Góður pallur, útgengt úr stofu. Gólfefni eru parket og flísar. Innrétting í eldhúsi er Adel kirsuberja innrétting með eyju og Görenje tækjum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með hornbaðkari og sturtu. fjögur svefnherbergi og eitt fataherbergi á gangi. Flott eign þar sem smá frágangur er eftir en auðveld kaup.



Magnús Ninni
Sölufulltrúi
**6949999**
maggi@remax.is



Snorri
Lögg. fasteignasali
**8648090**
ss@remax.is

**RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is**




# Framúrskarandi árangur
# Framúrskarandi sölufulltrúar

*Til hamingju sölufulltrúar!*

**Söluhæstir árið 2010**



RE/MAX

Hannes á RE/MAX Lind
**2. sæti**

Benedikt á RE/MAX Lind
**1. sæti**

Páll á RE/MAX Lind
**3. sæti**



Enginn í heimi selur fleiri fasteignir en **RE/MAX**

## Húsnæði í boði

170fm íbúð. Langtímaleiga. Bankaábyrgð. Upplýsingar í síma 863 8892.

Glæsileg stór 3ja herb. 112 fm íbúð í Hafnarfirði + 2 stæði í bílageymslu. Flottar myndir inn á www.facebook.com/vjonsson.ehf Áhugasamir geta sent póst á sigrunav@gmail.com

Herbergi til leigu við Kringluna í Rvk öll aðstaða. S. 899-2060/499-2072

Alls kyns rými frá 9 fm2 vinnustofum upp í 150 fm2 smíðaverkstæði til leigu í leikhúsinu Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Frekari uppl. í s.561 0021 / 772 5777 eða nordurpollinn@nordurpollinn.com. Finndu okkur á facebook.

2ja herb.íbúð til leigu á Álftanesi. Uppl. í síma 8611541

2 Herb. íbúð til leigu í efra breiðholti uppl: 8977151

Herb. til leigu í Árbænum með aðg. að baði. Uppl. í S. 695 0507.

## Húsnæði óskast

Sögugrúskara vantar til leigu ca 30m2 vinnuaðstöðu/geymslu. sími 893 2061.

Auglýsi e. tveggja herb. íbúð. Er reykl. og stend í skilum. Uppl. 699-1102

Vantar íbúðir m. húsgögnum til leigu frá 6-18 mán. Traust alþjóðlegt fyrirtæki, öruggar greiðslur. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520

Hjúkrunarfræðingur með 2 börn óskar eftir 3-4 herb. íbúð á höfuðborgasvæðinu. Uppl. s. 865 3236 eða perla122@hotmail.com

Hjón um fimmtugt óska e. 2-3 herb. íbúð frá 1. sept, langtímaleiga. Uppl. e. kl. 16. s. 847 9233

3ja herb. íbúð óskast á höfuðborgarsv. sem fyrst. Sklvirkar greiðslur. Góð umgengni. Uppl. S 6590024.

Tvær stúlkur utan af landi auglýsa eftir 3 til 4ja herbergja íbúð í Reykjavík sem næst Háskóla Íslands næsta vetur. Nánari upplýsingar í síma 8458778 og 8477950

Einstæð móðir með foreldrum sínum og hundi leitar að 4 herb íb. eða stærra frá 130 - 160þ. uppl: 8473504

Óska eftir 2-3herbergja íbúð á leigu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er. Uppl. Í síma 6954999

Reyklaus og reglusamur maður á miðjum aldri óskar eftir 2 herb íbúð í Rvk frá 1 sept. fyrirframgreiðsla og meðmæli uppl í gsm 899 6114

**EINBÝLISHÚS Í GRAFARVOGI ÓSKAST TIL LEIGU**
Óska eftir vönduðu 4(+) svefnherbergja einbýlishúsi í langtímaleigu fyrir traustan aðila. Fyrirframgreiðsla í boði. Upplýsingar gefur Vilhjálmur í síma 892 0018.

Ungt par óskar eftir íbúð á leigu studio, 2 eða 3 herbergja greiðslugeta allt að 110 þús. á mánuði uppl. í s. 841 8142

## Fasteignir

Ég býð sanngjarna þóknun fyrir að selja fasteignir. hallihar@remax.is löggiltur fasteignasali. REMAX BÆR. GSM: 690 3665.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 3 iðnaðarbil í Kjötsmiðjuhúsinu að Fosshálsi 27 110 Reykjavík. Stærðir 159 fm, 254 fm og 285 fm. Uppl. í s. 892 3482

Atvinnuhúsnæði til leigu í Mosfellsbæ. 168 fm, hátt til lofts, stór innkeyrsluhurð. 100þús. á mán. S.6948639.

## Sumarbústaðir



Til sölu rúmlega 0.5 ha sumarbústaðaland í landi Úteyjar 1, Bláskógabyggð. Frábært útsýni. Heitt og kalt vatn ásamt rafmagni á lóðamörkum. Upplýsingar í síma 899 9694/486 1194/896 2684



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Gistiaðstaða f. 10-15 manns. Helgarleiga 75þús. sun-föst 5 nætur 95þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhus.edicypages.com

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting




## ATVINNA

## Atvinna í boði

ALP GÁK BÍLAVERKSTÆÐI RÉTTINGAR - SPRAUTUN

Óska eftir að ráða bílamálara/bílasmið. Uppl. í s. 567 0770.

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**

**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum. Vinnutími önnur vika fyrir hádegi og hin eftir hádegi og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

**Járniðnaðarmenn**
**Óskum eftir vélvirkja, járniðnaðarmanni, nema og aðstoðamanni. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

MOSFELLS BAKARÍ

**Reykjavík og Mosfellsbæ**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakaríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. og Háholti 13-15, Mosfellsbæ. Um er að ræða vaktir ýmist fyrir eða eftir hádegi og einnig helgarvinna. Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

Bakarameistarinn

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn Húsgagnahöll, Glæsibær, Smáratorg og Mjódd óskar eftir traustu fólki til starfa í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Vinnutími frá 10-19 11-19 og 13-19 virka daga. Framtíðarstarf. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

115 SECURITY

115 Security óskar eftir öflugu starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund,hreint sakarvottorð og góð Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. 115 Security. Askalind 2, 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Pizza Hut

**Vaktstjóri á Pizza Hut**

**Pizza Hut leitar af vaktstjóra í framtíðarstarf.**

**Starfið felst í: Stjórnun vakta, Þjónustu í sal,**

**Mannastjórnun í samráði við veitingastjóra.**

**Hæfniskröfur: Reynsla af stjórnun, mikil þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum.**

**Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is**

**Upplýsingar veitir Linda í síma 692 3822.**

Pizzeria Rizzo

**Pizza bakara vantar/ Pizza baker needed**
**Vantar vanan pizzubakara sem fyrst. áhugasamir hafi samband við Billy á Grensásvegi 10, milli kl 11-18 í dag og á morgun. rizzo@rizzo.is**

ISS

**ISS óskar eftir starfsfólki**

**ISS óskar eftir starfsfólki til starfa við ræstingar og í mötuneytum á Höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða fjölbreytt störf og sveigjanlegan vinnutíma, sem t.d hentar vel skólafólki. Umsókn er hægt að fylla út á heimasíðu ISS, www.iss.is eða á skrifstofu ISS að Austurhrauni 7, 210 Garðabæ. Nánari upplýsingar gefur Starfsmannstjóri, siggah@iss.is**

NAUTHÓLL Bistro

**Veitingastaðurinn Nauthóll óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöður fyrir haustið**
**Matreiðslumönnum**

**Matreiðslunemum**

**Framreiðslunemum.**

**Umsækjandi þarf að vera reyklaus, stundvís, heiðarlegur, metnaðarfullur og jákvæður. Þarf að geta hafið störf fljótlega. Umsókn og ferilskrá óskast send á eythor@nautholl.is Öllum umsóknum verður svarað og farið með sem trúnaðarmál**

**NULL**
Fjölskylda í Hafnarfirði með 3 börn á aldrinum 3-11 ára, leitar eftir ömmu til að aðstoða við heimilisstörf og pössun 2-3 daga í viku. Uppl. s 893 2628

Óska eftir starfskrafti í söluturn. Verður að vera yfir 18 ára. Uppl. í s. 698 4066.

Óska eftir starfsfólki í vinnu. Afgreiðslustörf í mötuneyti, 70% starfhlutfall. Uppl. s. 663 3825

Grillhúsið á Sprengisandi leitar af duglegum og helst reyndum uppvaskara í 40-50% starf. Unnið er á vöktum, kvöld og helgar. Tekið er við umsóknum á staðnum milli 11:30-14:00.

Ruby Tuesday óskar eftir starfskrafti í eldhús og sal í bæði fullt- og hlutastarf. Umsóknir sendist á rubytuesdayice@gmail.com. Æskilegt er að senda mynd með umsókn. 18 ára aldurstakmark.

**Lagerstörf og vörumeðhöndlun**
Hýsing -vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir starfsfólki í vörumeðhöndlun á sérvöru og á lager. Vinnutími er 8-16:30. Um að ræða flokkun, talningu, meðhöndlun og merkingu vara, annars vegar, og tiltekt pantana og talningar, hins vegar. Ráðið verður bæði til skamms tíma og til frambúðar. Umskóknir fyllist út á www.voruhysing.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á staðnum.

**Vist í Hrísey**
5 manna fjölskylda óskar eftir stúlku/ konu í vist í 6-8 mán. Uppl. í s. 693 2959

Starfsfólk óskast í fjölbreytt starf meðal annars ræstingar ofl 100% starf Sendið inn umsókn á umsjon@visir.is

**Tækifæri - Áskorun**
Viltu nýta tíma þinn betur. Höfum tækifæri fyrir þig. Ábati sem skilar árangri. Þjálfun - samvinna. Upplýsingar í síma 821 4445 milli kl 10 og 12 Virka daga.

Vélstjóra, vélavörð og stýrimann óskast á bát, gerðan út frá Þorlákshöfn, vélarstærð, 465 kw. Uppl. í S: 694 8908 Guðjón

Íbúðahótel í 101 Reykjavík óskar eftir vönum þernum til starfa við þrif. Reynsla nauðsynleg. Umsóknir sendist á netfang: aparthotel101@yahoo.com

Vietnam Restaurant auglýsir eftir lærðum matreiðslumanni í fullt starf til að elda Vietnamskan mat . Vinsaml. hafið samb.við netfang: quang@vy.is

**Starfsfólk óskast**
Óskum eftir starfsfólki í nýtt og spennandi kaffihús í miðborg Reykjavíkur. Góð þjónustulund og góð Íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg. Um vaktavinnu er að ræða. Lágmarksaldur 22 ár. Áhugi á náttúru Íslands er kostur. Umsóknir berist á netfangið info@volcanohouse.is

Óska eftir gröfumanni til starfa sem fyrst fram á haust. Uppl. s. 863 8099

## Atvinna óskast

Óska eftir vélstjóraplássi á góðan bát. Vélastærð 750kw. Uppl. s. 557 2969

2 smiðir óska eftir vinnu, vanir trésmíði, flísalögn, málun & gipsvinnu. S. 846 3632.

Atvinna óskast, er vanur iðnaði, lagerstörfum, beitningu og ofl. Uppl S. 895 8601 E-mail. birgirf@internet.is

45 ára fjölhæfur iðnaðarmaður óskar eftir framtíðar/tímabundnu starfi á sjó eða í landi. Uppl. Kristinn 697 8694 eða kiddi66@gmail.com

Íslensk kona óskar eftir helgarvinnu, vön afgreiðslu. Uppl. sendist á sal@internet.is

## TILKYNNINGAR

## Einkamál




**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



# STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir

**Hugað að heildarmyndinni**

Rauði þráður verksins er að sögn Ólafs hið sögulega samhengi listasögunnar; einkenni íslenskrar listasögu á ákveðnum tímabilum, tengsl hennar við samfélagið, menninguna og við alþjóðlega listasögu.

„Þetta eru grunnspurningar sem við leggjum sameiginlega upp með en verkefnin eru líka æði fjölbreytileg og áherslur eru ólíkar á milli binda. Við gætum þess þó að missa aldrei sjónar á heildarmyndinni og það markar alla uppbygginguna verksins. Þannig flakka til dæmis ákveðnir listamenn á milli binda og innan binda eftir því sem á við, því það er mjög mikilvægt fyrir okkur að setja höfundarverk þeirra í sögulegt og þematískt samhengi.“

**Myndmál í íslensku samhengi**

Saga myndlistar nær ekki langt aftur hér á landi miðað við önnur lönd. Ein af spurningunum sem það vekur er hvort það sé á annað borð eitthvað til sem heitir íslensk listasaga, er hún eðli málsins samkvæmt ekki innflutt?

„Íslensk myndlist er samsett,“ segir Ólafur, „hún hlýtur að vera það. Fyrstu listamennirnir fóru utan í nám, og tileinkuðu sér þar hugmyndir og viðhorf áður en þeir komu heim og fóru að vinna í hinu íslenska samfélagi og samhengi. Um aldamótin 1900 vorum við fyrst og fremst í hinum danska listheimi og tengslin við hann voru mjög náin. Viðmiðið fyrir íslenska myndlist var þá fyrst og fremst í Kaupmannahöfn, þó vissulega hafi listamenn líka leitað á önnur mið. En það var fyrst í seinni heimsstyrjöldinni sem losnaði um þessi nánu tengsl við Danmörku.

En þótt íslensk myndlist hafi ávallt verið í nánum tengslum við alþjóðlega listasögu, veltur inntak hennar á því sem gerðist í hinu samfélagslega og menningarlega samspili hér á landi og þróast út í eitthvað nýtt sem kalla má íslenska myndlist með sínum sérkennum. Við höfum lagt okkur eftir því að setja listasöguna í þetta stóra alþjóðlega samhengi, frekar en að einangra hana í mjög afmörkuðum hugmyndafræðilegum aðstæðum.

**Hin alvarlega myndlist tekst á við mikilvægar spurningar**

Spurður hvort ritið kollvarpi ríkjandi hugmyndum um stöðu íslenskrar myndlistar, segir Ólafur eðlilegt að búast við nýjum áherslum og túlkunum. „Það verður spennandi að sjá hvernig okkar listsögulega frásögn fellur inn í það samhengi sem er til staðar. Það má ekki gleyma því að þótt myndlistarsagan hafi ekki verið skrifuð hér undanfarin ár hefur orðið til ákveðið skipulag og stigveldi, þar sem mjög margir aðilar taka þátt í því að móta þá stöðu sem kalla má listsögulega skoðun eða skoðanir; listasöfnin, sýningarsalir, gagnrýnendur, almenn umræða og svo framvegis. Listasagan verður án efa mjög mikilvægt framlag til þessarar umræðu.“

Spurður um vægi myndlistar á Íslandi í dag segir Ólafur að hún skipti sannarlega máli.

„Og ég held að það eigi eftir að sýna sig þegar verkið kemur út. Hin alvarlega myndlist er alltaf að takast á við mikilvægar spurningar. Eitt af okkar stóru vandamálum er að listasagan hefur ekki verið sýnileg fram að þessu; við höfum einfaldlega ekki haft stofnanir með þann styrk í samfélaginu til að sinna því hlutverki. Þess vegna hefur listasagan með fjarveru sinni haft dálítið sérkennilega stöðu í okkar menningu og um leið í okkar sjálfsmynd. Það hefur verið erfitt að nálgast þekkingu og upplýsingar. Von okkar er sú að yfirlitsritið leysi úr þeim vanda og búi til nýjan þekkingargrundvöll um listasöguna.“

## Skýr kaflaskipti sögunnar

**Hvert bindi Listasögu** Íslands tekur mið af skýrum kaflaskiptum í íslenskri listasögu. Fyrsta bindið fjallar um tímabilið frá seinni hluta 19. aldar fram til um 1930, tímabil brautryðjendanna þegar rómantísk náttúrutúlkun og symbólismi setja meginmark á íslenska myndlist. Annað bindi fjallar um tímabilið 1930 til 1945, þegar fram kom á sjónarsviðið ný kynslóð listamanna sem var handgengin róttækari viðhorfum úr evrópskri myndlist. Þriðja bindið spannar tímabilið 1945 til 1960 og fjallar um abstraktlistina. Um 1960 tók við tímabil nýsúrrealisma, popplistar og nýdadaisma, sem fjallað er um í fjórða bindi. Fimmta og síðasta bindið er hins vegar helgað tímabilinu 1980 og fram yfir aldamótin 2000, og þeim tímamótum sem þá urðu í listinni.





**ÖÐRUVÍSI NÁLGUN** „Við erum öll að einhverju leyti sæborgir í nútímasamfélögum sem stóla á tól og tækni,“ segir Úlfhildur Dagsdótir, sem hefur sent frá sér bók þar sem líftækni er skoðuð út frá skáldskap. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# LÍFTÆKNI Í LJÓSI bókmennta

**Líftækni, vélmenni, gervimenni og klón í bókmenntum og myndmáli eru viðfangsefni nýútkominnar bókar Úlfhildar Dagsdóttur, Sæborgin: Stefnumót líkama og tækni í ævintýri og veruleika.**

BÓKMENNTIR ROALD VIÐAR EYVINDSSON

Umræðan um líftækni hefur hingað til verið á svolítið afmörkuðum nótum á Íslandi. Hún hefur iðulega farið fram innan félagsvísinda, hugvísinda og raunvísinda og verið sett í pólitískt samhengi. Mér fannst bara orðið tímabært að varpa nýju ljósi á umræðuna með því að skoða líftækni út frá skáldskap og hvernig hann mótar hugmyndir okkar um þessa tækni ekki síður heldur en vísindin.“ Þannig lýsir Úlfhildur Dagsdóttir viðfangsefni nýútkominnar bókar sinnar, Sæborgin: Stefnumót líkama og tækni í ævintýri og veruleika.

Bókin er fræðirit í þremur hlutum þar sem höfundurinn tengir umfjöllunarefnið bókmenntum og myndmáli í fyrsta hlutanum, þar með talið kvikmyndum og tónlistarmyndböndum. Í þeim síðari gefur að líta yfirlit yfir erlenda umræðu um líftækni og sæborgir með áherslu á tengsl hennar við bókmenntir og afþreyingarmenningu. Loks er sérstakur hluti helgaður Íslandi sem veitir innsýn í stöðu líftækni í fræðum og listum hérlendis.

„Allt miðar þetta að því að skoða hvaða áhrif tækni hefur á samfélagið okkar og einstaklinginn sjálfan eða hugmyndir okkar um mennsku,“ bendir Úlfhildur á og bætir við að hugmyndirnar séu jafnframt settar fram til að dýpka skilning lesenda á þessum flóknu fyrirbrigðum, líftækni og sæborga.

> Allt miðar þetta að því að skoða hvaða áhrif tækni hefur á samfélagið okkar og einstaklinginn sjálfan eða hugmyndir okkar um mennsku

Hún er beðin um að útskýra nánar hugtakið sæborg áður en lengra er haldið. „Sæborg er mjög nærtækt dæmi um líftækni úr skáldskap, þar sem hún vísar til lífveru sem er að einhverju leyti vélræn eða öfugt, vélar sem er að einhverju leyti lífrænar,“ segir hún og tekur sem dæmi tortímandann úr samnefndum kvikmyndum og ófreskju Frankensteins.

„Hugtakið má svo hæglega heimfæra upp á veruleikann þar sem við erum öll að einhverju leyti sæborgir í nútímasamfélögum sem stóla á tól og tæki. Svona rétt eins og þú ert að pikka þetta samtal jafnóðum inn á tölvu sem er þá orðin að framlengingu af þér,“ segir hún glettin.

Úlfhildur er ekki í nokkrum vafa um að bókin eigi eftir að koma af stað eldheitri umræðu.

„Það hafa náttúrulega engar íslenskar bækur komið áður út hérlendis sem skella þessu öllu saman í einn hrærigraut, eins og ég geri hér til að setja hlutina í stærra samhengi. Ég veit að þeir sem starfa á þessu sviði eru lítt gefnir fyrir slíkt. Eiginlega stóla ég á það og vona að bókin valdi deilum.“


Þökkum öllum þeim sem komu til okkar í súpu á Fiskidaginn mikla á Dalvík

Starfsfólk og eigendur veitingahúsa Nings

NINGS



Einnig viljum við sérstaklega þakka þeim fyrirtækjum sem hafa stutt okkur í súpgerðinni í gegnum árin.

THAI-CHOICE Premium Quality from Thailand

ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf

SD Sælkeradreifing ehf.

Bananar ehf.

olís


RUGL VERÐ
Á SKÓLAVÖRUM Í Office1
Trélitir
16 stk.
99kr.
Skrúfblýantar - 0,5
39kr.
Pennaveski - Glans
399kr.
Tússlitir
10 stk.
49kr.
Reglustika - 30 cm
47kr.
TECHNIC strokleður
8kr.
Límstifti
8 gr.
45kr.
Twist'n'Flex reglustika
Sveigjanleg - 20cm og 30cm
Frá
295kr.
Gott grip skiptir máli
Frá
69kr.
Yddari - Harmonikka
88kr.
Strigaskór
Pennapoki
990kr.
OPIÐ
24
TÍMA
í Skeifunni
Ég ætla að
spara í ár!
Office1
Skeifan 550-4110 | Smáralind 550-4140 | Hafnarfjörður 550-4120 | Selfoss 550-4190 | Egilsstaðir 550-4160

menning
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## AÐ TJALDABAKI



**Sumarsýningar í Gerðarsafni** Sumarsýningar 2011 opna í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni í dag klukkan 15. Sýningarnar standa til sunnudagsins 25. september. Í vestursal verða til sýnis myndir úr einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur og er áherslan lögð á verk uppáhaldsmálara hjónanna, Ásgrím Jónsson, Jóhannes S. Kjarval og Jón Stefánsson. Í austursal eru myndir úr sameign Gerðarsafns, meðal annars eftir Karl Kvaran, Guðmundu Andrésdóttur og Eyborgu Guðmundsdóttur. Á neðri hæð eru svo verk eftir Gerði Helgadóttur, sem var frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar hér á landi.




**Kredda í kreppu** Stefán Snævarr kynnir hugmyndir sínar um miðjuna hörðu og hentistefnuna mjúku í bókinni Kredda í kreppu – frjálshyggjan og móteitrið við henni sem kemur út á þriðjudag. Því er lofað af Heimskringlu sem gefur bókina út að í henni verði að finna gagnrýna úttekt bæði á frjálshyggju og vinstrisósíalisma. Höfundi þykir skilningur frjálshyggjumanna á frelsishugtakinu takmarkaður, þeir séu óþarflega gagnrýnir á lýðræðið og helst til trúaðir á kreddur hagfræðinga en skilji ekki að kenningar hagfræðinnar eru illprófanlegar. Stefán er prófessor í heimspeki við háskólann í Lillehammer og höfundur fjölda heimspekirita og skáldverka auk þess sem hann ritar oft um málefni samtíðar í blöð.




Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Superform matartaska

Matartaskan inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn og er útbúin sérstaklega af Goran fyrir þig með þína orkuþörf í huga og tryggir þér þannig hámarks árángur í ræktinni.



Vilt þú:
- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þáttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.

Þitt er valið:

| 4 vikna námskeið | 6 vikna námskeið | 8 vikna námskeið |
|---|---|---|
| Verð án matartösku: **19900.-** | Verð án matartösku: **29900.-** | Verð án matartösku: **39900.-** |
| Verð með matartösku: 69900.- | Verð með matartösku: 89900.- | Verð með matartösku: 109900.- |

Námskeiðið er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Námskeiðið hefst **15. ágúst** en þú getur byrjað í dag!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur
Fylgstu með

# ALLTAF BETRA VERÐ

**15,6"**

**USB 3.0** HDMI

**Acer Aspire 5750G-2314G50MN**
- Intel Core i3-2310M
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 1GB Geforce GT 520M leikjaskjákort

**119.990**

**MINNISLYKILL 16GB**

Corsair 16GB USB2
16GB handhægur og traustur minnislykill.

CORSAIR — 10 ára ábyrgð

**6.990**

**10,1"**

**Asus EEE 1001PXD**
- Intel Atom N450
- 1GB DDR3 minni
- 250GB diskur
- Intel GMA3150 PCI skjástýring

**49.990**

**15,6"**

**Toshiba Satellite C660D-14E**
- AMD E240
- 2GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- AMD Radeon HD 6310 skjákort
- Allt að 6,25 klst. rafhlöðuending

**62.990**

**15,6"**

TOSHIBA 2 | VILD — SÉRTILBOÐ FYRIR FÉLAGA

**Toshiba Satellite C660-1N8**
- Intel Core i5-2410M Turbo Dual Core
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- Intel HD Graphics 3000 skjákort
- Allt að 6,5 klst. rafhlöðuending

**109.990**

FULLT VERÐ KR. 129.990

**15,6"**

**Toshiba Satellite R850-10J**
- Intel Core i5-2410M Turbo Dual core
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 1GB AMD Radeon HD 6450 DirectX 11 skjákort
- eSATA, HDMI, kortalesari

**USB 3.0** HDMI

**179.990**

**23"**

SAMSUNG

*Með cPVA filmu sem sýnir réttari liti og víðari sjónarhorn*

**Samsung 2333T**
- 23" Full HD LCD flatskjár
- 1920x1080p upplausn
- 50.000:1 skerpa
- VGA, DVI-I
- cPVA filma

**27.990**

**ÞRÁÐLAUS +LCD**

**EPSON FJÖLNOTATÆKI**

**Epson SX420W**
Prentari og skanni með LCD skjá og þráðlausu netkorti. Prentar A4 í 5760 x 1440p uppl. og 35 bls. á mín. Skannar í 1200 x 2400. Kortalesari. USB. Fyrir Windows og Mac.

**11.990**

**2.5"** **640GB**

SAMSUNG

**SKÆRBLEIKUR FLAKKARI**

**Samsung G72**
640GB USB 2.5" flakkari með flottri bleikri áferð. Gengur með Windows og Mac.

**12.990**

MANHATTAN

**FARTÖLVUTASKA OG MÚS**

**Manhattan 15-16" Mobile Pro**
Hin vinsæla Manhattan London fartölvutaska með mús í kaupbæti. Músin er lítil og hentar því vel á ferðalögum þar sem lítið fer fyrir henni í töskunni.

**5.990**

*Vaxtalausar raðgreiðslur með 3% lántökugjaldi og 295kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga.

***Kynntu þér KASKÓÁBYRGÐ sem tryggir fartölvuna fyrir þjófnaði og óhöppum***

***VAXTALAUS 12 MÁNAÐA TÖLVULISTALÁN****

# TÖLVULISTINN

**TL.IS**

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# Blómabær og hveralandslag



Nú stendur bæjarhátíðin Blómstrandi dagar yfir í Hveragerði, en árlega taka þúsundir þátt í hátíðahöldunum. *Fréttablaðið* kannaði þá mörgu skemmtilegu staði, söfn og hvers kyns lystisemdir sem bærinn og nágrenni hafa upp á að bjóða.

**1. Hestaferð í Reykjadal**
Fátt er betur til þess fallið að kynna fólk fyrir náttúru Íslands en lengri og styttri hestaferðir. Frá Völlum í Ölfusi bjóða Eldhestar meðal annars upp á hestaferðir í náttúruperluna Reykjadal, þar sem útsýnið er frábært og flestir aldurshópar ættu að geta skemmt sér vel.

**2. Adrenalíngarðurinn, Nesjavöllum**
Á Nesjavöllum, um einum kílómetra frá Nesjavallavirkjun, er Adrenalíngarðurinn sem býður upp á fjölbreyttar þrautir. Meðal þess sem þar er að finna er risarólan, þar sem þátttakendur fljúga í gegnum loftið úr tólf metra hárri rólu og ætti það að tryggja að adrenalínið flæði um líkamann, og margt fleira. Ekki er mælt með Adrenalíngarðinum fyrir börn yngri en átta ára.

**3. Draugasetrið, Stokkseyri**
Draugasetrið er í Lista- og menningarverstöðinni á Stokkseyri, sem áður var frystihús. Í safninu má meðal annars finna Brennivínsdrauginn sem situr uppi í rjáfri á Draugabarnum, auk fjölda draugasagna og margs fleira. Myndatökur eru bannaðar á safninu til að vernda draugana, en ekki síður þá sem smella af myndunum.

**4. Skrúðgarðurinn, Hveragerði**
Skrúðgarðurinn markast af Breiðumörk, Skólamörk og Varmá og er þar fallegur gróður með leiksvæði, bekkjum og borðum sem nýta má til útivistar. Nýr göngustígur liggur meðfram Varmánni og í gilinu eru hinar fegurstu litasamsetningar og hveralandslag sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

**5. Þingvallavatn**
Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni við eitt vinsælasta veiðivatn landsins, með sínum fjórum tegundum af bleikju og stórmerkilegum og nánast goðsagnakenndum urriðastofni, en mestu líkurnar á að fanga þar silung mun vera seint á kvöldin. Öll aðstaða fyrir veiðimenn er til fyrirmyndar í þjóðgarðinum.

**6. Friðland Fuglaverndar í Flóa**
Við ósa Ölfusár, norðan við Eyrarbakka, er friðland Fuglaverndar sem ætti með réttu að vera óvenju áhugavert á þessum tíma árs. Þeir sem vilja sjá syngjandi lóuþræla, óðinshana, endur og fleira ættu að njóta sín vel í friðlandinu.

**7. Hveragerði, hverasvæðið í miðbænum**
Gnótt er af hverasvæðum á þessum slóðum eins og nafnið bendir til. Meðal annars er eitt slíkt girt svæði að finna í sjálfum miðbænum, sem vekur forvitni og aðdáun gesta og gangandi. Þar er meðal annars hinn nafntogaði Manndrápshver, en í hann féll maður árið 1906 og lést. Varð það til þess að götulýsing var sett upp í Hveragerði, sú fyrsta á landinu.

**8. Ingólfsfjall**
Vinsæll áfangastaður göngugarpa er Ingólfsfjall í Ölfusi, sem er 551 metri á hæð. Fjallið er kennt við landnámsmanninn Ingólf Arnarson. Uppi á fjallinu er grágrýtishæð sem heitir Inghóll og segja munnmæli að þar sé Ingólfur heygður.

**9. Hellisskógur**
Útivistarsvæðið Hellisskógur er falin perla við norðanverða Ölfusá. Þar er gaman að ganga og aka um og hægt er að skoða Hellinn sem skógurinn dregur nafn sitt af. Komið hefur verið upp grillaðstöðu á svæðinu þar sem margir göngustígar eru, útsýni er fallegt og þar eru einnig minjar um búsetu og mannaferðir. Til að komast á svæðið er beygt til vinstri rétt áður en ekið er yfir Ölfusárbrú á leið inn í Selfoss og ekið í gegnum hverfið þar.

**10. Sundlaugin Laugaskarði**
Í hvers kyns veðri er gaman að skella sér í sundlaugina í Laugaskarði, sem er 50 metra löng og 12 metra breið og var um langa hríð langstærsta sundlaug landsins. Hún er svokölluð gegnumrennslislaug, hituð upp með jarðgufu, sem tryggir eðlilegt sýrustig og hreinleika vatnsins.

**11. Þorlákshöfn**
Í Þorlákshöfn má meðal annars feta göngustíg um minjasvæði þar sem sjást tóftir sjóbúða, tómthúsa, garða og byrgja. Þar er einnig Hafnarnesviti, sem var byggður árið 1951 og stendur 11 metra yfir sjó.




















# Auktu möguleika þína

## Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu

**Flugrekstrarfræði** 46 einingar.
- Námið er sniðið að þörfum starfsmanna í flugtengdum rekstri og tekur tvö ár í dreifnámi með staðlotum.

**Útvegsrekstrarfræði** 46 einingar.
- Námið er sniðið að þörfum sjávarútvegarins og tekur tvö ár í dreifnámi með staðlotum. Útvegsrekstrarfræði hentar þeim sem hafa starfsmenntun og reynslu úr sjávarútvegi.

**Rekstur og stjórnun, almenn lína** 46 einingar.
- Námið hentar starfsfólki af öllum sviðum atvinnulífsins sem hefur lokið starfsmenntun eða sambærilegri menntun. Námið tekur tvö ár í dreifnámi með staðlotum.

Nám í rekstri og stjórnun í atvinnulífinu er þróað af Tækniskólanum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er til viðurkenndra háskólaeininga. Inntökuskilyrði eru starfsmenntun, stúdentspróf eða sambærilegt nám.

**Innritun er til 14. ágúst á www.tskoli.is**.

## Lýsingarfræði

Námið er 60 framhaldsskólaeiningar (*fein*) og tekur tvö ár. Námið er skipulagt í samvinnu við PLDA, Professional Lighting Design Association. Námið tekur tvö ár í dreifnámi með staðlotum. Námsmat byggir á raunhæfum verkefnum.

**Innritun er til 25. ágúst á www.tskoli.is**. Kennsla hefst 5. september.

## Meistaraskólinn

**Nám til iðnmeistara í öllum iðngreinum.**
Námið er dreifnám, þ.e. fjarnám með staðlotum. Kennsla hefst 5. september. Ath! Haustið 2012 tekur ný námskrá gildi fyrir iðnmeistaranám.

**Innritun lýkur 22. ágúst** og þann dag verður aðstoð við innritun í matsal nemenda á Skólavörðuholti kl. 16:00 – 18:00. Innritun á www.tskoli.is

Nánari upplýsingar fást í Endurmenntunarskólanum, **s. 514 9601** eða á **amp@tskoli.is** og á vef skólans **www.tskoli.is**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is


HVERAGERÐI

## Blómstrandi dagar í Hveragerði

**Bærinn skreyttur hátt og lágt og boðið upp á ýmsa skemmtan.**

Dagana 11. til 14. ágúst stendur bæjarhátíðin Blómstrandi dagar yfir í Hveragerði. Um helgina er því margt þangað að sækja fyrir alla aldurshópa. Hverfi bæjarins eru skreytt hátt og lágt í hverfislitum og boðið upp á ýmsa skemmtun. Til að mynda býður Kjörís öllum að mæta á Ísdaginn mikla sem haldinn er í dag. Þar er boðið til mikillar ísveislu þar sem bragða má hinar ýmsu furðubragðtegundir, en einnig gæða sér á hefðbundnum ís. Tónlist, sýningar, tívolí, handverksmarkaður, sölubásar, aparóla yfir Varmá, brekkusöngur og flugeldasýning eru aðeins dæmi um það sem fram fer í Hveragerði yfir helgina. Nánari upplýsingar um dagskrá Blómstrandi daga má finna á hveragerdi.is.



**Bylgjulestin** fagnar 25 ára afmæli Bylgjunnar með ferð um Ísland í sumar. Lestin verður í Hveragerði um helgina. Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansý verður send út þaðan.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Ferskar kjötvörur lýsa eftir 600 tonnum af lambakjöti

## fundarlaun í boði iPad2 tölva

Vinsamlegast hafið samband við
Leif Þórsson framkvæmdastjóra í síma 660 6330



ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

# tímamót

timamot@frettabladid.is



85 **FIDEL CASTRO** forseti Kúbu er 85 ára

*„Mér þykir kapítalismi andstyggilegur. Hann er soralegur, firrtur og ruddalegur, enda valdur að styrjöldum, yfirdrepsskap og viðurstyggilegri samkeppni.“*

## Myndlist og tónlist á La Luna

Nýr ítalskur veitingastaður, La Luna, á Rauðarárstíg 37 opnar formlega í dag. Af því tilefni mun Siggi Palli fjöllistamaður sýna málverk sín á staðnum.

Mikið verður um dýrðir en opnunarhófið hefst klukkan 17 og stendur til 19. Veislustjóri verður Þorsteinn Guðmundsson, grínisti, skáld og trúbador en boðið verður upp á léttar veitingar ásamt lifandi tónlist.

Fjöldi frægra gesta hefur boðað komu sína. Má þar nefna Steinda Jr, Stein Ármann Magnússon leikara, Helgu Brögu leikkonu, Baltasar Samper og Braga Ásgeirsson listmálara.



**FJÖLLISTAMAÐUR** Siggi Palli mun sýna málverk sín á formlegri opnun La Luna í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þóra Bjarnadóttir**

Austurbrún 6, síðast til heimilis að hjúkrunarheimilinu Mörk v/Suðurlandsbraut,

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sólveig Brynja Magnúsdóttir** **Lárus Einarsson**
**Linda María Magnúsdóttir**
**Þóra Lárusdóttir** **Steinn Örvar Bjarnarson**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Eyjólfur Guðjónsson**

skipstjóri,
Bjarmalandi 3, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 10. ágúst.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. ágúst klukkan 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Sigurrós Guðjónsdóttir**
**Anna Eyjólfsdóttir** **Sigurður Júlíusson**
**Eyjólfur Sigurðsson** **Anna Sigríður Halldórsdóttir**
**Kristján Sigurðsson** **Kim Andersson**
**Júlíus Már Sigurðsson**

---



*Elskulegur eiginmaður og vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Gunnarsson**

húsgagnasmiður
Bergvegi 7, Keflavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, þriðjudaginn 10. ágúst. Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki Landspítalans, frábæra umönnun í skammvinnum en erfiðum veikindum.

**Sigríður Guðbrandsdóttir**
**Bjargey Einarsdóttir** **Björn Sigurbjörnsson**
**Þórunn Einarsdóttir** **Jón Gunnarsson**
**Guðbrandur Einarsson** **Margrét Sumarliðadóttir**
**Sigríður Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**ÞETTA GERÐIST** 13. ÁGÚST 1987

## *Kringlan opnar með glæsibrag*

Verslunarmiðstöðin Kringlan var opnuð með pompi og prakt fyrir 24 árum. Pálmi Jónsson, kenndur við Hagkaup, var aðal hvatamaður að byggingu Kringlunnar og bauð Íslendinga velkoma í fyrstu íslensku verslunarmiðstöðina sem byggð var að erlendri fyrirmynd með innri göngugötu á tveimur hæðum og tugi verslana á einum stað.

Kringlan sló strax í gegn meðal landsmanna og nafnið Kringlan sömuleiðis, enda síðan almennt notað um stórar verslanamiðstöðvar í íslensku tungumáli. Kringlunni var valinn staður í „nýja miðbæ“ Reykjavíkur, um fjóra kílómetra frá gamla miðbænum. Hún er vel í staðsett á horni tveggja stærstu aðalbrauta borgarinnar og stutt að aka þangað fyrir stærstan hluta borgarbúa.

Á 20 ára afmæli Kringlunnar 2007 var reiknað út að hartnær hundrað milljónir gesta hefðu komið í þessa vinsælu verslunarmiðstöð og að hver einasti Íslendingur hefði eytt þar nærri 300 þúsund klukkustundum.




---

**GEIMSTÖÐIN L 381:** ÞARF STYRKAN STUÐNING Í LANDMANNALAUGUM Í DAG

# Lasinn hersjúkrabíll á fjöllum

Vinir Geimstöðvarinnar standa fyrir skemmtilegri hátíð og söfnun í Landmannalaugum í dag.

Geimstöðin er 58 ára gömul Víbonbifreið Olgeirs Engilbertssonar, bónda í Nefsholti í Rangárþingi ytra, en Olgeir og Geimstöðin hafa verið ómissandi þáttur árlegra fjallferða á Landmannaafrétt síðustu áratugi. Nú þarfnast vinstri hlið Geimstöðvarinnar viðgerðar og því efnt til söfnunar svo tryggja megi áframhaldandi viðveru Víbonsins í fjallferðum framtíðar.

„Bíllinn var framleiddur í Bandaríkjunum 9. október 1953 og var hér á landi upphaflega notaður í tengslum við Snjóköttinn sem Baldur Sigurðsson á Akureyri rak norðan Vatnajökuls,“ segir Olgeir sem keypti bílinn, af tegundinni Dodge Weapon, af Björgvini Sigurðssyni frá Vetleifsholti 1977.

„Þá hafði Björgvin átt hann í fáein ár og ætlað að nota hann sem varabíl í skólaakstur, en lítið keyrt hann vegna þess að bensínvélin hafði brætt úr sér. Ég átti eins sundurryðgaðan Víbon heima, en vélin var í lagi svo ég setti hana í þennan,“ segir Olgeir, en sú vél gaf sig 1980.

„Þá trússaði ég í fjallferðinni á Rússajeppa með nýja, lokaða hestakerru og notaði veturinn í að gera upp og setja í bílinn D300-dísilvél og gírkassa úr amerískum Ford sem endaði ævi sína með því að velta í Núpsvötnum,“ upplýsir Olgeir um vélbúnaðinn sem enn er í bílnum, en það var Ólafur bróðir hans sem sá að mestu um að gera upp vélina í verkstæðisskúr Einars Brynjólfssonar í Götu.

Víboninn var upphaflega framleiddur sem hersjúkrabíll. Hann hefur mjúka fjöðrun og blásara uppi í þakinu fyrir loftræstingu. Stór toppgrind er á þakinu, vökvastýri, dúklagt gólf og þriggja sæta bekkur, en framar var tveggja sæta samstæða og stakt sæti vinstra megin, með gangi á milli og klappstól, og var Olgeiri tjáð að sætin væru upphaflega úr Rolls Royce 400-flugvél.

„Fyrstu ferðir eftir viðgerðina 1981 voru loftnetaferðir í Þórsmörk, Emstrur, Hvanngil og Álftavatn snemmsumars, en þá hafði ofsarok í febrúar leikið loftnetin illa. Ég hef síðan farið á fjall með vistir og annan flutning í fyrstu leit á hverju ári, og tvisvar í aðra leit, að undanskildu haustinu 1980, eða alls 36 ferðir,“ segir Olgeir sem á árum áður þurfti iðulega að standa í „leiðinda stússi“ vegna erfiðrar snjófærðar og keyra á keðjum á öllum hjólum.

„Nú til dags er veður orðið mildara og mörg ár síðan ég hef sett á keðjur. Víboninn hefur reynst traustur og ég aldrei þurft að skilja hann eftir inni á afrétti vegna bilana, en einu sinni gaf kúplingin sig niðri í Landsveit,“ segir Olgeir.

Gleðin í dag stendur frá klukkan 12 til 20 með lifandi tónlist, góðu fólki og frábærum ferðamönnum. Grilluð verður bleikja sem Fjallafiskur veiðir í vötnum Landmannaafréttar, skálaverðir Ferðafélagsins baka klatta og Fjallafang lætur kaffisölu dagsins renna til söfnunarinnar. Allir eru velkomnir í Landmannalaugar, en þeir sem ekki eiga heimangengt geta lagt gömlum bíl lið með því að gerast vinir hans á Facebook og fengið þar nánari upplýsingar. **thordis@frettabladid.is**




**SEIGUR JÁLKUR** Hér má sjá Olgeir við stýrið á sögufrægum Víboninum sem hann segir nú kominn með hlaupabólu og annan krankleika á vinstri hlið, en 1999 var hægri hlið frá hurð og aftur úr endurnýjuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu hlýhug og stuðning í veikindum og við fráfall*

**Ástu Karlsdóttur**

sjúkraliða,
Árskógum 6, Reykjavík.

**Kærar kveðjur,**
**Haukur Bergsson**
**Bergur Hauksson** **Auður Harðardóttir**
**Eva Hauksdóttir** **Viðar Freyr Sveinbjörnsson**
**Ólafur Steinar Hauksson** **Bergþóra Hafsteinsdóttir**
**Sigurður Hauksson** **Kristín Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Elísabet Jónsdóttir**

áður til heimilis að Ölduslóð 17, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 15. ágúst kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gunnar Örn Gunnarsson** **Erna Guðmundsdóttir**
**Brynjar Gunnarsson**
**Helga Birna Gunnarsdóttir** **Axel Kristjánsson**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Ragnar Gíslason**


VIÐ ELSKUM ALLA
Vífilfell
GOS
SS
SÆLGÆTI
STEINDI JR.
KANINN FM 100,5
...Í BEINNI
PYLSUR
SKÓLASTART MEÐ STÆL
partý í Skeifunni 11
GRIFFILL ALLTAF ÓDÝRARI
BT
LAUGARDAGINN 13. ÁGÚST
FRÁ 13-16
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
BT
KANINN Í BEINNI ÚTSENDINGU FRÁ SKEIFUNNI 11 MILLI 13:00 OG 16:00
VINSÆLASTI GÆINN Í BÆNUM STEINDI JUNIOR OG FÉLAGAR TAKA LAGIÐ OG ÁRITA PLÖTUNA "ÁN DJÓKS - SAMT DJÓK" KLUKKAN 13.30
ÞAÐ VERÐA RISA TILBOÐ Á RITFÖNGUM OG TÖLVUBÚNAÐI FYRIR SKÓLANN
HOPPUKASTALI
PYLSUR
SÆLGÆTI
GOS
59 KR
ÁHERSLUPENNI GULUR
99 KR
KÚLUTUSSPENNI RAUÐUR, SVARTUR, BLÁR
97 KR
MERKIFÁNAR PÍLU NEONLITIR
SPARA SPARA
5 Í PAKKA
999 KR
GORMABÓK A4 LÍNA
500 KR. LÆKKUN
1.999 KR
ÁÐUR 2.499 KR
BT MÚSIN KÍKIR Á SVÆÐIÐ
PS3
10.000 KR. LÆKKUN
PS3 160GB
TAKMARKAÐ MAGN
59.999 KR
ÁÐUR 69.999 KR
SKÓLABÓKARDÆMI UM SPARNAÐ!!!
RÓSA MARGIR TITLAR Á EINUM STAÐ!!!
SKIPTU BÓKUM Á MARKAÐI
Nintendo 3DS
ENGIN GLERAUGU
3DS
10.000 KR. LÆKKUN
TAKMARKAÐ MAGN
39.999 KR
ÁÐUR 49.999 KR
VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða
LukkuPotturinn
ALLIR SEM VERSLA FYRIR MEIRA EN 10.000 KR. KOMAST Í LUKKUPOTTINN!!
GLÆSILEGIR VINNINGAR Í BOÐI.
AÐALVINNINGUR ER 32" SAMSUNG SJÓNVARP
SAMSUNG
flottar fartölvur
SAMSUNG
VERÐ FRÁ 69.999 KR.
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - SKEIFUNNI 11 - BT sími 550-4444 - www.bt.is

# Svifflugfélag Íslands er 75 ára

Svifflugfélag Íslands er 75 ára um þessar mundir og heldur upp á afmælið á Sandskeiði í dag.

Í tilefni tímamótanna verður afhjúpaður minnisvarði, stór steinn með lágmynd ásamt texta um frumkvöðul íslenskra flugmála, Agnar Kofoed Hansen. Agnar var frumkvöðull að stofnun Svifflugfélags Íslands og fyrsti formaður þess. Hann vann einnig að stofnun Flugmálafélags Íslands og Flugfélags Akureyrar.

Helsta hlutverk Svifflugfélags Íslands hefur alla tíð verið að uppfræða og kenna flug, þá sérstaklega svifflug. Félagið á stóran þátt í uppbyggingu flugs hér á landi og stór hluti flugmanna lærði í upphafi svifflug.

Svifflugfélag Íslands er elsta starfandi flugfélag landsins. Félagið hefur verið byggt upp á löngum tíma og það á og rekur fjölda flugtækja ásamt því að reka flugvöllinn á Sandskeiði.

Dagskrá afmælishátíðarinnar hefst í dag klukkan 14. Ýmis flugatriði verða sýnd og boðið verður upp á kaffiveitingar. - mmf



**AFMÆLISHÁTÍÐ** Haldið verður upp á árin 75 á Sandskeiði í dag.

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Ingvarsdóttir**

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 16. ágúst kl. 15.30.
Þeir sem vilja minnast hennar eru beðnir um að láta Slysavarnafélagið Landsbjörgu njóta þess.

**Egill Rúnar Friðleifsson** **Sigríður Hildur Svava Björnsdóttir**
**Erla Friðleifsdóttir**
**Ingvar Birgir Friðleifsson** **Þórdís Árnadóttir**
**Guðmundur Ómar Friðleifsson** **Sigrún Jakobsdóttir**
**Þóra Lovísa Friðleifsdóttir** **Hallur Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Pétursson**

Hraunbæ 37, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 31. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Stella Ingimarsdóttir**
**Jóhanna Jónsdóttir**
**Kristjana Jónsdóttir** **Gísli Sighvatsson**
**María Jónsdóttir** **Sigmar Reynisson**
**Kolbrún Jónsdóttir** **Gunnar Ström**
**og barnabörn.**

---



†

*Minningarstund um okkar ástkæra*

**Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson**

sem lést 4. ágúst, verður haldin í Laugarneskirkju þriðjudaginn 16. ágúst klukkan 15.00. Þeim, sem vilja minnast hans, er vinsamlegast bent á bankareikning dóttur hans, banki 0162-15-383931, kennitala 071007-3320.

**Anna-Lena Wiklund**
**Ragna Hrafnbjörg Gunnarsdóttir**
**Tycho Starke**
**Inga Hrafnbjörg Björnsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson**
**Unnur Gígja Gunnarsdóttir**
**Björn Gunnarsson**
**María Hrönn Gunnarsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Þór Ólafsson**

sem andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 5. ágúst, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni mánudaginn 15. ágúst kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Sigríður Haraldsdóttir**
**Birgir Þór Gunnarsson** **Ásta Karen Rafnsdóttir**
**Gerða Gunnarsdóttir** **Guðmundur Arnar Jónsson**
**Lára Guðrún Gunnarsdóttir**
**Gunnar Þór, Íris Ósk, Tara Sif, Arna Rán, Jón Gunnar og langafabörn.**

---

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa samúð, kærleik og stuðning á einn eða annan hátt við andlát og útför okkar ástkæru*

**Ásu Líneyjar Sigurðardóttur**

viðskiptafræðings,
Árbakka 9, Selfossi.

Sérstakar þakkir fyrir alúð, hlýju og fagmennsku færum við Elísabetu Örnu Helgadóttur lækni, Hjördísi Jóhannsdóttur hjúkrunarfræðingi og starfsfólki Landspítalans á deildum 11B, 21A og líknardeild í Kópavogi. Einnig þökkum við starfsfélögum Ásu Líneyjar hjá Sýslumanninum á Selfossi fyrir ómetanlega aðstoð og vinarhug.

**Þorgrímur Óli Sigurðsson**
**Linda Rós Pálsdóttir** **Dagur Gunnarsson**
**Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir** **Anton Scheel Birgisson**
**Sigurður Ingi Þorgrímsson** **Særós Ester Leifsdóttir**
**Kristófer Dagsson**
**Tómas Dagsson**
**Líney Hekla Antonsdóttir**
**Pálína Jóhannesdóttir**
**Ingibjörg Þorgrímsdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar,*

**Ingibjörg Daðadóttir**

lést 6. ágúst síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 16. ágúst klukkan 15.00.

**Auður Jónsdóttir**
**Ása Jónsdóttir**
**Daði Örn Jónsson**
**Anna Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Okkar ástkæri,*

**Ólafur Rafnkelsson**

Drekavöllum 22,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 10. ágúst. Útför fer fram frá Hafnarkirkju, Höfn í Hornafirði, laugardaginn 20. ágúst kl. 14.00.

**Bára Kjartansdóttir**
**börn og barnabörn.**
**Þorsteinn Á. Ólafsson** **Sandra Shobha Kumari**
**Fjóla Rafnkelsdóttir** **Ingólfur Eyjólfsson**
**börn og barnabörn.**

---



†

*Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,*

**Guðríður Þóra Snyder**

lést þriðjudaginn 26. júlí á Lake Wood Care Center í Bandaríkjunum. Minningarathöfn var haldin í Cavin-Cook Funeral Home Chapel 28. júlí síðastliðinn.

**Viðar Jónsson** **Inga Brynjólfsdóttir**
**Helgi Jónsson**
**Guðrún Katrín Jónsdóttir** **Páll Breiðfjörð Sigurvinsson**
**Sólveig Þóra Jónsdóttir** **Hólmgrímur Rósenbergsson**
**Katrín Jónsdóttir** **Sváfnir Hermannsson**
**aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, dóttir, systir, tengdamóðir, mágkona, frænka og vinkona,*

**Katrín Ingimarsdóttir**

Bugðulæk 16, Reykjavík,

andaðist í faðmi fjölskyldu og vina sunnudaginn 7. ágúst 2011. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 17. ágúst kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að heita á börnin hennar sem ætla að hlaupa til styrktar líknardeild Landspítalans í Kópavogi í Reykjavíkurmaraþoninu (vefsíða: hlaupastyrkur.is, nafn hóps: Í minningu Katrínar). Allur ágóði rennur til líknardeildarinnar sem hefur reynst fjölskyldunni ákaflega vel í veikindum Katrínar.

**Ingibjörg Kristín Halldórsdóttir**
**V. Ester Straumberg Halldórsdóttir**
**Kristinn Ingi Halldórsson**
**Ingimar G. Jónsson** **Vigdís Ester Eyjólfsdóttir**
**systkini, makar og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Ragna Ólafsdóttir**

Tómasarhaga 12, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 10. ágúst, verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Helga Ögmundardóttir** **Reynir Sigurbjörnsson**
**Ólafur Ögmundarson** **Vaka Ýr Sævarsdóttir**
**Ragna Reynisdóttir**
**Þórhildur Helgudóttir**
**Ingimar Ólafsson**
**Ögmundur Steinar Ólafsson**
**Sigurbjörg Ólafsdóttir** **Gústaf Berg Pálmason**
**Stefán Ólafsson** **Ástríður Sveinbjörnsdóttir**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
98 KR. KG
HOLLENSKT HVÍTKÁL
298 KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR FRÁ USA
98 KR. KG
HOLLENSKT RAUÐKÁL
98 KR. KG
HOLLENSKAR RAUÐRÓFUR
129 KR. KG
SPÆNSK VATNSMELÓNA
198 KR. KG
HOLLENSKUR BLAÐLAUKUR
179 KR. KG
BRESKAR BÖKUNARKARTÖFLUR
398 KR. KG
MANGÓ FRÁ S.AFRÍKU
129 KR. 350G
ÍSLENSKAR GÚRKUR
187 KR. KG
HOLLENSKT ICEBERGSALAT
149 KR. KG
SPÆNSK HUNANGSMELÓNA
98 KR. KG
HOLLENSKUR LAUKUR
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**WWW.LEARNINGGAMESFORKIDS.COM** Á þessari síðu er að finna fjölda skemmtilegra leikja fyrir mismunandi aldurshópa. Til dæmis orðaleiki, töluleiki og teiknileiki.




# UNGUR HEIMSMEISTARI

**Hekla Katharína Kristinsdóttir og Gautrekur frá Torfastöðum hlutu nýverið hæstu einkunn í fjórgangskeppni ungmenna á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Austurríki. Þau lentu einnig í níunda sæti í fjórgangi yfir allt mótið.**

**Hvað ertu gömul?** „Ég verð 21 árs í lok ágúst.“

**Hvenær fórstu fyrst á hestbak?** „Ég fór á hestbak um leið og ég gat sest í hnakk. Var líklega eins árs.“

**Hvenær fékkstu fyrsta hestinn?** „Ég fékk hann Sána frá Hala við fæðingu. Hann passaði upp á mig og hefur kennt mér mest af öllum hestum.“

**Hvenær kepptir þú fyrst á móti?** „Þegar ég var sex ára.“

**Hafa foreldrar þínir hjálpað þér mikið?** „Já, ég hef fengið mikinn stuðning frá þeim og þau gáfu mér góða hesta frá byrjun. Síðan er þetta líka eitthvað í blóðinu.“

**Hvernig er tilfinningin að vera heimsmeistari?** „Hún er frábær.“

**Þú vannst í ungmennaflokki í fjórgangi, hvað er fjórgangur?** „Íslenski hesturinn er með fimm gangtegundir. Til eru hestar sem hafa einungis fjórar gangtegundir, það er tölt, brokk, fet

> „Ég fór á hestbak um leið og ég gat sest í hnakk. Var líklega eins árs.

og stökk. Þessar gangtegundir kallast fjórgangur.“

**Hvað gengur fjórgangskeppni út á?** „Maður velur fyrst lag. Síðan ríður maður um völlinn og sýnir þessar fjórar gangtegundir með tónlistina undir. Maður reynir bara sitt besta en gangtegundirn- ar þurfa að vera góðar hjá hestinum vilji maður ná góðum árangri.“

**Hvaða lag valdir þú?** „Ég valdi Higher and Higher með Jet Black Joe.“

**Lentir þú í níunda sæti í fjórgangi yfir allt mótið?** „Já og fékk ég að ríða úrslit með tíu efstu knöpum mótsins, sem er algjör heiður á heimsmeistaramóti.“

**Hvenær fékkstu hestinn sem þú kepptir á úti?** „Ég fékk hestinn Gautrek frá Torfastöðum fyrir tveimur árum. Við settum okkur strax háleitt markmið og ætluðum að komast á heimsmeistaramót.“

**Það má ekki flytja hesta aftur til Íslands, hvar er Gautrekur núna?** „Þegar við komum út varð ein fjölskylda alveg ástfangin af honum og keypti hann síðasta daginn.“

**Kepptuð þið í fleiri greinum en fjórgangi?** „Við kepptum í tölti deginum áður. Það gekk ekki nægilega vel. Því var rosalega gaman að vinna daginn eftir.“

**Ertu með ráð fyrir krakka sem vilja fara á hestbak?** „Já, fullt en númer eitt, tvö og þrjú er að foreldrar finni góðan hest fyrir börnin sín. Þá vilja þau halda áfram í íþróttinni og eru örugg.“

**Hvað er framundan hjá þér?** „Á næsta ári keppi ég með fullorðnum, svo það verður bara harkan sex. Ungmennaflokkur er bara fyrir fólk á aldrinum 17 til 21. Ég ætla líka að skella mér í lífeindafræði í Háskóla Íslands. Mig langar að starfa við eitthvað samhliða hestunum í framtíðinni.“





## BRANDARAKISTAN

**„Allir sem halda að þeir séu vitleysingar standi á fætur!“ sagði kennarinn við bekkinn. Eftir nokkra stund stóð einn nemandinn hægt upp. „Helduðu að þú sért vitleysingur?“ Spurði þá kennarinn. „Nei, alls ekki. Mér fannst bara leiðinlegt að þú skyldir þurfa að standa þarna einn,“ sagði nemandinn.**

**Hvað sagði snákurinn við krakkana sem voru með læti á bókasafninu? „SSSSSSSSSSSSSSSSSSSSSSSS“**

**Hvernig geturðu fengið tímann til að fljúga áfram? Með því að henda klukku út um gluggann.**

**Snjókarlamamman var að brytja niður grænmeti í súpu í kvöldmatinn. Þá spurði snjókarlapabbinn, „Hefurðu séð nefið á mér einhvers staðar?“**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***


NÁMSKEIÐ FYRIR VERÐANDI BYGGINGASTJÓRA - 3. SEPTEMBER

# Ábyrgð byggingastjóra

**Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingaframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur.**

Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingayfirvöld. Farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdrátta, lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingaslit. Kynnt gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, fokheldis, stöðu- og lokaúttektir.

Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra. Í nýjum mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að byggingarstjórar hafi gæðakerfi vegna starfa sinna. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Kennarar verða Magnús Sædal byggingarfulltrúi og Gunnar Pétursson lögfræðingur.

**Kennt verður í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Skúlatúni 2 í Reykjavík, laugardaginn 3. september frá kl. 9.00 – 16.30.**

**Skráning á www.idan.is og í síma 590 6400**

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is




## UPPSKRIFTIN

# Einfaldar kjötbollur með Ritz-kexi

**GOTT AÐ FÁ AÐSTOÐ HJÁ FULLORÐNUM VIÐ HEITAN OFNINN.**

**500 g nauta- eða svínahakk**

**1 egg**

**½ pakki Ritz-kex**

**½ pakki púrrulauksúpa**

Kveikið á ofninum og stillið á 180 gráður. Myljið kexið vel niður í skál, gott að nota Mulinex-vél ef hún er til. Brjótið eggið í litla skál eða bolla og veiðið skurnina up úr ef hún brotnar með. Setjið hakkið í aðra skál og skellið egginu, kexinu og hálfum pakka af púrrulauksúpu út í. Blandið vel saman, best er að nota hendurnar og kreista allt saman milli fingranna.

Rúllið svo litlar bollur og raðið í ofnskúffu. Betra er að hafa bollurnar ekki of stórar, til dæmis er hægt að að hafa þær eins og golfbolta að stærð.

Setjið ofnskúffuna í miðjan ofninn og bakið bollurnar í 10 til 15 mínútur.

Borið fram með tómatsósu og spagettíi.



NORDICPHOTOS/GETTY

# OPIÐ ALLA HELGINA

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPIÐ ALLA HELGINA**

**LAUGARDAG**
11:00 - 18:00

**SUNNUDAG**
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** glufa, **6.** fæddi, **8.** meðal, **9.** prjónavarningur, **11.** tveir eins, **12.** orðrómur, **14.** fótmál, **16.** innan, **17.** knæpa, **18.** útsæði, **20.** klaki, **21.** borg í Portúgal.

**LÓÐRÉTT**
**1.** blöðru, **3.** gangþófi, **4.** sumbl, **5.** styrkur, **7.** limlesta, **10.** stykki, **13.** struns, **15.** aflast, **16.** upphrópun, **19.** kind.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rifa, **6.** ól, **8.** lyf, **9.** les, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** út, **17.** krá, **18.** fræ, **20.** ís, **21.** faró.

**LÓÐRÉTT: 1.** bólu, **3.** il, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** lemstra, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** úff, **19.** ær.





SKÓLASETNING Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR HAUSTIÐ 2011

Grunnskólar Reykjavíkur verða settir mánudaginn 22. ágúst.

Nánari upplýsingar um hvenær nemendur í 2. - 10. bekk eiga að mæta og boðum 1. bekkinga eru á heimasíðum skólanna. Þar eru einnig frekari upplýsingar um upphaf almennrar kennslu og innkaupalistar. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Menntasviði Reykjavíkurborgar í síma 411 7000, 411 7007 og á www.menntasvid.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN




ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meiri Vísir.
vísir


# Rolusamfélagið

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Einu sinni var ég yngri og vitlausari en ég er í dag. Þegar ég horfi til baka hlæ ég yfirlætislega að bernskubrekunum, sem fólu meðal annars í sér að klifra upp á hótel til að komast inn á böll og skoða stelpur, drekka tekíla og haga mér eins og fífl á netinu í skjóli nafnleyndar. Nú, meira en áratug síðar, geng ég upp stiga til að skoða stelpur, læt tekíla vera (enda ginmaður) og kvitta undir skoðanir mínar með nafni.

**NETIÐ** og netnotkun hefur þróast hratt síðustu misseri. Þrátt fyrir það gera vefsíður og athugasemdakerfi þeirra ennþá nafnleysingjum kleift að tjá sig með áberandi hætti. Sumir nafnleysingjarnir láta sér nægja að skrifa athugasemdir við fréttir og gæta jafnvel hófs í orðavali. Aðrir reka heilu vefsíðurnar sem ganga út á að níða skóinn af nafngreindum einstaklingum og fara með lygar nógu oft í þeirri veiku von að lygin verði sannleikur. Nafnleysingjarnir segjast koma víða við og hvísla um flest það sem mannlegt er. Þeir skýla sér bak við það að eiga erfitt með að þegja um það sem þeim er sagt enda að eigin sögn gagnrýnir áhorfendur.

**ÞETTA** fólk, sem í heigulshætti sínum, notar tölvuskjáinn sem skjöld, tilheyrir samfélagi af aumkunarverðum rolum. Nafnleysingjar, sem láta gamminn geysa um menn og málefni á netinu, hafa ekki einu sinni kjark til að standa með eigin skoðunum. Hvað þá falla. Það er erfitt að vorkenna ekki þessu fólki, sem virðist lifa í stöðugum ótta við eigið sjálf og þorir eflaust ekki að klæða sig eins og það vill og haga sér eins og því sýnist. Nafnleysinginn tekur meira mark á öðrum en sjálfum sér. Glötuð tilvera.

**FÓLK** sem er ekki nógu hugað til að kvitta undir það sem það segir er undantekningin sem sannar regluna um tjáningarfrelsið. Þetta fólk ætti að halda kjafti, eða öllu heldur taka lyklaborðin úr sambandi, þangað til það hefur kjark til að koma til dyranna eins og það er klætt – ekki klætt eftir fyrirfram mótuðum hugmyndum annarra meðlima rolusamfélagsins.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Lokadagar

## Aðeins 2 dagar eftir



## allt að

**90% afsláttur**

**minnst 50%**

**Opið:**
**laugardag milli kl. 11 og 16**
**sunnudag milli kl. 13 og 17**

**vörur frá:**

Kaupfélagið
Kringlan - Smáralind

ecco
Kringlan - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

**ódýrastir í skóm**

# menning

menning@frettabladid.is

**! ÞÆR HULDA JÓNSDÓTTIR FIÐLULEIKARI OG JANE ADE SUTARJO PÍANÓLEIKARI** halda tónleika í Selinu á Stokkalæk klukkan fjögur í dag. Á efnisskránni verða verk fyrir fiðlu og píanó sem og einleiksfiðlu eftir Tsjaíkovskí, Ysaÿe og Saint-Saëns auk hinnar sjaldheyrðu fiðlusónötu nr. 2 eftir Carl Nielsen.

## Titterington í Hallgrímskirkju

David Titterington orgelleikari mun leika á tvennum tónleikum í Hallgrímskirkju um helgina. Í dag klukkan 12 og á morgun klukkan 17.



**DAVID TITTERINGTON** Einn helsti orgelleikari breta leikur í Hallgrímskirkju í dag.

Titterington er einn fremsti orgelleikari Bretlands og hefur haldið tónleika á stærstu alþjóðlegu orgelhátíðum heims. Á tónleikunum í dag leikur hann tónlist eftir Leyding, Alain og Rogg og á efnisskrá sunnudagsins eru verk eftir Elgar, Guilmant, Hollins og Eben. Tónleikar Titteringtons eru lokahnykkur Alþjóðlegs orgelsumars en hátíðin hefur laðað til sín yfir þrjú þúsund gesti í sumar. - rat

## Tónlistarhátíð á Kirkjubæjarklaustri

Árlega tónlistarhátíðin Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri verður haldin um helgina. Fyrri tónleikar hátíðarinnar hefjast klukkan 17 í dag. Flytjendur verða Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, messósópran, spænski gítarleikarinn Francisco Javier Jáuregui og lettneski píanóvirtúósinn Inese Klotina. Tónleikar sunnudagsins hefjast klukkan 15 og koma fram Garðar Thór Cortes tenór, Þóra Einarsdóttir sópran og Krystyna Cortes píanóleikari. Á efnisskránni er gítareinleikur eftir Houghton, sönglagaflokkur eftir Morales-Caso, sönglög eftir Hauk Tómasson, Strauss, Berg og Vaughan-Williams ásamt píanóeinleik eftir Medtner. Miðaverð á hátíðina er 3.500 kr. á staka tónleika en 6.000 kr. á báða tónleikana. Eldri borgarar fá afslátt af miðaverði.



**GARÐAR THOR** Kemur fram á tónlistarhátíðinni á Kirkjubæjarklaustri.



**ÞJÓÐLÖG** Þjóðlagasveitin The Icelandic Folk Ensemble, sem kemur fram í Norræna húsinu 26. ágúst, er skipuð þeim Hauki Gröndal, Birgi Baldurssyni, Ragnheiði Gröndal og Guðmundi Péturssyni, auk austurríska slagverksleikarans Claudio Spieler sem kemur fram á sínum fyrstu tónleikum á Íslandi. MYND/SVAVAR JÓNATANSSON

## Syngur íslensk þjóðlög á Jazzhátíð

**Söngkonan Ragnheiður Gröndal kemur fram á tveimur tónleikum á Jazzhátíð Reykjavíkur, sem eru nokkuð ólíkir í eðli sínu.**

„Ég ætla að fá mér passa á jazzhátíðina og reyna að sjá eins marga tónleika og ég get. Mér finnst til dæmis mjög spennandi að sjá atriði sem ég veit ekkert um fyrirfram. Þannig fæ ég innblástur,“ segir söngkonan Ragnheiður Gröndal, sem kemur fram á tvennum tónleikum á Jazzhátíð Reykjavíkur sem sett verður næsta laugardag, 20. ágúst, og stendur yfir til 3. september.

Á fyrri tónleikum Ragnheiðar, sem fara fram sunnudaginn 21. ágúst í Þjóðmenningarhúsi, syngur hún gullaldardjass ásamt Ylfingunum, djassveit sem Haukur bróðir hennar leiðir. „Ég hef sungið þessa tegund tónlistar síðan ég var sextán ára og hef alltaf jafn gaman af,“ segir Ragnheiður. „Þetta eru dægurlög frá tímabilinu í kringum 4. áratug síðustu aldar, standardar á borð við Sentimental Journey, Where or When og A Kiss to Build a Dream On. Ætli það megi ekki segja að „fílgúdd“-stemningin ráði ríkjum á þessum tónleikum.“

Síðari tónleikar Ragnheiðar á jazzhátíðinni verða föstudaginn 26. ágúst í Norræna húsinu. Þar flytur söngkonan íslensk þjóðlög í þeim margslungnu útsetningum sem hún hefur unnið að síðustu ár, eða frá upptökum plötunnar Þjóðlög árið 2006. Með Ragnheiði leikur þjóðlagasveitin The Icelandic Folk Ensemble, sem hefur að skipa nýjum meðlimi sem kemur fram á sínum fyrstu tónleikum á Íslandi á Jazzhátíðinni.

„Við kynntumst austurríska slagverksleikaranum Claudio Spieler á tónlistarhátíð í Þýskalandi og hann hefur unnið með okkur að undanförnu. Hann hefur rýnt í þjóðlagahefðir ýmissa landa, leikur á skrítin slagverkshljóðfæri og kemur með nýja vídd inn í tónlistina. Hann er alveg svakalegur,“ segir Ragnheiður og hlær.

Aðspurð segir söngkonan íslensku þjóðlögin passa vel inn í dagskrá Jazzhátíðarinnar, enda hafi lögin þróast mjög frá því sem var á plötunum. „Þessi tónlist fer í allar áttir. Þegar við flytjum lögin á tónleikum eru þau mjög spunakennd og helsta einkenni djassins er auðvitað spuninn. Þessir tvennir tónleikar sem ég kem fram á á hátíðinni eru þó gjörólíkir, eins og gefur að skilja,“ segir Ragnheiður.

kjartan@frettabladid.is

### OPNUNARTÓNLEIKAR JAZZHÁTÍÐAR

Opnunartónleikar Jazzhátíðar Reykjavíkur verða haldnir í Hörpu föstudagskvöldið 20. ágúst næstkomandi.



Fram koma Hljómsveit **Sunnu Gunnlaugsdóttur** píanóleikara, Ómar Guðjónsson gítarleikari, Frelsissveit Nýja Íslands og Big Band Samúels Jóns Samúelssonar. Frítt er fyrir almenning á tónleikana.

Alla dagskrá hátíðarinnar, sem stendur yfir til 3. september og inniheldur innlenda tónlistarmenn í bland við marga gesti frá Norðurlöndunum, Frakklandi, Bandaríkjunum og Austurríki, má finna á heimasíðunni reykjavikjazz.is.




Listmunauppboð

Næsta listmunauppboð verður 5. september

Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstig

Vefuppboð nr. 9

Lýkur 15. ágúst

Listaverk eftir marga af helstu listamönnum þjóðarinnar eru á uppboðinu.



Sæmundur Valdimarsson

LISTMUNASALA fold

Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–14, lokað á sunnudögum í sumar

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

uppbod.is

Skattfrádráttur

rannsóknar- og þróunarkostnaðar

Umsóknarfrestur til 1. september

Í samræmi við lög nr. 152/2009 með áorðnum breytingum er fyrirtækjum sem stunda rannsóknar- og þróunarstarf gefinn kostur á að sækja um skattfrádrátt af tekjuskatti í tengslum við slík verkefni. Fyrirtæki sem ekki greiða tekjuskatt fá samsvarandi endurgreiðslu.

Rannís leggur mat á hvort umsóknir uppfylli skilyrði laganna og tilkynnir viðkomandi fyrirtækjum um niðurstöðuna auk tilkynningar til Ríkisskattstjóra. Sótt er um á slóðinni **http://rannis.is/sjodir/skattivilnun/** „Rafræn skráning umsóknar“.

Á heimasíðu Rannís er handbók með leiðbeiningum og upplýsingum um umsóknarferlið, en þar má einnig finna fyrrgreind lög auk reglugerðar.
**Frekari upplýsingar veita starfsmenn Rannís í síma 515 5800.**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins og hefur umsjón með opinberum samkeppnissjóðum s.s. Rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun og gerir áhrif þeirra á þjóðarhag sýnileg. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Lengdu sumarið!



Vnr. 41624126-7
**Markísa**
Markísa, 2,5x2 m, dökkgrá eða dökkblá.
**19.435**




Vnr. 50657144
**Gasgrill 39.900**
STERLING gasgrill með tveimur brennurum, grillflötur 50x32 cm, efri grind 50x24 cm og hitamælir. Postulínshúðuð grillgr ind, neistakveikjari, hitadreifiplata og hliðarborð. 8,8 kW.




Vnr. 50657143
**Gasgrill 46.900**
STERLING gasgrill, grillflötur 56x38 cm með tvískiptum brennara, emeleruð grillgrind, neistakveikjari, hitamælir, efri grind og þrýstijafnari, 11,4 kW.



**11.900**

Vnr. 41624120
**Bistro**
RATTAN BISTRO sett, borð og tveir stólar. Litur: svart.

*Njóttu sumarsins lengur!*




Vnr. 50657149
**Gasgrill 99.900**
STERLING gasgrill með tvískiptum H-brennara, bakbrennara og hliðarhellu. Grillflötur 67x39 cm. Grillgrind er postulínshúðuð, innbyggður neistakveikjari, hitamælir, efri grind 60X25 cm og hitadreifiplata. Snúningsteinn, bakki fyrir áhöld og burstað stál í loki. 4 hjól, þrýstijafnari og slanga fylgir með. 20,3 kW.



Vnr. 41622113
**Garðstóll**
Álgarðstóll, stillanlegur, svartur.
**8.900**



**Acacia harðviður**

Vnr. 41616016
**Garðsett 34.900**
EDEN garðsett úr acacia harðviði, borð 160x90 cm, tveir bekkir 135x32 cm, ásamt sessum úr svörtu efni.



Vnr. 41622122-3
**Garðsett 64.900**
Garðsett úr áli, plasthúðuð viðaráferð, 6 stólar og borð 151x92 cm, viðhaldsfrítt.



65105754
**Hitablásari 3.990**
Hitablásari 2000W, 220V.



Vnr. 65105785-6
**Geislahitari 4.990**
Geislahitari á vegg eða borð, 1200/1500W.



Vnr. 65105787
**Geislahitari**
Geislahitari á fæti, 2000W.
**13.990**

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. EXPO · www.expo.is

# SPARAÐU MEÐ EURO SHOPPER SPARAÐU Í BÓNUS




VANILLU ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
498 KR. 8 STK.




VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 60 ML
398 KR. 12 STK.




VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
298 KR. 3 STK.

BÓNUS BÝÐUR BETUR




**30 DAGAR** liðu frá því að leikarinn George Clooney hætti með sjónvarpskonunni Elisabettu Canalis þangað til hann náði sér í nýja. Hann er núna fallinn fyrir leikkonunni Stacy Keibler.





**MUNSTRAÐ** Silkipeysa og buxur í stíl frá Idu Sjösted.

**PILS** Sítt litríkt pils frá Rodebjer. Það er greinilegt að skyggnin eru að koma aftur í tísku.

MYNDIR/KRISTIANLÖVEBORG

**RAUTT** Hárauð stuttbuxnadragt frá Whyred. Einföld og glæsileg.



**VÍÐ SNIÐ** Þægilegt og smart hjá Nhu Doung.

# Snyrtilegt hjá Svíunum

**Tískuvikunni í Stokkhólmi var að ljúka og greinilegt að Svíarnir ætla sér stóra hluti næsta sumar. Það er löngu orðin þekkt staðreynd í tískuheiminum að Svíar kunna að klæða sig og er velgengni sænskra fatamerkja á alþjóðavísu staðfesting á því. Sterkir litir á borð við appelsínugulan, gulan og bláan voru áberandi hjá Filippu K, Cheap Monday og Rodebjer. Hvítar einfaldar flíkur slógu í gegn hjá Nhu Doung og stuttbuxnadragtir frá Whyred.**

alfrun@frettabladid.is



**SAMFESTINGUR** Gegnsætt og hressandi hjá Idu Sjösted.



**EINFALDLEIKI** Hvítur leðurhlýrabolur við stuttar svartar buxur hjá Nhu Doung.


EMAMI LOKAR*

Rýmingarútsalan er hafin.
Allt á að seljast.

*Vefverslun okkar verður áfram opin á www.emami.is

Verslun EMAMI
Laugavegi 66
101 Rvk
www.emami.is

EMAMI


70 lítil hjörtu þurfa lækningu á hverju ári
ÞAÐ ÞARF STÓRT HJARTA TIL AÐ BJARGA ÞEIM LITLU
**Á allra vörum** safnar nú fyrir nýju barnahjarta-sónartæki, í samstarfi við **Neistann**. Vertu með og leggðu hjartveikum börnum lið með því að kaupa **Á allra vörum** gloss frá **Dior**! Sjá nánar á **www.aallravorum.is**.
HVAÐ ERT ÞÚ MEÐ STÓRT HJARTA?
Á ALLRA VÖRUM
Fíton/SÍA
EFTIRTALDIR STAÐIR SELJA Á ALLRA VÖRUM GLOSS
FRÍHÖFNIN Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
HAGKAUPSBÚÐIRNAR: Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum, Spönginni, Garðabæ, Akureyri, Borgarnesi og Njarðvík.
LYF OG HEILSA: Kringlunni, Háaleiti, Hafnarfirði, JL-húsinu, Nes apóteki, Glæsibæ, Hamraborg, Domus Keflavík, Glerártorgi og Hrísalundi, Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hellu, Hvolsvelli og Vestmannaeyjum.
SNYRTIVÖRUVERSLANIR: Hygea Kringlunni og Smáralind, Sigurboginn, Glæsibær, Ólöf snyrtistofa og Jara.
Dior
Hjartans þakkir:

# Hasselhoff og kærastan óaðskiljanleg

Standvörðurinn fyrrverandi David Hasselhoff og nýja kærasta hans, Hayley Roberts, eru óaðskiljanleg. Hasselhoff leikur í auglýsingu í London til að vera nær kærustunni en hún vinnur í snyrtivörudeildinni í Debenhans. 27 ára aldursmunur er á þeim. Þau kynntust í vor og eru ástfangin upp fyrir haus.



**ÁSTFANGINN HASSELHOFF** David Hasselhoff, hér ásamt samstarfsfélögum sínum Brandy og Piers Morgan, er ástfanginn upp fyrir haus af Hayley Roberts.

# Manaður af Moss

Fatahönnuðurinn John Galliano þakkar fyrirsætunni Kate Moss fyrir að hafa klæðst kjól úr hans hönnun á brúðkaupsdaginn. Galliano er þessa dagana að reyna að byggja upp feril sinn á ný eftir að hann var rekinn frá Dior-tískuhúsinu fyrir niðrandi ummæli á almannafæri í garð minnihlutahópa.

„Kate Moss er fagmanneskja og var ákveðin þegar hún hafði samband við mig. Hún manaði mig í að verða aftur hönnuðurinn John Galliano,“ segir hann í viðtali við ameríska Vogue.



**ÞAKKLÁTUR** John Galliano segir að Kate Moss hafi bjargað sér með því að klæðast hönnun hans á brúðkaupsdaginn. NORDICPHOTOS/GETTY




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 13. ágúst

**→ Tónleikar**



**15.00** Kvartett gítarleikarans **Ómars Guðjónssonar** spilar á djasstónleikaröð veitingastaðarins **Munnhörpunnar** í tónlistarhúsinu Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** **Jussanam** og **Ásgeir Ásgeirsson** leika brasilískan djass eftir Tom Jobim á **Café Haiti**. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** **Hjálmar** frumflytja nýtt efni á tónleikum á **Faktorý**. Aðgangseyrir er kr. 1.500. Miðaverð í forsölu á Faktorý er kr. 1.000.

**→ Opnanir**

**14.00** Málverkasýning **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur**, **Hvarvetna**, opnar í **Ketilhúsinu**, Akureyri. Allir velkomnir.

**14.00** Opnun á sýningu **Georgs Óskars Manúelssonar**, **Static**, í **Mjólkurbúðinni**, Akureyri. Sýningin stendur aðeins þessa helgi. Allir velkomnir.

**15.00** Samsýning **Höfuðverks**, **Bábilja og hindurvitni**, opnar í **Deiglunni** á Akureyri. Allir velkomnir.

**16.00** Raftónleikar með **Auxpan**, **Helgi Örn**, **Konrad Korabiewski** og **Litten** verða í **Skaftfelli**, Seyðisfirði. Á sama tíma opnar ný sýning á Vesturveggnum. Allir velkomnir.

**→ Tónlistarhátíð**

**13.00** **Pönk á Patró** verður haldið í **Sjóræningjahúsinu** á Patreksfirði í þriðja sinn. Dikta mun stjórna tónlistarsmiðju og halda tvenna tónleika í Eldsmiðju Sjóræningjahússins. Aðgangseyrir er kr. 1.500 fyrir 15 ára og eldri.

**→ Upplestur**

**16.00** Útgáfu ljóðabókarinnar **Hinum megin við sólsetrið** eftir **Svein Snorra** verður fagnað með ljóðalestri í **Sláturhúsinu**, Egilsstöðum. Allir velkomnir.

**→ Bókmenntir**

**20.00** **Bókatívólí** í umsjón rithöfundanna **Auðar Jónsdóttur** og **Þórarins Leifssonar** í **Verksmiðjunni** á Hjalteyri. Allir velkomnir.

**→ Bæjarhátíðir**

**10.00** **Bæjarhátíðin Ormsteiti** sem haldin er á **Egilsstöðum** og vítt og breytt um Fljótsdalshérað hefst í dag. Allir velkomnir.

### Sunnudagur 14. ágúst

**→ Tónleikar**

**16.00** **Kristján Karl Bragason** flytur **Sónötu nr. 3 í H-moll op. 58** eftir **Frédéric Chopin** í **Gljúfrasteini**. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**17.00** **Djasstríó Páls Sveinssonar** leikur perlur djasspíanistans Jans Johansson á **Hótel Örk**, Hveragerði. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Tónleikar til heiðurs **Oddgeiri Kristjánssyni**, alþýðutónskáldi frá Vestmannaeyjum, verða haldnir á **Merkigili**, Eyrarbakka. Aðgangur er ókeypis en tekið við frjálsum framlögum.

**→ Leiklist**

**17.00** Kaflar verða fluttir úr nýrri **leikgerð Óvinafagnaðar**, bók **Einars Kárasonar**. **Skúli Gautason** vann leikgerðina og leikstýrir. Sýningin fer fram í **Verksmiðjunni** á Hjalteyri. Aðgangur er ókeypis.

**→ Sýningarspjall**

**14.00** **Dagný Heiðdal** listfræðingur með leiðsögn um sýninguna **Kjarval - Úr fórum Jóns Þorsteinssonar og Eyrúnar Guðmundsdóttur** í **Listasafni Íslands**. Aðgangseyrir er kr. 800, eldri borgarar og öryrkjar greiða kr. 500 og ókeypis aðgangur er fyrir yngri en 18 ára.

**→ Listamannaspjall**

**15.00** Listamenn sem sýna verk í **Skaftfelli** á Seyðisfirði halda listamannaspjall. Listamennirnir eru **Barbara Amalie Skovmand Thomsen** frá Danmörku, **Julia Martin** frá Þýskalandi, **Nina Frgic** frá Króatíu og **Noële Ody** frá Þýskalandi. Allir velkomnir.

**→ Myndlist**

**12.00** Sýningunni **Hugvit** í **Hafnarborg** lýkur. Hún gefur gott innsýn í hugarheim hönnuðarins **Einars Þorsteins Ásgeirssonar**. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Leikur í kvikmynd

Breska söngkonan Cheryl Cole ætti að geta tekið gleði sína á ný eftir að hafa verið sagt upp hjá bandaríska X-Factor. Cole landaði á dögunum hlutverki í Hollywood-myndinni What to Expect When You're Expecting en þar á hún einmitt að leika dómara í hæfileikakeppni.

Tökur hefjast í næsta mánuði og getur Cole leitað ráða hjá Cameron Diaz og Jennifer Lopez sem einnig leika í myndinni.

Cheryl Cole dró sig í hlé eftir að henni var sagt upp sem hluta af dómarateyminu hjá bandaríska X-Factor. Hún virðist vera tilbúin að stíga aftur í sviðsljósið og sýna að hún eigi heima í dómarasætinu.



**TIL HOLLYWOOD** Cheryl Cole er komin úr felum eftir X-Factor niðurtúrinn og leikur í sinni fyrstu bíómynd. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýja platan góð eins og samloka

Hljómsveitin Coldplay sendir frá sér plötuna Mylo Xyloto í október. Platan er sú fimmta í röðinni og söngvarinn Chris Martin segir þá félaga hafa byrjað snemma á plötunni eftir hvatningu frá Brian Eno, sem vann með þeim síðustu plötu, Viva La Vida.

„Við vorum frekar ánægðir með okkur þegar við kláruðum Viva La Vida og fannst við hafa gert góða plötu," sagði hann. Brian Eno skrifaði svo hljómsveitinni bréf og sagði að þeir félagar gætu gert miklu betur.

Martin sagði hljómsveitina hafa lagt allt í Mylo Xyloto og bætti við að honum fyndist ávallt eins og hver plata sé sú síðasta sem hljómsveitin gerir.

Spurður hvort Coldplay taki upp plötur með aðdáendur sína í huga bar hann plöturnar saman við samlokur. „Við gerum ekki plötur fyrir okkur. Við erum ekki að þessu til að selja milljónir. Við erum ekki að þessu til að svara gagnrýnendum. Við erum að þessu svo að fólk geti gengið inn í búð og keypt plötuna okkar eins og góða samloku og sagt: „Þetta er gott". Það er eina sem skiptir máli."



**PLATA Á LEIÐINNI** Ný plata frá Coldplay er væntanleg í október.



**ÖRVÆNTINGAFUL** Vandræðagemlingurinn Lindsay Lohan beitir ýmsum brögðum til að minna á sig.

# Athyglissjúk Lohan

**Lindsay Lohan virðist vera orðin ansi örvæntingarfull í bið eftir athygli en hún kom ljósmyndurum á óvart þegar hún rölti um götur Los Angeles í gegnsæjum bol. Vel sást í gegnum bolinn hjá Lohan sem hafði ekki fyrir því að vera í neinu innanundir.**

**Myndirnar voru ekki lengi að birtast á netinu og fóru fjölmiðlar vestanhafs á flug. Flestir vilja meina að Lohan sé í athyglisleit enda sjóuð í skemmtanabransanum og veit vel að maður á ekki að klæðast gegnsæjum bol á almannafæri.**



**HJÁLPAR FREESOL** Nafn Justins Timberlake ætti að hjálpa sveitinni Freesol að koma sér á kortið.

# Timberlake leikstýrir

**Söngvarinn og leikarinn Justin Timberlake er stöðugt að bæta í ferilskrána en nú sest hann í leikstjórastólinn. Timberlake leikstýrði nýju myndbandi hipphoppgrúppunnar Freesol. Ekki bara sat hann fyrir aftan myndavélina heldur stökk hann einnig fram fyrir hana og í myndbandinu má sjá Timberlake dansa og syngja með sveitinni í viðlaginu.**

**Timberlake er mikill aðdáandi Freesol og hjálpaði liðsmönnum sveitarinnar meðal annars við að landa sínum allra fyrsta útgáfusamningi.**



# Sjónvarpsmiðstöðin

## AFMÆLISVIKA 40 ára

*Við erum í hátíðarskapi og höfum sett saman fullt af girnilegum afmælistilboðum frá okkar virtustu samstarfsaðilum.*

## TROÐFULL BÚÐ AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM




**FINLUX**

**Finlux 32FLX905U**
Gott 32" tæki með 2 USB og 2 HDMI tengjum.

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 84.990




**Panasonic**

**Panasonic TXP42CX3**
Flott 600Hz 42" Plasma sjónvarp frá Panasonic.

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**TOSHIBA**

**Toshiba 40LV833N**
40" LCD háskerpusjónvarp.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**TOSHIBA**

**Toshiba 40WL768N**
40" LED þrívíddarsjónvarp á áður óþekktu verði.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990

**Panasonic** Blu-ray Disc DVD VIDEO



**Panasonic DMPBD75**
Vandaður Blu-ray/DVD spilari á ótrúlegu tilboði. Nú er tækifærið til að skipta DVD spilaranum í Blu-ray spilara.

**TILBOÐ 19.990**
FULLT VERÐ kr. 44.990

**Panasonic**

**Panasonic DMCS1SI**
Vönduð myndavél með háskerpu hreyfimyndatöku.

**TILBOÐ 14.990**
FULLT VERÐ kr. 22.990




*Ótrúlega flott tæki hannað af Jakob Jensen.*

**Panasonic** Blu-ray Disc



**Panasonic SCBT230**
1000w 5 hátalara heimabíó með bassahátalara og Blu-ray spilara á ómótstæðilegu tilboði.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 89.990




## LOKADAGUR AFMÆLISTILBOÐA

*Alltaf gæði og góð kaup!*

# Sjónvarpsmiðstöðin

STOFNAÐ 1971

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# sport

sport@frettabladid.is



**SJÖ AF ELLEFU** silfurliðum sem hafa komist aftur í bikarúrslitin árið eftir, eins og KR-ingar í ár, hafa tapað bikarúrslitaleiknum annað árið í röð. Þar á meðal er KR-liðið frá 1990. ÍBV (1981), Fram (1985 og 1987) og ÍA (2000) eru einu liðin sem hefur tekist að breyta silfri í gull. Síðasta liðið til að vera í þessari stöðu á undan KR-ingum var Fjölnisliðið sem tapaði bikarúrslitaleikjunum 2007 (fyrir FH) og 2008 (fyrir KR).



**MEISTARAR** Javier Hernandez og Wayne Rooney fögnuðu oft og mikið með Man. United í fyrra. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin af stað:

## Margir spenntir

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildin fer aftur af stað í dag en fimm fyrstu leikir nýs tímabils hefjast klukkan tvö. Sjötti leikur dagsins er síðan í kvöld og tveir leikir fara síðan fram á morgun.

Lokaleikur fyrstu umferðarinnar er síðan viðureign Manchester City og Swansea á mánudag en leik Tottenham og Everton hefur verið frestað vegna óeirðanna í London.

Englandsmeistarar Manchester United og erkifjendur þeirra í Chelsea hefja leik á morgun en Liverpool og Arsenal spila bæði fyrstu leiki sína í dag. Tvö síðastnefndu liðin hafa breyst mikið frá því í fyrra, Liverpool hefur keypt marga leikmenn og Arsenal verður án þeirra Fabregas og Nasri sem eru við það að verða seldir.

- óój

### Leikir helgarinnar í enska:

**Laugardagur**

| | |
|---|---|
| Blackburn-Wolverhampton, Fulham-Aston Villa, Liverpool-Sunderland, QPR-Bolton og Wigan-Norwich | Kl. 14.00 |
| Newcastle-Arsenal | Kl. 16.30 |

**Sunnudagur**

| | |
|---|---|
| Stoke-Chelsea | Kl. 12.30 |
| West Brom-Man Utd | Kl. 15.00 |


pepsi deildin

**Mánudagurinn 15. ágúst**

| | |
|---|---|
| **Valur - Fylkir** Vodafonevöllurinn | kl. 19.15 |
| **Stjarnan - Fram** Stjörnuvöllur | kl. 19.15 |
| **Breiðablik - ÍBV** Kópavogsvöllur | kl. 19.15 |
| **Víkingur R. - FH** Víkingsvöllur | kl. 19.15 |
| **Keflavík - Grindavík** Nettóvöllurinn | kl. 19.15 |

**Fimmtudagurinn 18. ágúst**

| | |
|---|---|
| **Þór - KR** Þórsvöllur | kl. 19.15 |





# Tekst Þór að spilla gleðisumri KR?

**Nýliðar Þórs og Íslandsmeistaraefnin í KR mætast í úrslitum Valitor-bikars karla á Laugardalsvelli í dag. Þórsarar geta skráð nafn sitt á bikarinn í fyrsta sinn en KR-ingar eru öllu vanir þegar kemur að bikarnum.**



**BARIST UM BIKARINN** Það fór vel á með fyrirliðunum Þorsteini Ingasyni og Bjarna Guðjónssyni fyrr í vikunni. Aðeins annar þeirra verður með báðar hendur á bikarnum í leikslok í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** Þórsarar, nýliðarnir í Pepsi-deild karla, eru í fyrsta sinn í bikarúrslitum en liðið hefur slegið út Pepsi-deildarlið Víkings, Grindavíkur og ÍBV á leið sinni á þjóðarleikvanginn. Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs, segir mikla tilhlökkun hjá sínum mönnum.

„Það á að vera spenna og tilhlökkun að fara í svona leik og verður sjálfsagt sviðsskrekkur hjá mörgum leikmönnum Þórs en ég vona að þeir verði búnir að hrista það af sér þegar flautað verður á. Það er ekkert óeðlilegt þótt menn fái smá gæsahúð þegar farið er í svona leik,“ segir Páll Viðar.

Páll Viðar segir alla sína menn klára í slaginn. Það er að einhverju þeirri ákvörðun hans, að hvíla lykilmenn í leiknum gegn Stjörnunni síðastliðinn sunnudag, að þakka. Leikurinn tapaðist 5-1.

„Síðast þegar ég leit á töfluna voru fjögur lið fyrir neðan okkur í deildinni og eins erum við ekki að berjast um Íslandsmeistaratitil. Mér fannst ekki þess virði að fórna leikmönnum á hættusvæði sem gætu þá misst af þessum leik,“ segir Páll Viðar sem sér ekki eftir ákvörðuninni.

Undirbúningur Þórsara hefur verið hefðbundinn en liðið gisti á hóteli í Reykjavík í nótt.

### Eru með bikarmanninn í liðinu

Þórsarar hafa verið á ágætri siglingu síðari hluta móts eftir brösótta byrjun. Liðið lá meðal annars á KR-vellinum í fjórðu umferð 3-1 þar sem liðið var gagnrýnt fyrir sókndirfsku.

„Við fórum í þann leik eins og við höfðum verið að spila leikina á undan. Ætluðum að sækja eins mikið og kostur væri í stað þess að liggja til baka og láta skora á okkur. Eftir tuttugu mínútur var staðan orðin 2-0 þannig að þetta leit svo sem ekkert vel út. Við skoruðum mark og ég veit ekki hvort það hefði gerst ef við hefðum legið í vörn allan tímann. Það var hörkuleikur þar til um miðjan seinni hálfleikinn þegar við fáum á okkur þriðja markið,“ segir Páll Viðar.

Þorsteinn Ingason, fyrirliði Þórs, segir sína menn klára í slaginn.

„Við hræðumst ekki neitt. Við erum ýmsu vanir og það eru strákar innan liðsins sem eru búnir að spila stóra leiki hér og þar. Við erum með manninn sem er í bikarúrslitum á hverju ári þannig að ef einhver er stressaður þá róar hann þá bara niður,“ segir Þorsteinn og á þar við Gunnar Má Guðmundsson. Gunnar Már hefur spilað í bikarúrslitum þrjú af síðustu fjórum árum og var í sigurliði FH í fyrra.

KR-ingar eru öllu reyndari en Þórsarar þegar kemur að bikarkeppninni. Þeir hafa unnið bikarinn ellefu sinnum, síðast árið 2008 og léku síðast til úrslita í fyrra. Þá steinlá liðið 4-0 gegn FH.

### Leikurinn í fyrra gleymdur

„Ég er svo heppinn að ég man ekki eftir leiknum í fyrra. Hann er ekkert að trufla mig. Ég man aftur á móti eftir leiknum sem við unnum hérna 2008 og leiknum þegar ég var á Akranesi 1996. Þetta er eitthvað sem situr í minningunni. Ég er svo heppinn að gleyma leiðinlegu minningunum en það eru aðrar minningar sem við ætlum að eignast,“ segir Bjarni Guðjónsson fyrirliði KR.

Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, segist ekki hafa breytt neitt út af vananum í undirbúningnum fyrir úrslitaleikinn frekar en í fyrra.

„Við reynum að haga okkar undirbúningi alveg eins fyrir þennan leik. Við förum reyndar í keilu í gær [á miðvikudag] og brutum aðeins upp munstrið. Við höfum ekki haft marga daga til að gera eitthvað skemmtilegt saman.

> Það er mikið undir, mikil pressa og hvernig menn höndla það veit maður aldrei fyrr en á hólminn er komið.
>
> **RÚNAR KRISTINSSON** ÞJÁLFARI KR

Að öðru leyti æfum við eðlilega.“ Björn Jónsson og Magnús Már Lúðvíksson mynduðu sigurliðið í keilunni sem Rúnar segir hafa unnið á heppni en ekki getu.

Guðmundur Reynir Gunnarsson er í leikbanni hjá KR og Óskar Örn Hauksson er frá út tímabilið vegna meiðsla. Leikmennirnir hafa farið á kostum hjá KR í sumar.

„Við þurfum að skoða hvernig við stillum þessu upp. Vinstri vængurinn okkar er farinn og hann hefur verið mjög sterkur hjá okkur í sumar. Mikið af okkar spili hefur farið þar í gegn. Við sjáum til en það getur vel verið að við breytum einhverju,“ segir Rúnar sem varð bikarmeistari með KR árið 1994.

Rúnar segir að þrátt fyrir að einkenni Þórs hafi í gegnum árin verið mikil barátta megi ekki gleyma því að í liðinu séu góðir fótboltamenn. Þá hafi bikarleikir mörg andlit.

„Þó svo að lið nái forystu snemma leiks þá eru bikarleikir mjög fljótir að snúast í höndunum á mönnum. Það er mikið undir, mikil pressa og hvernig menn höndla það veit maður aldrei fyrr en á hólminn er komið.“

### Bestu stuðningsmenn landsins

Reikna má með mikilli stemningu í stúkunni í Laugardalnum á morgun. Harðasti kjarni stuðningsmanna liðanna, Miðjan hjá KR og Mjölnismenn hjá Þór, þykja fremstir meðal jafningja en það fékkst staðfest í uppgjöri á fyrri hluta Íslandsmótsins hjá KSÍ.

KR-ingar leika í appelsínugulum varabúningum sínum í dag en Þórsarar í sínum hefðbundnu rauðu og hvítu. Dómari leiksins er Skagamaðurinn Valgeir Valgeirsson. Leikurinn fer fram á Laugardalsvelli í dag og hefst klukkan 16.

kolbeinntd@365.is





Keppt í öllum helstu flokkunum

www.kvartmila.is

Skeljungur BJB Aukin þjónusta www.bjb.is Bílabúð Benna

Aðgangseyrir 1.000 kr.

*Frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.*

PIPAR\TBWA • SÍA • 112122

Hátíðahöldum Skagamanna frestað um sinn eftir tap fyrir BÍ/Bolungarvík í gær:

# Guðjón fyrstur til að leggja ÍA í sumar

**FÓTBOLTI** ÍA þarf að bíða minnst nokkra daga enn eftir því að tryggja sér sæti í efstu deild. Þeir áttu möguleika á því í gær en töpuðu þá óvænt fyrir BÍ/Bolungarvík á heimavelli, 2-1. Tomi Ameobi skoraði bæði mörk Djúpmanna og kom sigurmarkið sex mínútum fyrir leikslok.

Eftir kaflaskiptan fyrri hálfleik þar sem hvort lið skoraði sitt markið tóku gestirnir öll völd í þeim síðari. Sigurmarkið var því afar sanngjarnt.

En Skagamönnum dugði jafntefli og þeir fengu vítaspyrnu þremur mínútum fyrir leikslok. Mark Doninger lét þá Þórð Ingason verja frá sér og varð þá endanlega ljóst að þetta var einfaldlega ekki dagur Skagamanna.

„Þetta var afar svekkjandi,“ sagði Þórður Þórðarson, þjálfari ÍA. „Mér sýndist of margir leikmanna okkar hafi verið taugaóstyrkir. En það er samt ekki eins og heimurinn hafi verið að hrynja enda fyrsti tapleikur okkar í deild í rúmt ár. Við höldum bara áfram,“ bætti hann við.

